

lækningu þess sjúkdóms breyst mjög, enda greiða nú sjúkratryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67, 1971 dvöl drykkjusjúkra á viðurkenndum sjúkrastofnunum svo og dagpeninga. En gegn andmælum stefnda í máli þessu verður eigi á þann skilning stefnanda fallist, að túlka verði umræddan kjarasamning þannig, að stefnandi eigi rétt til veikindalauna vegna forfalla, er stafa af drykkjusýki, þó að það sé í samræmi við nýrri og breytt viðhorf og samkvæmt lögum um almannatryggingar. Og af lögum nr. 19, 1979, sem leystu af hólmi lög nr. 16, 1958, verður eigi ráðið, að um breytt viðhorf löggjafans sé að ræða í þessu efni að því er varðar veikindalaun launþega samkvæmt kjarasamningi.

Þykir krafa stefnanda í máli þessu um veikindalaun í forföllum vegna drykkjusýki hans því ekki eiga næga stöð í kjarasamningi aðilja eða lögum.

Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir eftir öllum atvikum, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.  
Hermann G. Jónsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Trésmiðjan Akur h.f., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Svavars Jóhannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 30. mars 1984.

Nr. 167/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Grétari Sigurði Árnasyni**

(Jón Oddsson hrl.)

Manndráp. Líkamsárás. Brot gegn 220. gr. alm. hegningarlaga.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 27. júlí 1983 og gert kröfu um þyngingu refsingar. Ágrip málgagna barst Hæstarétti 8. febrúar sl.

Ríkissaksóknari hefur lagt fyrir Hæstarétt ályktun Læknaráðs 12. janúar 1984, en hann hafði sent ráðinu málið með fyrirspurn um, hvort það féllist á niðurstöður Hannesar Péturssonar yfirlæknis um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða. Læknaráð svarar spurningu þessari játandi.

Ákærði réðst á Marie Luce Bahuaud og veitti henni stórfellda áverka með barefli. Ber að refsa ákærða fyrir árás þessa samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Þá skildi hann stúlkuna eftir stórslasaða og meðvitundarlaus á stað, þar sem lítil von var bjargar. Ber að refsa ákærða samkvæmt 1. mgr. 220. gr. hegningarlaga fyrir þetta atferli, en málið hefur verið flutt með tilliti til þessarar heimfærslu brotsins, sbr. 118. gr. laga nr. 74/1974, og telja má verknaðarlýsingu í ákæru nægilega glögga að því leyti.

Ákærði, sem dregur eigi í efa að Yvette Marie Bahuaud hafi orðið fyrir skoti úr haglabyssu hans, telur sig ekki hafa skotið á hana af ásetningi og giskar helst á, að skot, sem hlaupið hafi úr byssunni, meðan á atlögu hans að Marie Luce stóð, hafi hæft Yvette Marie. Frásögn ákærða um þetta þykir eigi fá staðist, þegar litið er til vættis Marie Luce og annarra málgagna. Eins og áverkum Yvette Marie var háttað, þykir mjög ólíklegt, að hún hafi, svo á sig komin, gengið frá skálanum niður á þjóðveginn. Ákærði kannast við, að hann hafi hleypt skoti úr hagsbyssunni á þjóðveginum, en heldur því fram, að hann hafi skotið upp í loftið. Eigi þykir mark verða tekið á þeirri skýringu ákærða, og verður að telja sannað, að Yvette Marie hafi þá orðið fyrir skoti úr byssu hans. Þegar höfð er í huga atlaga ákærða að systrunum, sem hann átti ekkert sökótt við, það, að hann skýrði stjórnanda olíuflutningabifreiðarinnar rangt frá því, hvað komið hefði fyrir Yvette Marie, og að hann setti hana síðan í farangursgeymslu bifreiðar sinnar, þar sem hún fannst síðan látin, verður að líta svo á, að ákærði hafi orðið henni að bana af ásetningi, þótt óljóst sé, hvað honum hefur gengið til verksins. Ber þannig að refsa ákærða fyrir brot gegn 211. gr. hegningarlaga.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og að öðru leyti með

skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, en refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í dómnum.

Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi, síðan héraðsdómur gekk. Ber að ákveða, að öll gæsluvarðhaldsvistin, 589 dagar, verði dregin frá refsingu hans.

Dæma ber ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun verjanda síns og saksóknarlaun í ríkissjóð, svo sem segir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, en gæsluvarðhaldsvist ákærða, sem dregin skal frá refsingu hans, er samtals 589 dagar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000.00 krónur.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. júní 1983.

Ár 1983, þriðjudaginn 28. júní, var á dómþingi sakadóms Austur-Skaftafellssýslu, sem háð var í Borgartúni 7, Reykjavík, af Gunnlaugi Briem, dómara samkvæmt umbodsskrá, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu 3/1983: Ákærvaldið gegn Grétari Sigurði Árnasyni, sem tekið var til dóms 22. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. apríl 1983, „fyrir sakadómi Austur-Skaftafellssýslu á hendur Grétari Sigurði Árnasyni, Hofi IV, Hofshreppi, Austur-Skaftafellssýslu, fæddum 10. janúar 1942 á Flateyri, fyrir stórfellda líkamsárás og manndráp.

Ákærða er gefið að sök að hafa, laust fyrir miðnætti aðfaranótt þriðjudagsins 17. ágúst 1982, vopnaður haglabyssu, veist að tveimur frönskum stúlkum, systrunum Marie Luce Bahuaud, fæddri 20. júní 1953 og Yvette Bahuaud, fæddri 19. maí 1961, í „sæluhúsi“ á Skeiðarársandi og utan þess, en í „sæluhúsið“, þar sem stúlkurnar sváfu einar, hafði ákærði ekið þeim í bifreið sinni fyrir um kvöldið.

a) Atlagan að Marie Luce Bahuaud: Að berja Marie Luce inni í „sæluhúsinu“ með byssuskefti haglabyssunnar eða öðru barefli nokkur högg í höfuðið svo að hún hlaut af heilamar ásamt magnleysi í vinstri hlið líkam-

ans, blæðingu á milli heilabasts og höfuðkúpu og opið innkýlt höfuðkúpu-brot. Marie Luce þurfti að gangast undir lækni-saðgerðir vegna áverkanna bæði hér á landi og í heimalandi sínu. Við atlögu ákærða missti Marie Luce meðvitund og í því ástandi skildi ákærði hana eftir í „sæluhúsinu“, sem stendur utan þjóðveggar um 14 km vestan þjónustumiðstöðvar í Skaftafelli.

b) Atlagan að Yvette Bahuaud: Að einhverju leyti í átökum við stúlkurnar inni í „sæluhúsinu“ en einkum eftir þau og þá utan „sæluhússins“ að hleypa úr haglabyssunni skotum, af nokkru færi, sem hæfðu Yvette þannig, að í aftanverðan líkama hennar, frá hvirfli og niður á hægri rasskinn, gengu alls 39 högl, og í aftanverðan háls, vinstra megin í hnacka og aftantil í hvirfil gengu 11 högl, auk þess sem eitt hagl gegn í gegnum vinstra gagnauga. Ennfremur að hafa með valdbeitingu gagnvart stúlkunni og röngum upplýsingum til ökumanns tankflutningabifreiðar, sem bar að skómmu síðar og ekið var austur þjóðveginn á Skeiðarársandi, aftrað því, að Yvette kæmist með þeirri bifreið og gæti leitað hjálpar. Ákærði kom stúlkunni eftir það fyrir í lokuðu farangursrými bifreiðar sinnar, Z-1540, Mercedes-Benz fólksbifreið, og ók áleiðis austur. Við athugun, sem ákærði gerði þegar hann ók yfir Skeiðarárbrú, taldi hann stúlkuna látna. Ákærði ók þá áfram og yfirgaf bifreiðina, með líkinu í, utan þjóðveggar við Neskvísl og bjó um sig í grjóturð þar skammt frá, neðarlega í hlíðum Hafrafells, vopnaður riffli og fyrrgreindri haglabyssu, hvoru tveggja hlöðnu skotum. Leitarflokkar fundu bifreiðina með líki stúlkunnar að morgni en ákærða ekki fyrr en að morgni miðvikudags 19. ágúst og var ákærði þá handtekinn mótþróaust.

Brot ákærða, sem í a) lið er lýst, telst varða við 2. mgr. 218. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, en brot ákærða, sem í b) lið er lýst, telst varða við 211. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í þjóðskrá er nafn ákærða Grétar Sigurður Árnason, en sjálfur skráir hann nafn sinn Grétar Sigurður Arnaz.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

1960 15/1 Ísafirði: Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun.

1963 24/4 Vestm.eyjum: Sátt, 1.200 kr. sekt fyrir brot á 3. gr., sbr. 17. gr., sbr. 33. gr. og 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga.

1963 9/11 Vestm.eyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1964 11/1 Vestm.eyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.

- 1964 3/3 Vestm.eyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1964 31/5 Vestm.eyjum: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1965 18/2 Vestm.eyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1965 15/12 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.
- 1971 15/10 Ísafirði: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 2 mánuði.
- 1973 14/5 Akureyri: Dómur: 20 daga varðhald fyrir brot á 1. mgr. 27. gr., 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 21/5 1973.
- 1978 6/1 Ísafirði: Dómur: 60.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 3/2 1978.

*Málavextir eru þessir:*

Aðfaranótt þriðjudagsins 17. ágúst 1982, kl. 00.30, hringdi Lára Valgerður Helgadóttir, landvörður í Þjóðgarðinum í Skaftafelli, til Ólafs Sigurðssonar, lögreglumanns í Þjóðgarðinum, til heimilis að Svínafelli í Örfæfum. Skýrði hún frá því, að þangað hefði komið maður og sagt frá því, að hann hefði komið að F.Í.B. (Félag íslenskra bifreiðaeigenda) bifreið á Skeiðarársandi rétt vestan við Skeiðarárbrú. Hjá ökumanni bifreiðarinnar hefði verið slösuð kona og hefði ökumaðurinn sagst hafa ekið á hana. Væri konan alveg ód og réði hann ekki við hana. Maðurinn kvað ökumanninn hafa beðið sig að sækja aðstoð. Lára Valgerður sagði lögreglumanninum, að sennilega væri betra, að hann kæmi við í þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli og fengi mann til aðstoðar.

Ólafur Sigurðsson lögreglumaður kveðst hafa lagt strax af stað. Kveðst vitnið hafa hitt framangreindan ökumann, sem beðið hefði í flutninga-bifreið á vegamótunum við Þjóðveginn. Hann hefði sagt sér, að slysið, sem hann kom að, hefði orðið á veginum rétt vestan við Skeiðarárbrú. Hefði hann lagt áherslu á við vitnið, að það fengi einhvern til aðstoðar.

Vitnið kveðst hafa ekið að þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli og tekið þar með tvo landverði til aðstoðar, þau Láru Valgerði Helgadóttur og Þorberg Hjaltu Jónsson. Síðan hefði það ekið vestur á Skeiðarársand vestur fyrir Gígjukvísl. Þau hefðu einskis orðið vör á þeirri leið og snúið við. Á vestur-leiðinni ók vitnið með rauðum blikkandi ljósum.

Vitnið kveðst hafa talið sig vita, hver verið hefði á umræddri bifreið, enda hefði verið talað um, að þetta væri F.Í.B. bifreið af gerðinni Mercedes Benz. Það hefði því farið að hugleiða, hvað hefði getað orðið af bifreiðinni

í bakaleiðinni, slökkt „blikkljósinn“, ekið rólega og beygt út í vegjaðrana til að reyna að lýsa út fyrir veginn.

Þegar vitnið var komið á móts við sæluhúsið á Skeiðarársandi, kveðst það hafa séð stúlkuna koma upp á veginn frá hægri. Rétt í því sá það í ljósgeislanum skilti, sem merkir veginn að sæluhúsinu.

Vitnið stöðvaði bifreiðina og hafði tal af stúlkunni. Stúlkun var mjög blóðug í andliti og með svefnpoka vafinn utan um sig. Stúlkun talaði ensku. Vitnið spurði stúlkuna, hvað hefði komið fyrir. Hún sagði, að vörður, sem væri í grænni Mercedes Benz bifreið með merki á þakinu, hefði barið sig og það vitnið um hjálp. Vitnið kveðst hafa spurt stúlkuna, hvort hún hefði ekki séð bifreið þess, þegar það ók vestur eftir. Hún sagði, að hún hefði séð bifreið fara vestur eftir með blikkandi ljósum, en ekki þorað að gefa sig fram, vegna þess að árásarmaðurinn hefði sagt, að hann væri yfirvald á staðnum og hún hefði haldið, að hann væri þar á ferð.

Stúlkun var tekin í bifreiðina og síðan ekið austur yfir í átt að þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli til að koma henni til læknis. Á leiðinni sagði stúlkun frá ferðum sínum. Hún sagði, að vestan við Höfn í Hornafirði hefði ökumaður á Mercedes Benz bifreiðinni tekið hana og systur hennar upp í bifreiðina. Hann hefði ekið þeim að sæluhúsinu á Skeiðarársandi og komið þangað um kl. 20.00. Hann hefði síðan farið á brott, en komið aftur um kl. 23.00. Hann hefði skipað þeim að koma út, þar sem hann ætlaði að fara með þær austur á Höfn, en þær hefðu neitað. Stúlkun sagðist ekki vita ástæðuna fyrir þessu og nefndi ekki, að maðurinn hefði borið á þær, að þær hefðu verið að reykja hass. Þá hefði maðurinn viljað binda þær og veist að henni og barið hana. Það hefði verið svolítið óljóst hjá stúlkunni, með hverju maðurinn hefði barið. Hún hefði talað um, að maðurinn hefði verið með byssu, en nefndi ekki, hvort hann hefði barið hana með byssunni eða einhverju öðru. Þegar maðurinn var að berja hana, hefði systir hennar hlaupið út úr sæluhúsinu. Maðurinn hefði farið á eftir henni og hún heyrt hróp og skothvelli. Eftir þetta hefði hún ekki vitað meir um það, sem gerðist. Talaði stúlkun um „shots“ og „screams“, þegar hún var að lýsa þessu. Lögreglumaðurinn kveðst hafa spurt hana, hvort hún hefði séð flutningabifreiðina, en hún hefði neitað því. Vitnið spurði stúlkuna ekki frekar. Það hefði talið ljóst, að þarna væri um meiriháttar mál að ræða. Þyrfti það sem fyrst að koma stúlkunni til læknis og ná síðan í aðstoð til að leita að systur hennar.

Vitnið kveðst hafa komið með stúlkuna í þjónustumiðstöðina kr. 01.50 og hefði Þorbergur Hjalti hlúð að henni, en það hefði hringt til lögreglunnar á Höfn, sem hafði samband við lækni. Læknirinn hefði ákveðið að stúlkun yrði flutt áleiðis til Hafnar í eiknabifreið, en hann kæmi á móti í sjúkrabifreið.

Lára Valgerður hringdi heim til ákærða Grétars Sigurðar að Hofi í Öraf-um um kl. 02.00 og fékk það svar, að hann hefði farið út á Skeiðarársand til að gera við bifreið og væri ókominn.

Vitnið kveðst hafa kallað menn út sér til aðstoðar og farið út á Skeiðarársand til leitar. Það hefði ekið upp að sæluhúsinu og séð ummerki eftir átök, en engan mann fundið. Vitnið lokaði síðan húsinu og lét allt óhreyft. Svipast var um í nágrenninu og hafi þrír menn, sem það fékk til aðstoðar, haldið því áfram, en það ekið til baka til að kalla út fleiri. Þá hefði það hitt lögreglumenn, sem komnir voru frá Höfn. Eftir það hefði það farið aftur að sæluhúsinu, var þá farið að birta. Ekkert fannst frekar nema gleraugu skammt fyrir utan dyr sæluhússins.

Lögreglumenn fóru heim til Grétars Sigurðar að Hofi um morguninn og töluðu við konu hans Unni Bjarnadóttur, og bróður hennar, Sigurjón Bjarnason, til þess að kanna, hvaða vopn Grétar Sigurður kynni að vera með. Fram kom, að saknað var riffils, cal. 22.

Eftir það var leit haldið áfram, og um kl. 08.50 fundu þeir lögreglumennirnir bifreiðina Z-1540 undir Hafrafelli utan við veginn í malarnámi rétt við Neskvísl. Þeir könnuðu bifreiðina, og fundu í farangursgeymslu látna stúlku, en ökumaðurinn fannst ekki. Þegar eftir að lík stúlkunnar fannst, fóru lögreglumennirnir í þjónustumiðstöðina og tilkynntu um atburðinn til sýslumannsembættisins á Höfn.

Bjarni M. Óskarsson, héraðslæknir á Kirkjubæjarklaustri, var kallaður á staðinn. Kom hann þangað kl. 10.30 og úrskurðaði stúlkuna látna.

Vegagerð ríkisins á sæluhúsið á Skeiðarársandi að sögn vitnisins, en húsið var byggt á sínum tíma af bændum í Svínafelli, sem höfðu beutiland á Skeiðarársandi. Húsið var haft ólæst, og munu ferðamenn hafa notað það eftir vild. Vitnið veit ekki, hver átti að fylgjast með húsinu, en ákærði hafði ekki verið beðinn um að líta eftir því. Vitnið kveður ákærða hafa alltaf verið mikið á ferðinni á bifreiðinni, en þó kveðst það telja, að heldur hafi verið meira um það, eftir að hann tók að sér vegapjónustu fyrir F.Í.B. um verslunarmannahelgina þetta ár. Vitnið kveðst sjálft ekki vita um, að ákærði hefði haft afskipti af lögreglumálum nema í eitt skipti, og var það að kvöldi til um verslunarmannahelgina áður. Vitnið var stótt ásamt öðrum lögreglumanni í þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli, er ákærði kom þangað. Sagði hann þeim, að hann hefði farið að skipbrotsmannaskýli á Breiðamerkursandi og séð þar fólk, sem hefði verið að reykja hass. Hann hefði sagt, að fjórir menn hefðu verið inni í skýlinu, allir í vímu, en fyrir utan hefðu þrír verið að elta lamb og reyna að króa það af við gröfu. Lögreglumennirnir fóru á staðinn, og í skýlinu hittu þeir tvo franska pílta. Hefði allt verið í lagi með þá og ekkert fundist, sem benti til þess, að fíkniefni hefðu verið höfð um hönd í skýlinu. Tjald hefði verið fyrir utan og allt

í ró og kyrrð, en þeir hafi ekki kannað tjaldið nánar. Engin grafa hafi verið sjáanleg og ekkert, sem renndi stöðum undir, að saga ákærða hefði við rök að styðjast.

Vitnið hefur auk þess heyrt, að ákærði hafi verið að elta mann á 130 km hraða, stöðvað hann og hótað að svipta hann ökuleyfi. Það hefði hins vegar ekki verið kvartað neitt til sin undan afskiptum ákærða af vegfarendum.

Vitnið kveðst vita til þess, að ákærði var mikið með byssur í bifreiðinni, og að hann skaut gæsir og rjúpur.

Vitnið Hreggviður Sverrisson lögreglumaður, Höfn í Hornafirði, kveður sér hafa verið tilkynnt um framangreindan atburð kl. 02.00 þessa nótt. Þegar vitnið hafði fengið tilkynninguna, fór það á vettvang og hóf rannsókn málsins. Hefur vitnið skýrt frá því, að kl. 04.20 hafi verið farið í sæluhúsið á Skeiðarársandi til að líta á vegsummerki. Utan dyra sást greinilegt tóarfur eftir skó, og virtist stefna þess vera í austur eins og eftir spyrnu. Voru blóðdropar á palli utan við dyrnar og á gólfi innan við þær. Þar lágu einnig tveir vírspottar um 40-60 cm langir með svartri einangrun. Til vinstri við dyrnar undir glugga voru tveir bakpokar, og lágu þeir á hliðinni. Við þá og undir þeim var mikill blóðpollur. Við vegginn vinstra megin að vestanverðu í húsinu voru kojur, og í neðri koju, sem er næst suðurgafli, var nokkuð stór blóðblettur og nokkrir minni. Einnig var blóð að finna á gluggasyllu og á gleri í glugganum á suðurhlið. Á borði fjærst dyrunum í norð-austur horni var gestabók og í hana skrifuð tvö nöfn og setning á frönsku, og var eitt orðið í setningunni „sheriff“. Dagsetningin við nöfnin var 16/8 '82. Þá segir, að stúlkan, sem flutt var austur á Höfn, heiti Marie Luce Bahuaud, en sú, sem saknað var, Yvette Marie Bahuaud. Sæluhúsið var yfirgefið, án þess að snert hefði verið við neinu og dyrum þess lokað með rennilöku. Til þess þurfti að nota skrúfjárn, þar sem handfang var brotið.

Kl. 08.50 voru lögreglumenn staddir við afleggjara, sem liggur að Hafrafelli við Svínafellsjökul. Fundu þeir þar bifreiðina Z-1540 utan við vegginn að austanverðu skammt frá rótum Hafrafells. Var bifreiðin mannlau um 150 metra frá veginum. Kallað var á björgunarsveitina og björgunarmenn látnir vita um bifreiðina. Var þetta gert, þar sem talið var, að ákærði Grétar Sigurður gæti verið þarna í grenndinni og væri vopnaður.

Var gengið að bifreiðinni úr þremur áttum. Sýnilegt var, að gegnið hafði verið fyrir aftan bifreiðina, því að þar var traðk. Einnig sáust skóför frá vinstri fram-hurð bifreiðarinnar upp á mel, sem hún stóð við.

Kveikjulyklar voru í kveikjulás bifreiðarinnar. Var farangursgeymsla bifreiðarinnar opnuð, þar sem traðkið benti til, að farið hefði verið í hana. Í farangursgeymslunni lá stúlka, og var hún látin.

Lá stúlkan á bakinu, og snéri höfuðið lítilsháttar fram á við. Voru augun brostin og líkaminn farinn að kólna. Út um munn stúlkunnar vall rauðleit froða.

Leit var hafin að ákærða, Grétari Sigurði Árnasyni, og rannsóknarlög-reglumenn kvaddir á staðinn frá Reykjavík. Ákærði fanns ekki hinn 17. ágúst. Var það ekki fyrir en að morgni hins 18. ágúst, sem hann fannst, svo sem á eftir verður rakið.

Vitnið Snorri Magnússon, Glitvangi 29, Hafnarfirði, kveðst hafa verið við leit að ákærða Grétari Sigurði ásamt tveimur öðrum mönnum í vestur hlíðum Hafrafells að morgni 18. ágúst 1982. Leitarmenn voru staddir neðarlega í fjallinu við leitina, og var vitnið í miðið. Vitnið varð þess vart í um 60 metra fjarlægð frá sér, að hróflað hafði verið við steinum, það gekk þangað og sá mann inni í skúta. Var þetta ákærði Grétar Sigurður. Ákærði lá hreyfingarlaus á hægri hlið og annað auga hans lokað, en hitt opið. Virtist vitninu ákærði vera látinn. Vitnið kveðst hafa gengið til hliðar og kallað á menn þá, er með því voru. Þeir komu og litu einnig inn í skútann, en þar var skuggsýnt. Þá hreyfði ákærði sig. Þeir ávörpuðu hann og spurðu hann m. a., hvort hann væri búinn að vera þarna lengi og hvort hann hefði farið beint á þennan stað. Ákærði svaraði fáu. Vitnið kom auga á riffil inni hjá ákærða og sá, að það gat náð honum. Vitnið kveðst hafa rétt inn höndina og tekið í skeftið á riffilinum, en þá brá ákærði við, tók í hlaupið og sagði: „Passaðu þig, hún er hlaðin,“ eða eitthvað í þá áttina. Hann var ekki að togast á við vitnið um byssuna, heldur óttaðist, að skot hlypi úr henni. Kveðst vitnið hafa tekið riffilinn út og tekið úr honum „magasínið“, en það opnaði síðan riffilinn og tók úr skotið sem var í hlaupinu. Þá leit það við og sá, að ákærði var að taka skot úr haglabyssu. Vitnið hafði ekki komið auga á þá byssu. Ákærði rétti því haglabyssuna óhlaðna, og sagði: „Ég ætlaði ekki að nota hana á ykkur strákar mínir, þetta var algert óviljaverk.“ Þegar þetta hafði gerst kölluðu þeir og létu vita, að búíð væri að finna ákærða og taka af honum vopnin. Síðan tóku þeir frá hellu, sem komið hafði verið fyrir opið á skútanum. Kom ákærði sjálfviljugur út og fylgdi þeim til sýslumanns, sem beið fyrir neðan. Ekki kveðst vitnið minnst þess, að ákærði hafi talað neitt við þá á leiðinni niður eftir. Hann var rólegur að sjá, en niðurdreginn. Bifreiðin Z-1540 var í um það bil 500 metra fjarlægð frá skútanum, þar sem ákærði fannst, að því er vitnið giskar á. Sást vel úr skútanum til bifreiðarinnar.

Vitnið Lára Valgerður Helgadóttir kveðst hafa verið landvörður í þjóðgarðinum í Skaftafelli sumarið 1982. Vitnið var við störf í þjónustumiðstöðinni um kl. 01.00 aðfaranótt 17. ágúst 1982, er það sá flutningabifreið ekið þangað á mikilli ferð. Ökumaður kom til vitnisins og hafði tal af því. Sagðist hann hafa ekið fram á F.Í.B. bifreið rétt vestan við Skeiðarárbrú.

Við bifreiðina hafi verið stúlka, sem var að reyna að forða sér. Hún hafi verið blóðug og miður sín og ökumaður F.Í.B. bifreiðarinnar ekkert ráðið við hana. Hann hefði séð ökumann F.Í.B. bifreiðarinnar vera að reyna að kalla í talstöð. Hefði ökumaðurinn beðið hann að skila til landvarðar í Skaftafelli að koma til aðstoðar.

Vitnið kveðst hafa spurt bifreiðastjórnann, hvort stúlkan væri með meðvitund og hvort hún væri mikið slösuð. Hann hefði sagt, að hún væri með meðvitund, en væri mikið blóðug. Hann héldi þó, að hún væri ekki mikið slösuð. Vitnið kveðst strax hafa hringt til Ólafs Sigurðssonar, lögreglumanns í Svínafelli, og látið hann vita af þessu. Hefði Ólafur komið strax á staðinn og vitnið og Þorbergur Hjalti Jónsson ekið með honum vestur á Skeiðarársand.

Framburður vitnisins er í samræmi við framburð Ólafs Sigurðssonar lögreglumanns um ferðina og er þau hittu stúlkuna á þjóðvegnum í nánd við sæluhúsið. Stúlkan skýrði þeim frá árásinni á sig og systur sína. Stóð hún í þeirri trú, að árásarmaðurinn væri lögreglumaður. Myrkur var og þungbúið umrætt sinn. Stúlkan gat ekki skýrt frá því nákvæmlega, hvar hún hefði verið, en nefndi einhvern skála. Gat ekki verið um annan skála að ræða en sæluhúsið eða gangnamannaskála á Skeiðarársandi, sem byggður var, áður en brýrnar komu þar. Vitnið kveður þau hafa svipast um eftir skálanum, en ekki fundið hann vegna myrkurs.

Vitnið kveður ákærða Grétar Sigurð hafa verið talsvert við þjónustumiðstöðina í Skaftafelli í viðgerðum þetta sumar. Vitninu virtist ákærði vera farinn að stunda eftirlitsstörf í nágrenni þjónustumiðstöðvarinnar, sérstaklega eftir að hann fékk F.Í.B. merki á bifreið sína um verslunarmannahelgina. Það kveðst muna eftir því, að hann hafi komið inn í íbúð hjá landvörðum um verslunarmannahelgina og hafi lögreglumenn verið staddir þar. Ákærði fór að segja þeim frá því, að hann hefði átt leið að skipbrotsmannaskýli við Lómagnúp og komið að fólki í skýlinu. Það hefði verið að reykja pípu og þarna verið einkennileg lykt. Hann taldi, að fólkið hefði verið með eiturlyf. Honum hefði verið boðið að reykja, en hann ekki viljað það. Ákærði var æstur út í það, að ferðafólki væri leyft að vera í skýlunum, og viljað, að lögreglan vísaði því á brott. Lögreglumennirnir hafi farið að kanna þessa ábendingu ákærða.

Þá segir vitnið, að ákærði hafi komið sunnudaginn 15. ágúst í þjónustumiðstöðina og það hafi afhent honum hjól á bifreið, sem hann átti geymt. Því hafi þá fundist hann eitthvað undarlegur og átt erfitt með að tala við hann. Hann hafi verið taugaveiklaður og flóttalegur. Ákærði hafði orð á því að fá sér eitthvað að drekka, þar sem hann hafi verið að skemmta sér í Klúbbnum í Reykjavík kvöldið áður.

Vitnið kveðst ekki hafa séð ákærða við þjónustumiðstöðina í Skaftafelli

að kvöldi 16. ágúst. Það hafi ekki heldur orðið vart við frönsk hjón, sem eiga að hafa verið þar á bílaðri Renault bifreið þetta kvöld. Vitnið hringdi til sambýliskonu ákærða um nóttina til að spyrjast fyrir um hann. Sagði hún þá, að hann hefði sagt sér, að hann ætlaði að fara um kvöldið að Skaftafelli og gera þar við bifreið. Vitnið telur öruggt, að starfsfólk í þjónustumiðstöðinni hefði orðið vart við frönsku hjónin, ef þau hefðu verið þar á bílaðri bifreið og haft þar viðstöðu eins lengi og ákærði segir. Væri um bilanir á bifreiðum að ræða, var leitað til starfsfólks í þjónustumiðstöðinni.

Þorbergur Hjalti Jónsson var landvörður í Skaftafelli á umræddum tíma. Vitnið var erlendis og náðist ekki fyrir dóm. Vitnið gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu, og er frásögn þess þar í samræmi við framburð þeirra Ólafs Sigurðssonar og Láru Valgerðar Helgadóttur um ferðina út á Skeiðarársand þessa nótt. Vitnið kveðst hafa setið hjá slösuðu stúlkunni í aftursæti bifreiðarinnar á leiðinni að Skaftafelli og hafi hún skýrt frá því, þegar ákærði réðist á hana og systur hennar í sæluhúsinu. Frásögn stúlkunnar var skýr og greinargóð. Stúlkan skýrði frá því, að ákærði hefði sagst vera yfirvald á þessu svæði og hefði hún álitnið, að því er virtist, að hann væri lögreglumaður.

Vitnið kvað stúlkuna hafa sagt, að ákærði hefði komið aftur í sæluhúsið um kl. 23.00 og viljað fá þær með sér til Hafnar. Þær hefðu ekki viljað fara. Hann hafi farið út og komið aftur inn með kort, sem átti að sýna, að hann væri yfirvald. Einnig kom hann með rafmagnsvíra og lét í ljós, að hann ætlaði að binda þær. Frásögn stúlkunnar var nokkuð á reiki um það, hvort hann hefði í þetta skipti eða síðar komið með byssu. Hann hefði ráðist að henni og þau lent í átökum, en systir hennar hlaupið út á meðan. Á stúlkunni hafi verið að skilja, að maðurinn hefði ætlað að binda hana með valdi, en hún ætlað að verjast því. Maðurinn hefði barið hana alla, ekki bara í höfuðið. Ekki kveðst vitnið geta áttað sig á, hvort hún hafi talað um, að maðurinn hefði barið hana með byssunni eða notað annað barefli. Hún hefði misst meðvitund, en er hún rankaði við sér, heyrði hún óp í systur sinni og skothvell, en síðan hafi verið þögn. Þegar hún var að segja frá skothvellingum, hafi verið hik á henni, eins og hún væri ekki alveg viss. Vitninu fannst stúlkan vera trúverðug í frásögn sinni og ótrúlega róleg miðað við það, sem hafði gerst.

Í skýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins um vettvangsrannsókn í sæluhúsinu á Skeiðarársandi og í nánd við það hinn 17. ágúst 1978 segir svo:

„Kl. 15.05 hófst vettvangsrannsókn í og við sæluhúsið á Skeiðarársandi. Það er norðan þjóðvegans og liggur vegarslóði að því. Fjarlægð frá þjóðvegnum mældist 300 m. Við þjóðveginn er stutt spýta og á hana fest þver-

spýta ydduð í þann enda, sem vísar á sæluhúsið. Engin önnur merking var við þjóðveginum er vísar leið að sæluhúsinu.

Sæluhúsið er járnklæddur timburskúr 5,5 m × 3,2 m að flatarmáli og snýr annar endinn að þjóðveginum. Á þeim enda eru dyr við hornið til hægri og opnast þær inn og til hægri upp að veggnum. Vinstra megin við dyrnar er gluggi. Framan við dyrnar er dyrapallur úr tré. Hæð frá jarðvegi utan við dyrnar upp á móts við gólfið í sæluhúsinu er 30 cm, en svo hallar jarðvegi talsvert frá sæluhúsinu. Gluggi er á suðurhlið sæluhússins en gler í honum hefur brotnað og hefur verið negld fyrir gluggann að utanverðu báruplastsplata.

Séð úr dyrum eru húsmunir sem hér segir: Inn með veggnum til vinstri er röð af trékojum, þrjár á lengd og þjár á hæð alls níu. Í þeim öllum eru dýnur. Á móts við miðjan vegginn til hægri er trébekkur og framan við hann tréborð og framan við það annar trébekkur. Á borðinu er gestabók, sem í er skrifaður texti á frönsku og nöfn frönsku stúlkanna með dagsetningunni 16.8.'82. Innst í horninu til hægri er tréborð. Á því er kaffikanna, prímus, drykkjarilát og undirskál. Ekki var að sjá að neitt af þessu hafi verið notað nýlega. Prímusinn var ónothæfur og enginn olía á honum. Annað var rykugt og óhreint og bar þess merki að hafa ekki verið notað síðustu daga. Innst við vegginn við hliðina á borðinu var sópur. Undir borðinu var járnfata. Í henni var eggjaskurn, leifar af osti, samanbrotnar bréþurrkur, álpappír samankrumpaður, glær plastbakki, fjórir sígarettustubbar með filter teg. Winston lights, nokkrar brunnar eldspýtur og sígarettuaska.

Gestabókin og innihald fötunnar var tekið í vörslu RLR. Þar var af tæknideildinni gerð prófun fyrir kannabisefnum á innihaldi fötunnar og var hún neikvæð.

Á gólfinu undir glugganum til vinstri séð frá dyrum eru tveir bakpokar og grá hliðartaska úr taui. Í bakpokunum er viðleguútbúnaður. Allt er þetta talsvert blóðugt. Á gólfinu innan við dyrnar eru þrjár spottar af plasteinangruðum rafmagnsvír. Innar á gólfinu framan við fremri bekkinn er græn regnkápa og er blóð á henni. Undir rúmstokk á fremstu koju við vegginn er plastpoki og er hann talsvert blóðugur að utan.

Á gólfinu inn af dyrunum eru blóðdropar á við og dreif á svæði frá dyrum og til vinstri að bakpokum og yfir þá og kringum þá. Stór blóðblettur er á gólfinu við bakpokana nær rúmstokk. Þar voru storknaðar blóðlifrar. Á veggnum undir glugganum er talsvert blóðkám á og undir gluggasillunni. Þar neðan við á veggnum er allstór blóðblettur og hefur leikið blóð úr honum niður eftir veggnum. Á dýnunni í neðstu kojunni næst dyrum er talsvert blóðkám á við og dreif og á tveimur stöðum hafði sjáanlega blætt talsvert niður í dýnuna. Blóðkám var einnig á rúmstokkunum.

Þá voru og blóðdropar á veggnum til vinstri bak við dýnuna. Virtist þar fremur vera um slettur að ræða frá höggi, en spýting frá slagæð. Blóðdropar voru á þröskuldi og dyrapalli, en ekki var hægt að rekja blóðslóð lengra.

Gerð var ítarleg leit í sæluhúsinu með tilliti til þess hvort þar væri eitt-hvað finnanlegt sem benti til, að þar hefði farið fram neysla á kannabisefnum, en ekkert var finnanlegt sem benti til þess.

Á bak við sæluhúsið er annar skúr. Hann er af svipaðri stærð og sæluhúsið að flatarmáli, en nokkru lægri. Út frá framhlið hans er hlaðinn grjótgardur sem liggur í sveig frá suðvesturhorni og að norðausturhorni. Við norðausturhorn skúrsins er símastaur en ekkert símataeki er í sæluhúsinu. Í skúrnum er margs konar rusl og ekkert sérstakt að sjá, nema á hurðinni. Í hana hafði brotnað úr einni fjölinni í hurðinni við skotið. Brot þetta var tekið í vörslu RLR til nánar skoðunar, en í því sátu föst nokkur högl. Ummál haglahrinunnar í hurðinni mældist 27 cm × 20 cm á breidd og hæð. Skotstefnan var könnuð með því að athuga stefnu hagla sem farið höfðu í gegn. Þá kom í ljós að stefnan var í átt að hjólförum, sem voru vestan við sæluhúsið.

Þá var skoðað umhverfi sæluhússins. Í ljós kom að hjólför voru við vesturhlið sæluhússins. Þau voru með grófu mynstri sem kom heim við mynstur á hjólbörðum bifreiðarinnar Z-1540. Milli hjólfaranna 5,30 m frá hlið sæluhússins var blettur sem lyktaði af olíu.

Við austurhlið sæluhússins fundust á litlu svæði alls 23 tóm skothylki 22 cal. long rifle. Svo virtist sem þessum skotum hefði ekki verið skotið fyrir mörgum dögum, þar sem skothylkin voru mjög nýleg að sjá.

Leitað var í kringum svæðið að ummerkjum svo sem fótsporum, blóði, skothylkjum, forhlaði eða bikurum. Ekkert blóð var finnanlegt utandyra, nema á dyrapalli sem áður sagði, en þar var það útrunnið og hafði greinilega ringt eftir að blóðið kom þar. Engin skothylki úr haglabyssu fundust og ekki heldur bikar eða forhlað. Fótspor (skóför) fundust hins vegar á tveimur stöðum. Mynstur í þeim kom heim við mynstur sem fannst við bifreiðina. Þessi fótspor (skóför) voru í beinni línu frá sæluhúsinu niður á þjóðveg en þó talsvert austar en vegurinn sem liggur að sæluhúsinu. Í 51 m fjarlægð frá sæluhúsinu voru greinanleg þrjú spor sem lágu frá því og í 112 m fjarlægð voru önnur þrjú spor sem lágu að sæluhúsinu. Sérstaklega var vandlega leitað á svæðinu eins og sást frá dyrum sæluhússins í átt niður að þjóðveginum.

Þá var leitað á þjóðveginum neðan við sæluhúsið og í kringum hann. Í 500 m fjarlægð austan við vegarslóðann að sæluhúsinu fannst á þjóðveginum eitt tómt skothylki rautt að lit stærð ga. 12 3ja tommu magnum teg-

und Federal, haglastærð 2. Það hafði sjáanlega orðið fyrir nokkru hnjaski á veginum, ekkert annað var finnanlegt þar í kring.

Fjarlægðir sem mældar voru eru eftirfarandi:

Frá sæluhúsinu niður á þjóðveg 300 m.

Á þjóðveginum frá vegar slóðanum að sæluhúsinu og austur að þeim stað þar sem tóma haglaskothylkið var 500 m.

Frá þeim stað sem tóma haglaskothylkið var og eftir þjóðveginum og afleggjaranum heim að þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli samtals 13.700 m.“

Samkvæmt mælingum Vegagerðar ríkisins á korti er vegalengdin frá Hofi í Örafum, heimili ákærða, að sæluhúsinu á Skeiðarársandi 33.260 m.

Vitnið Þorsteinn Jóhannsson, oddviti í Hofshreppi, til heimilis að Svínafelli, kveður Vegagerð ríkisins eiga sæluhúsið á Skeiðarársandi, en áfast hús er eign Austur-Skaftafellssýslu. Bændur í Hofshreppi notuðu húsin við smalamennsku, áður en brýrnar komu á Skeiðarársand. Ferðamenn hafa eitthvað notað sæluhúsið, en lítið eftir 1974, að brýrnar komu, og hefur það verið talið sjálfsgagt. Heimamenn hafa annast eftirlit með sæluhúsinu. Vitnið kveður það aldrei hafa verið nefnt við ákærða, Grétar Sigurð Árnason, að hafa eftirlit með sæluhúsinu. Vissi vitnið ekki til fyrir atburðinn aðfaranótt 17. ágúst 1982, að hann hefði farið þangað með ferðamenn. Vitnið telur, að gestabókin í sæluhúsinu hafi verið útveguð frá Skaftafelli, en síðan eru slíkar bækur láttnar ganga á sýslubókasafnið.

Þá segir svo í skýrslu rannsóknarlögreglu, sem gerð var um athugun á bifreiðinni Z-1540 og í nánd við hana 17. ágúst sl.

„Bifreiðin var staðsett um 150 m austan vegar sem liggur frá þjóðveginum að grjótnámi undir Hafrafelli. Bifreiðin (sic) hafði samkvæmt hjólför-unum verið ekið til hægri út af veginum eftir mel og áraurum að farvegi Neskvíslar, sem fellur úr Svínafellsjökli.

Bifreiðin er Mercedes Benz 300 Diesel fólksbifreið árgerð 1976 græn að lit og ber skráningarmérkin Z-1540. Samkvæmt skoðunarvottorði er bifreiðin skráð á þessi númer þann 19.5.1982.

Á þaki bifreiðarinnar yfir framhurðum eru festir svokallaðir „skið-bogar“. Á bogana er fest skilti sem á stendur „FIB VEGAÞJÓNUSTA. 4“. Beggja megin við þetta skilti eru litlar fánastengur, sem á eru fánar F.I.B. Þá er á bogunum fest talstöðvarloftneti.

Athuguð voru fótspor við bifreiðina og voru sjáanleg spor við vinstri framhurð, þar sem nokkuð hafði verið troðið, þannig að spor voru ekki greinileg, en þó mátti merkja að skór höfðu verið með grófu mynstri. Þá voru merkjanleg för rétt við afturenda bifreiðarinnar, en ekki var þar hægt að greina neitt mynstur. Þá voru sjáanleg fótspor framan við bifreiðina

til vinstri og lágu þau í átt til fjalls. Í þessum sporum var sams konar mynstur og í sporunum við vinstri framhurðina.

Utan á bifreiðinni sáu eftirtalin ummerki. Á hægri frambretti aftan við hjól og neðan við lista voru nokkrir blóðblettir. Á hægri framhurð ofan við lista frá spegli og aftur og í kringum hurðarhandfang eru nokkrir smáir blóðblettir. Á hægri afturhurð aftan til er talsvert af blóðslettum á rúðu niður yfir hurðarhandfang og niður hurðina og niður yfir fremsta hluta afturbrettis. Á bilinu milli afturhurðar og afturrúðu var nokkuð af blóðblettum sem náðu einnig inn á afturrúðuna. Var nokkuð af blóðblettum sem náðu einnig inn á afturhurðina. Á hægri afturbretti og í kringum lok á eldsneytisáfyllingu og þaðan aftur eftir brettinu bæði ofan og neðan lista eru á við og dreif blóðslettur. Ofan á farangursgeymsluloki hægri megin eru nokkrir blóðdropar. Veður var þurr þegar bifreiðin var skoðuð, en sjáanlega hafði rignt eftir að blóðið kom á bifreiðina þar sem alls staðar hafði það runnið út að nokkru. Þá var bifreiðin talsvert aurug, sérstaklega neðan til og að aftan. Afstrokur voru á nokkrum stöðum. Þannig voru afstrokur á tveimur stöðum á hægri afturhurð, líklega eftir fatnað. Á hægri afturbretti nokkru aftan við áfyllingarop eldsneytis voru fjórar afstrokur samhliða, gætu verið eftir fingur. Aftan á farangursgeymsluloki voru svipaðar afstrokur, er gætu verið eftir fingur. Þá hafði aur strokist af á nokkru svæði á afturstuðara fyrir miðju og einnig hafði aur strokist af að nokkru á báðum afturljóskerum, þó meira hægri megin.

Farangursgeymslulok var opnað en það er gert með því að ýta á læsingarhnapp sem er neðan við mitt lokið og var hann ólæstur. Kom þá í ljós lík af stúlku. Það lá á bakinu með höfuðið við vinstri hjólskál en fætur að hægri afturbretti. Hægri handleggur niður með síðunni og boginn um olnbogann og hendi upp á brjóstið. Vinstri handleggur nokkuð út frá síðunni, boginn um olnbogann og hendi upp á móts við höfuð. Höfuðið hallaði nokkuð út á vinstri hlið. Báðir fætur nokkuð bognir um hnén og sá hægri nokkru meira og hölluðu til hægri. Að ofan var líkið klætt í bláan bol og lopapeysu. Að neðan í sokkabuxum og síðbuxum með teygju í strenginn og á fótum í sokkum og gúmmístígvélum. Föt líksins voru talsvert blóðug sérstaklega á peysu ofan til og á baki og á buxum frá lærum og niður á skálmur. Höfuð líksins var mikið blóðugt, bæði í andliti og hári niður á háls. Úr munni hafði runnið blóðfroða. Báðar hendur voru kámuugar af blóði. Stirðnun í útlimum var byrjuð. Við lauslega skoðun á staðnum voru sjáanleg á baki nokkur skotsár, sem bentu til að um haglaskot gæti verið að ræða. Líkið var tekið upp úr farangursgeymslunni og flutt til Fagurhólsmýrar og þaðan með flugvél til Reykjavíkur, þar sem réttarkrúfning fer fram.

Undir líkinu var græn þunn regnúlpa. Hún var mikið blóðug bæði að

utan og innanverðu. Á efri hluta hennar voru fjölmörg göt, sem gætu verið eftir haglaskot. Lega úlpunnar var þannig að svo virtist sem gæti verið að hún hefði verið breidd þar undir og var hún undir efri hluta líksins og snéri hettan á úlpunni að höfði.

Þá var í farangursrýminu mikið af verkfærum af ýmsum gerðum og einnig varahlutum. Nokkuð af þessu var undir úlpunni. Blóð var sjáanlegt á sumu af þessu dóti og þar af meðal á haus af slaghamri, en hausinn á honum var undir úlpunni og gæti blóðið á honum mjög líklega hafa komið úr hinni látnu. Framar í farangursrýminu voru auk þessa hlífðarföt og undir regnstakk, sem þar var, voru pappa- og bréfumbúðir, sem gætu verið utan af fjórum áfengisflöskum. Þetta var ómerkt.

Ekki var sjáanlegt neitt blóð neðan á loki farangursgeymslunnar. Smávegis af blóði á einum stad innan á gaffli farangursgeymslunnar. Það gæti hafa komið þar, þegar stúlkan var sett upp í farangursgeymsluna. Ekki var hægt að finna nein óyggjandi merki þess að stúlkan hefði hreyfst eftir að hún kom í farangursgeymsluna, nema á hægri afturbrettinu. Þar voru sjáanleg rykug för sem virtust vera eftir stígvél stúlkunnar. Stígvél á vinstri fæti nam við brettið og í kringum það voru þessi för. Hugsanlegt er að stígvélið hafi getað gert þessi för vegna hreyfinga bifreiðarinnar á ósléttum vegi og er því ekki hægt að fullyrða að förin hafi komið vegna eigin hreyfinga stúlkunnar.

Við athugun á farangursgeymslulokinu kom í ljós, að þegar það hafði verið opnað rúmlega hálf leið, þá lyftist það sjálfkrafa í efstu stöðu og hélst þannig. Hélt það alveg opið og eru engar líkur til að það geti vegna hreyfinga frá bifreiðinni slegist alveg niður, en hugsanlega getur það hafa slegist eitthvað til í þessari stöðu. Þegar lokið var opnað tæplega hálf leið og sleppt þar, þá féll það niður og læstist. Hins vegar var hægt að leggja lokið niður án þess að það læstist og hélst það þannig af eigin þunga. Ekki virðast neinar líkur til að lokið geti slegist til í neðstu stöðu vegna þess, að það læsist ef það slæst niður, þar sem lamir eru þannig gerðar að þunginn á lokinu eykst eftir því sem staða þess færir neðar. Það hins vegar léttist eftir því sem ofar dregur og sem áður sagði slæst það sjálfkrafa upp í efstu stöðu, þegar því hefur verið lyft rúmlega hálf leið.

Í vinstra framsæti bifreiðarinnar var smávegis af finum sandi. Á hnúð á girstöng var blóðkám svo og var blóðkám á blárrí skjalamöppu, sem var á milli framsætanna við girstöngina. Í hægri framsæti var átekinn sigarettupakki, teg. Winston. Innan á vinstri framhurð í hólfu sem þar er, var eitt tómt skothylki cal. 222 teg. Sako. Í aftursæti var ljósbrún kuldauþpa. Aftantil undir hægri framsæti var tappi af áfengisflösku.

Í bifreiðinni var talstöð af gerðinni Benco 40 rása nr. 15328. Stöðin var stillt á rás 6. Við athugun reyndist hún virk.

Swisslyklar stóðu í swisslásnum. Olíumælir sýndi tæplega hálfan tank. Olía lak af bifreiðinni, og var sjáanlegt að dropi og dropi lak niður frá olíutank.

Ökuljósker voru sprungin og hafði verið límt glært límband yfir þau bæði svo og tvö auka ljósker, sem eru innan við aðalljósker beggja vegna.“

Hinn 18. ágúst kl. 22.50 mældu rannsóknarlögreglumenn birtuskilyrði á Skeiðarársandi. Segir svo í skýrslu um það, dags. sama dag:

„Mælingin var gerð á veginum heim að þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli frá Þjóðveginum.

Loft var alskýjað, nema í vestri, þar sem aðeins grísjaði í heiðan himin.

Mælinguna gerðum við þannig að við mældum fjarlægð milli okkar og kom í ljós, að þegar fjarlægðin var orðin 100 m þá sáum við alls ekki hvor annan. Þegar fjarlægðin var 50 m sáust útlínur manns ógreinilega.

Dimming (svo) gekk allhratt yfir þannig að kl. 22.30 var talsvert farið að rökkva, en þó hægt að greina mann í allmikilli fjarlægð. Kl. 23.00 mátti heita að komið væri alveg myrkur.“

Hinn 3. nóvember sl. fór fram athugun hjá rannsóknarlögreglu á útsýni úr bifreiðinni Z-1540 og hvort hægt væri að sjá 300 m út frá henni, þegar myrkur er komið. Þá voru einnig gerðar athuganir varðandi farangursgeymslulokið á bifreiðinni. Segir á þessa leið í skýrslu rannsóknarlögreglu um athuganir þessar:

„Athugunin fór fram á Keflavíkurvegi í Kúagerði á móts við Vatnsleysustrandarveg. Mældir höfðu verið 300 m frá Keflavíkurvegi inn á Vatnsleysustrandarveg. Þar var komið fyrir rauðri Toyota fólksbifreið.

Aðstæður voru valdar með tilliti til þess að þær væru líkar og verið munu hafa á Skeiðarársandi við sæluhúsið um kl. 23.00 að kvöldi þess 16. sl.

Komið var myrkur, loft skýjað, rigningarsuddi og strekkingsvindur úr suðri. Möl og sandur út frá aksturleið Z-1540 og gróður lítill, endurkast ljósa því lítið frá umhverfinu.

Bifreiðinni Z-1540 var ekið fram hjá gatnamótunum með háu ljósin á og einnig aukaljósin. Í ljós kom að útilokað var að sjá hina bifreiðina, enda ekkert nálægt því að ökuljósin frá Z-1540 lýstu út frá henni. Endurtekin prófun gaf sömu niðurstöðu. Prófað var að beygja inn á Vatnsleysustrandarveg og lýsa í átt að hinni bifreiðinni frá gatnamótunum. Við þær aðstæður sást mjög ógreinilega til hinnar bifreiðarinnar.

Óhreinindi voru hinsuð af ljóskerum Z-1540 fyrir prófunina. Svo sem áður er fram komið voru ljóskerin framan á bifreiðinni með sprungum og hafði verið límt glært límband yfir þau, þannig að ljóskerin voru alveg hulin límbandinu. Bæði hái og lági ljósgeisli voru í lagi, en ekki kviknaði á nema öðru aukaljósinu. Aukaljósið framan á bifreiðinni virkaði þannig að þegar kveikt er á því jafnframt háa ljósgeislanum, þá eykst ljósmagnið

næst bifreiðinni og út í báða vegkanta, en mjög takmarkað út fyrir veginn.

Þá var gerð athugun með farangursgeymslulokið. Hún fór fram á Krisuvíkurvegi, þar sem hann er malarborinn. Lokið var opnað og síðan lagt niður þannig að það læstist ekki. Síðan var ekið smá spöl og kom þá í ljós að það læstist af titringnum, en alls ekki var um það að ræða að það slægist nokkuð til. Endurtekin prófun gaf sömu niðurstöðu. Þá var lokið sett í efstu stöðu og ekið með það þannig á móti strekkingsvindi allt að 80 km/klst. Kom þá í ljós að lokið blakti til en þó aldrei það mikið að það félli alveg niður.

Þá var gerð athugun á olíuleka bifreiðarinnar. Í ljós kom að diselolía lekur af bifreiðinni með leiðslu frá oliutank. Sett var ilát undir lekann og síðan mælt það magn sem lekið hafði eftir 14½ klst. Hafði þá lekið af bifreiðinni 0,33 l. Mælingu var haldið áfram og mælt aftur eftir 25 klst. og kom í ljós að í allt hafði þá lekið af bifreiðinni 0,64 l. Mælingin fór fram á tímabilinu frá kl. 20.00 þann 3.11. til kl. 11.30 þann 5.11.1982.“

Þá var sama dag athugað með þéttleika í farangursgeymslu bifreiðarinnar Z-1540 með tilliti til niðurstöðu í krufningarskýrslu. Segir svo í skýrslu rannsóknarlögreglunnar um athugun þessa:

„Í M-Benz umboðinu var upplýst, að ekki væru neinar upplýsingar þar að fá um hver þéttleiki væri á farangursgeymslu slíkra bifreiða og ekki vitað til að framleiðendur hefðu gefið út tölur þar um. Heildarrými í farangursgeymslu er um 500 l.

Við skoðun á bifreiðinni kom í ljós að þéttikantur undir lokinu var talsvert sprunginn, en þó ekki svo að sjáanlegt væri að ryk kæmist þar inn. Engin göt voru finnanleg á farangursgeymslunni. Í framhluta hennar er oliutanknum komið fyrir þversum og milli hans og aftursætis er þil.

Óhætt þykir að fullyrða að farangursgeymslan geti ekki verið fyllilega loftþétt en loftskipti í henni þegar lokið er aftur hljóta að vera afar lítil.

Hjá Vinnueftirliti ríkisins var mér tjáð, að þar væri ekki til neinn útbúnður til að gera mælingar í þessi efni.

Sama var mér tjáð í Heilbrigðiseftirliti ríkisins, en þar var bent á að í öðrum löndum væru þekkt dauðsföll varðandi innilokun í farangursgeymslu, t.d. varðandi flóttu milli landa svo sem milli Austur- og Vestur-Þýskalands.“

Um athugun á byssum og skotfærum þeim, er ákærði Grétar Sigurður hafði meðferðis, þegar hann var handtekinn, segir svo í skýrslu rannsóknarlögreglu, dagsettri 20.8.1982:

„1. Riffill, teg. BRNO, stærð cal. 22 long rifle, no. 64653. Á honum er sjónauki af gerðinni BUSHNELL 3X-7X 22. Riffilinum fylgir 5 skota magasin og axlaról. Á skefti riffilsins er rispað beggja megin. Á hægri hlið er eftirfarandi: „Þær voru með hss og þegar ég sagði þeim að koma með

á stöðina þá ræðust þær á mig ég veit ég gerði vitleisu þess vegna því þið hefðuð aldrei trúað mér.“ Á vinstri hlið er eftirfarandi: „Ég elska Unni og börnin.“

2. Haglabýssa, teg. Harrington & Richardson Topper model 88, stærð 12 ga, 3“ Full. Patent nr. 3988848, serilal nr. AU31615. Hlauplengd 77 cm. Þarna er um að ræða vel með farna haglabýssu nr. 12 og gerða fyrir að þola sterkustu gerð af skotum. Einskota og borun hlaups með fullri þrengingu, sem hefur þann tilgang að byssan verði langdrægari.

Ofan á henni við hlið hamarsins er opnarinn. Þegar tómt skothylki er í hlaupinu og byssan er opnuð þeytir útdragarinn skothylkinu um 3 m beint aftur úr þegar byssunni er haldið í mittishæð. Þegar byssan hefur verið opnuð og skothylki sett í er hún spennt með því að draga hamarinn aftur. Til að hleypa af þarf fremur mikið átak á gikkinn. Miðað við aðrar byssur af líkum gerðum er átak á gikkinn fremur í þyngra lagi. Við athugun kemur í ljós að þegar hamarinn er dreginn aftur rennur járnfjöldur (svo) upp fyrir aftan pinnann. Þegar tekið er í gikkinn og honum haldið aftur þá hleypur hamarinn fram og slær á fjöðrina sem síðan gefur höggid á pinnann sem hrekkur fram og slær á hvellhettuna í skotinu þannig að skotið ríður af. Sé gikknun hins vegar ekki haldið alveg aftur þá fellur fjöðrin niður og efri brún hamarsins lendir ofan við pinnann, þannig að ekki kemur högg á hann og skot hleypur ekki af. Mun þarna vera um aukið öryggi að ræða, þannig að sé byssan spennt þá hleypur skot ekki af nema gikknun sé haldið alveg aftur.

Þegar hamarinn hefur verið spenntur þá er bilið milli gikkisins og gikkbjargarinnar fyrir aftan 4 mm. Gikkbjörgin er úr hörðu plasti og er breidd hennar 16 mm en breidd gikkisins 7 mm. Ytri brúnir gikkbjargarinnar eru því 4,5 mm utan við ytri brúnir gikkisins.

Aftan við skefti haglabýssunnar er skrúfuð plata úr hörðu efni (fiber). Brúnir hennar eru allhvassar. Gerð var prófun á haglabýssunni og einnig rifflinum fyrir blóði, en hún gaf neikvæða svörun.

Báðar byssurnar voru hlaðnar, þegar komið var að hinum grunaða. Þá var hann einnig með í vösum talsvert magn af skothylkjum og við talningu reyndust þær vera um að ræða riffilskot long rifle samtals 343 stk. og haglastot 12 ga. tegund Federal 3 inch. super magnum haglastærð 2 alls 19 stk.“

Samkvæmt leyfishafa- og skotvopnaskrá sýslumannsembættisins í Austur-Skaftafellssýslu er Hannes Guðlaugsson bóndi, Svínafelli í Örnefnum, skráður eigandi og leyfishafi haglabýssunnar, en Gunnar Páll Bjarnason, Hofi í sömu sveit, riffilsins.

Í skýrslu rannsóknarlögreglu, dags. 2. mars 1983 segir svo:

„Þ. 11.02.1983 voru sendar á vegum RLR, 3 haglabýssur til Iðntækni- stofnunar Íslands og óskað mælinga á þeim átakspunga sem þyrfti á byssu-

gikkinn, til að hleypa af byssunum. Ein byssan var haglabysa Grétars Sigurðar Arnaz, sem hann hafði meðferðis, er hann var handtekinn þ. 18.08.1982. Hinar tvær haglabyssurnar voru teknar af handahófi úr vopnageymslu RLR, en það var gert til að samanburður fengist á fyrrgreindum mælingum. Jafnframt var óskað eftir því, að mælingar þessar væru miðaðar við þann stað á byssugikkjunum, sem fingur hvíldi eðlilega á, er hleypt væri af byssunum á venjulegan hátt.

Haglabyssur þessar voru sendar Iðntæknistofnun merktar A, B og C og eru niðurstöður mælinganna merktar á sama hátt, en merkingarnar vísa til eftirtalinnna byssa:

- A — Einhleypt haglabysa af gerðinni ZABALA.  
Framleiðsluland: Spánn.
- B — Einhleypt haglabysa af gerðinni Harrington & Richardson..  
Framleiðsluland: Bandaríkin.  
(Haglabysa Grétars Sigurðar Arnaz).
- C — Einhleypt haglabysa af gerðinni „AYA“ mod. Cosmos.  
Framleiðsluland: Spánn.“

Um framangreindar mælingar segir í skýrslu Iðntæknistofnunar Íslands, dags. 18.2.1983:

„Gerðar voru átaksmælingar á byssugikkjum. 15 mælingar voru gerðar fyrir hverja byssu.

Niðurstöður:

	Átak (kg)	staðalfrávik (kg)
Byssa A	4.18	0.146
Byssa B	3.30	0.079
Byssa C	2.30	0.119.“

Í fagbókum skotmanna „Small Arms Lexicon and concise Encyclopedia“, sem fylgdi framangreindum gögnum segir, að meðatal æskilegs átaks á byssugikk rifla og haglabysa sé frá 3 til 6 pund.

Rannsóknarlögregla ríkisins kannaði skotdragi (svo) og hagladreifingu haglabysu þeirrar, sem ákærði hafði meðferðis, þegar hann var handtekinn. Segir svo í skýrslu Grétars Sæmundssonar rannsóknarlögreglumanns, dags. 8.9.1982, um athugun þessa:

„Könnun þessi var gerð af undirrituðum ásamt Haraldi Árnasyni, rannsóknarlögreglumanni í tæknideild og Sverri Scheving Thorsteinssyni, jarðfræðingi, Einimel 14, Reykjavík, en hann er félagi í Skotveiðifélaginu og einnig Skotfélagi Reykjavíkur.

Könnunin var gerð á skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur. Við prófun á haglabyssunni voru skothylki þau, sem kærði hafði meðferðis er hann var handtekinn, þ.e. Federal 12 ga., 3 inch. super magnum, haglastærð 2.

Miðað var við að finna líka dreifingu og var í líki hinnar látnu, til að kanna á hve löngu færi hefði verið skotið.

Notað var kartonpappi og hörplata. Fyrst var skotið á 10 m færi. Síðan var skotið á 30 m, 36,6 m, 40 m, 45 m og 50 m. Ljósmyndir voru teknar af spjöldunum og settur mælikvarði inn á myndirnar til viðmiðunar.

Miðað við prófun þessa og samanburð á skotdreifingu á likinu má fullyrða að stúlkann hafi verið meira en 30 m frá byssunni, þegar hún varð fyrir skotinu og innan við 45 m. Líklegasta fjarlægð 36,6 m til 40 m.

Þá kom fram, að plastbikarinn úr skotunum féll til jarðar um 5 m frá byssunni, þegar skotið var úr henni frá axlarhæð. Bikar þessi mælist 1,2 gr. að þyngd. Hann er 300 mm á hæð og 18 mm í þvermál. Fjórar rifur er ofan í hann 18 mm að lengd. Fjöldi hagla í þessari gerð skota reynist við talningu 164 stk.

Að mati allra þeirra sem þátt tóku í prófun þessari var ekki talið hættandi á að reyna að skjóta úr byssunni með þeim hætti að halda á byssunni svo sem hinn kærði sýndi við sviðsetninguna. Þar sem hann hélt á byssunni í hægri hendi og sneri skeftið fram, en hlauðið aftur ofan á framréttum vinstri framhandlegg. Hélt hann um skeftið með þumalfingur ofan á skeftinu aftan við hamarinn en hina fjóra fingurna undir skeftið aftan við fingurbjörgina. Þar sem bakslag byssunnar er það mikið þegar þessum skotum er skotið, eru miklar líkur til að sá sem reynir að halda þannig á byssunni þegar skot hleypur af missi takið, alla vega er afar ólíklegt að hann sleppi við að skaða sig verulega á fingrum.“

Þeir Grétar Sæmundsson, Haraldur Árnason og Sverrir Scheving Thorsteinsson jarðfræðingur, hafa mætt í dómi og staðfest framangreinda skýrslu.

Vitnið Sverrir Scheving Thorsteinsson, jarðfræðingur, sem er félagi í Skotveiðifélagi Íslands, kveðst hafa aðstoðað rannsóknarlögregluna við prófun á haglabyssu þeirri, sem ákærði, Grétar Sigurður Árnason, hafði meðferðis, er hann var handtekinn 18. ágúst 1982. Vitnið staðfesti, að það sé rétt, sem fram kemur í skýrslunni, um prófun á haglabyssunni. Vitnið kveður mega fullyrða, að miðað við prófun þá, sem fram fór á byssunni, og skotdreifingu á líki stúlkunnar hafi hún verið meira en 30 m frá byssunni, þegar hún varð fyrir skotinu, og innan við 45 m. Líklegasta fjarlægðin hafi verið 36.6-40 m.

Vitnið sá myndir af því, hvernig ákærði segir, að hann hafi haldið á byssunni, þegar skot hljóp úr henni, en nánari lýsing á þessu er í skýrslu Grétars Sæmundassonar rannsóknarlögreglumanns.

Vitnið kveður haglabyssuna hafa gefið mikið högg, þegar skotið var úr henni. Hafi ekki verið hættandi á að skjóta úr henni, ef haldið var á henni á sama hátt og ákærði lýsir. Það séu miklar líkur á því, að sá, sem heldur

á byssu, eins og ákærði segist hafa gert, þegar skotið fór úr byssunni, hefði getað slasast á hendi, sérstaklega á fingrum.

Vitnið var spurt um merkingu orðsins skotdragi. Vitnið telur að rétta orðið hefði verið langdrægni, þ. e. hvað skotið fer langa leið, svo að hætta stafi af.

Vitnið Sigurjón Arnar Bjarnason bóndi, Hofi IV, Hofshreppi, bróðir Unnar Bjarnadóttur, kveður hafa verið heima hjá því á Hofi 2 haglabyssur og 1 riffil. Önnur haglabyssan var rússnesk, og átti Stefán bróðir þess hana. Hin byssan var amerísk, og átti hana Ingi Hilmarsson, sem býr í Kópavogi, en hefur verið mikið sumarmaður á Hofi. Ingi hafði keypt byssuna af Hannesi Guðlaugssyni, Svinafelli, en hafði ekki aldur til að mega eiga byssur, og var byssan á nafni Hannesar. Vitnið heldur, að Gunnar Páll bróðir þess hafi átt riffilinn. Ákærði Grétar Sigurður notaði byssurnar við veiðar og var aldrei rætt við hann um notkun þeirra að vitnið veit. Byssurnar voru geymdar uppi á hillu í anddyrinu á Hofi IV, en stundum í kjallara eða vélargeymslu. Ákærði tók byssurnar stundum með, er hann fór eitthvað á bifreiðinni Z-1540. Geymdi hann þær í farangursgeymslu bifreiðarinnar eða í aftursæti. Vitnið sá aldrei, að ákærði geymdi byssurnar milli framsæta. Vitnið kveðst engin samskipti hafa haft við ákærða 16. ágúst 1982.

Bjarni Sigjónsson, bóndi á Hofi IV í Öräfum, faðir Unnar Bjarnadóttur, telur, að á heimilinu hafi verið til 2 haglabyssur og einn riffill, en ekki vissi hann, hverjir voru skráðir eigendur þeirra. Hann kvað skotvopnin hafa verið geymd uppi á hillu, þar sem börn náðu ekki til þeirra, en skotin annars staðar.

Bjarni taldi, að ákærði hefði verið mikið með byssur þessar og oft farið og skotið gæsir til matar fyrir heimilið. Aldrei var rætt við hann um heimildir til notkunar á byssunum að sögn Bjarna.

Í vottorði Vedurstofu Íslands, dags 10. september 1982, um veður á Fagurhólsmýri og Kirkjubæjarklaustri 16.-17. ágúst 1982 segir svo:

„Dags.	Tími	Vindátt og veður- hæð	Mest veðurhæð milli athugana	Veður	Skyggni	Hiti
<i>Fagurhólsmýri</i>						
16.08	18	A 4	4	Úrkoma í grennd	50	9.2
16.08	21	VNV 3	4	Skúr	50	8.6
16.08	24	ANA 3	3	Skýjað	50	6.6
17.08	09	ANA 5	5	Léttskýjað	50	10.5

„Dags.	Tími	Vindátt og veður- hæð	Mest veðurhæð milli athugana	Veður	Skyggni	Hiti
17.08	12	ANA 5	5	Skýjað	50	11.6
17.08	18	VNV 3	5	Úrkoma á síðustu klukkustundum	50	10.0
<i>Kirkjubæjarklaustur</i>						
16.08	18	SV 1	2	Skúrir á síðustu klukkustund	50	9.2
16.08	21	ANA 1	—	Skýjað	25	8.7
16.08	24	A 1	—	Skúr	15	7.8
17.08	03	ANA 1	—	Skúr	7	7.1
17.08	06	ANA 1	—	Skúrir á síðustu klukkustund	20	7.4
17.08	09	ANA 2	2	Skúrir á síðustu 3 klukkustundum	70	8.7
17.08	12	ANA 2	—	Léttskýjað	70	11.8
17.08	15	ANA 2	—	Skýjað	70	11.8
17.08	18	Breytil átt 1	2	Skýjað	Meira en 75	11.2.“

Vitnið Guðjón Ingimundarson bifreiðastjóri, Hnappavöllum, kveðst þekkja ákærða, Grétar Sigurð Arnason. Vitnið er bifreiðastjóri á vöruflutningabíl, sem er í eigu Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, og hefur séð ákærða á bifreiðinni Z-1540.

Mánudaginn 16. ágúst 1982 var vitnið stutt á Höfn í Hornafirði og sá ákærða þar á bifreiðinni kl. 15.00. Vitnið fór frá Höfn um kl 17.30 áleiðis vestur í Örafí. Þegar það var komið fram hjá vegamótunum austur á land, sá það á veginum tvær stúlkur, sem klæddar voru þunnum regnfatnaði, þær veifuðu til þess og virtust vera að reyna að fá far vestureftir. Vitnið stöðvaði ekki.

Þegar vitnið var komið næstum að Flatey á Mýrum, kom ákærði á eftir því á töluvert mikilli ferð og ók fram úr. Þegar ákærði fór fram úr tók vitnið eftir því, að tveir farþegar voru í bifreiðinni hjá honum. Síndist því það vera stúlkurnar, sem voru að leita eftir fari, en þetta geti það ekki fullrytt um.

Þegar vitnið var stutt á milli Hrollaugsstaða og Hala, mætti það ákærða aftur, og síndist hann þá vera með sömu farþegana. Kveðst vitnið hafa

haldið ferð sinni áfram og ekki numið staðar fyrir en á Fagurhólsmýri, en þar dvaldist það tæpa eina klukkustund og fór á brott um kl. 20.00. Síðan hélt það áfram og ók að Hofi með smá viðkomu á tveimur bæjum. Það kveðst hafa verið komið að Hofi um kl. 20.45 og séð, að ákærði var kominn heim á bifreiðinni.

Vitnið kveðst nokkrum sinnum hafa rætt við ákærða, en ekki átt nein samskipti við hann. Það varð ekki vart við neitt óeðlilegt í fari hans, en þó fannst því hegðun hans ekki alveg eðlileg, eftir að hann hafði tekið að sér vegabjónustu hjá F.Í.B. um verslunarmannahelgina. Var hann þá að aka út og suður án þess að svo virtist, að hann væri að sinna verkefnum, sem hann hefði verið kallaður til.

Vitnið Rúnar Garðarson bóndi, Hofi, Hofshreppi, kveðst hafa unnið á bifreiðaverkstæði hjá ákærða Grétari Sigurði í febrúar og mars 1982, en síðan aftur í júlímánuði það ár fram að þeim tíma, er framangreindur atburður átti sér stað.

Kveðst vitnið lítil samskipti hafa átt við ákærða að öðru leyti. Ákærði var mjög laus við á verkstæðinu að sögn vitnisins og mikið í ferðalögum. Hann var oft einn einhvers staðar úti að aka um kvöld, fram á nætur og jafnvel morgun. Ekki kveðst vitnið vita, hvað hann var að gera, en ákærði gaf þá skýringu, að hann hefði verið að gera við bifreiðar. Ekki spurði vitnið hann nánar út í þetta, en segja megi, að ákærði hafi lítið unnið sjálfur á verkstæðinu.

Um verslunarmannahelgina tók hann að sér vegabjónustu á vegum F.Í.B. Þá fékk hann tvær talstöðvar sendar í pósti og setti aðra í bifreiðina Z-1540. Ekki kveðst vitnið vita neitt um ráðningu ákærða hjá F.Í.B. og ekki vita, hvort hann hafi fengið mikla vinnu út á þetta, en hann hafi talað um, að hringt væri í sig til viðgerðarbjónustu og þá aðallega frá Skaftafelli.

Vikuna áður en framangreindur atburður gerðist fór ákærði til Reykjavíkur, sennilega á miðvikudegi. Hann kom aftur á laugardag milli kl. 18.00 og 19.00.

Þegar ákærði fór til Reykjavíkur, kveðst vitnið hafa tekið eftir, að hann var með ríffil og haglaskot í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Einnig sá það haglaskot. Ákærði var að taka dót úr farangursgeymslunni, er vitnið sá þetta. Vitnið hafði orð á því við hann, að hann væri með byssur. Ákærði svaraði því til, að hann væri alltaf með þær. Vitnið vissi, að ákærði var oft með byssur í bifreiðinni, sérstaklega vorið 1982, og sá þær milli framsetanna, en það veit ekki, hvort svo var að staðaldri. Vitnið veit ekki tilganginn með þessu, en það vissi til þess, að ákærði hafði skotið gæsir, og einnig heyrði það ákærða tala um það einu sinni, að hann hefði verið að eiga við mink.

Þegar ákærði kom frá Reykjavík laugardaginn 14. ágúst, kom hann með

þrjár áfengisflöskur, sem hann hafði keypt fyrir vitnið. Ákærði hafði orð á því, að hann væri með að auki tvær flöskur af whisky og tvær af brennivíni. Ekki kveðst vitnið vita, hvort hann keypti þær fyrir sjálfan sig eða einhvern annan.

Þegar ákærði fór til Reykjavíkur, var hann eitthvað daufur að sögn vitninsins, en ekki veit það ástæðuna fyrir því. Þegar hann kom aftur laugardaginn 14. ágúst, var hann miklu hressari. Kveðst vitnið ekki hafa getað merkt á ákærða, að neitt sukk hefði verið á honum.

Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við hjá ákærða, að hann hefði meiri áhuga á lögreglumálum en gengur og gerist. Það hafi ekki heyrt hann segja frá eigin reynslu af eitur- eða fíkniefnum. Hins vegar hafi það heyrt á honum að hann væri neikvæður út í neyslu slíkra efna.

Vitnið vissi, að ákærði fór til Hafnar í Hornafirði mánudaginn 16. ágúst. Um kl. 19.00 um kvöldið sá það, að hann ók um veginn fyrir neðan Hof í vesturátt. Eftir það sá það ekki til ferða ákærða.

Vitnið Jóhann Þorsteinsson veghefilsstjóri, Svínafelli, Örfæfum, kveðst hafa verið að hefла veginn á Skeiðarársandi mánudaginn 16. ágúst sl. Það hafi verið að koma vesta að. Um kl. 20.00 var vitnið stutt nokkuð vestan við sæluhúsið, er það tók eftir bifreið, sem kom á móti og beygði upp að sæluhúsinu. Það tók ekki eftir, hvaða bifreið þetta var í fyrstu, en hún hafði skamma viðdvöl við sæluhúsið og var síðan ekið aftur niður á þjóðvegin. Þá var vitnið komið talsvert nær og taldi sig þekkja, að þarna væri á ferðinni Mercedes Benz bifreiðin, sem ákærði Grétar Sigurður ók. Bifreiðinni var ekið inn á þjóðvegin og síðan til austurs. Kveðst vitnið margóft hafa mætt þessari bifreið á vegunum þetta sumar.

Vitnið kveðst hafa verið á leið heim til sín um kl. 22.30 þetta kvöld, þegar það mætti framangreindri bifreið rétt vestan við Skaftafellsárbrú á austurleið. Þá var orðið dimmt, og sá vitnið ekki, hver ók. Vitnið kveðst margsinnis hafa séð ákærða á þessari bifreið á vegunum sumarið 1982.

Vitnið Guðlaug Jakobsdóttir vann á þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli sumarið 1982. Starf þess var fólgið í því að afgreiða bensín og olíur. Vitnið vann á tvískiptum vöktum, þannig að annan daginn vann það síðari hluta dags, en hinn daginn fyrri hlutann.

Vitnið kveðst hafa unnið í bensínsölunni síðari hluta dags. þann 16. ágúst. Þetta kveðst það vera vissst um, vegna þess að það hafi verið á fyrri vaktinni þann 17. ágúst, þegar ljóst var orðið um atburðinn á Skeiðarársandi nóttina áður.

Vitnið kveðst ekki minnst þess, að ákærði Grétar Sigurður hafi tekið olíu að kvöldi þess 16. ágúst. Segist það telja, að það hlyti að muna eftir, hafi svo verið, og telja óhætt að fullyrða, að hann hafi ekki tekið olíu í Skaftafelli framangreint kvöld.

Vitnið varð ekki vart við ferðamann að kvöldi 16. ágúst, sem þurfti á viðgerð á bifreið að halda, en svo gæti hafa verið þrátt fyrir það.

Vitnið hafði áður afgreitt ákærða með olíu á bifreið hans. Ákærði vildi alltaf dæla sjálfur á bifreiðina. Hann tók staðgreiðslunótur, þegar hann tók olíu, en stundum vildi hann láta skrifa hjá sér olíu, sem afgreiðslustúlkunum var ekki heimilt að gera.

Það var föst regla, að sögn vitnisins, að skrifa alltaf nótu, þegar afgreitt var bensín eða olía, hvort sem viðkomandi óskaði eftir að fá staðgreiðslunótu eða ekki.

Vitnið Unnur Bjarnadóttir, sambýliskona ákærða, kveðst hafa kynnst honum seinni part vetrar 1981. Í maí sama ár fluttist ákærði heim til vitnisins að Hofi IV í Örfæfum, og hófu þau þar sambúð á heimili foreldra þess. Þau eiga saman eitt barn.

Vitninu virtist ákærði vera haldinn þunglyndi seinni part sumars 1982, en ekki bar þó mikið á því, enda er hann dulur. Ákærði var mikið á ferðinni á bifreiðinni fyrir framangreindan atburð, og taldi vitnið, að hann væri að sinna viðgerðum. Ákærði fór til Reykjavíkur í vikunni áður. Hann kom aftur síðdegis laugardaginn 14. ágúst og virtist þá vel haldinn og ekkert athugavert í fari hans. Varð vitnið ekki vart við, að ákærði hefði áfengi meðferðis. Vitninu er ekki kunnugt um nein sérstök vandamál ákærða nema áfengisvandamál, en ekki hefur borið á því, síðan þau kynntust.

Vitnið var eigandi bifreiðarinnar Z-1540, en ákærði hafði afnot af bifreiðinni. Ákærði var stundum með byssur í bifreiðinni, en ekki alltaf. Byssur þessar voru heima hjá vitninu á Hofi, en það vissi ekki, hver var eigandi þeirra. Ákærði notaði byssurnar við veiðar. Vitnið vissi ekki til þess, að ákærði ætti byssu sjálfur.

Vitnið kveður ákærða hafa farið að Höfn í Hornafirði mánudaginn 16. ágúst kl. 14.20. Ók hann móður vitnisins þangað og eins var hann að borga af láni. Hann kom heim aftur kl. 20.00 og borðaði. Kvaðst hann hafa tekið upp í bifreiðina tvær stúlkur, sem hefðu verið fótgangandi og ekið þeim að Skaftafelli, en ekki skýrði hann frá þessu nánar. Hann nefndi ekki sæluhúsið á Skeiðarársandi í þessu sambandi og ræddi þetta ekki frekar. Ákærði kvaðst þurfa að fara að Skaftafelli um kvöldið til að gera við bifreið. Taldi vitnið, að ákærði ætlaði að aðstoða útlendinga, því að hann var að tala um „Fransara“ í þessu sambandi. Bað vitnið hann að hinkra, þar til það væri búíð að mjólka, og gerði ákærði það. Ákærði fór á brott rétt fyrir kl. 22.00. Vitnið sá ekkert óeðlilegt í fari ákærða og merkti ekki, að hann væri ölvaður.

Vitnið veit ekkert um, hvort byssur voru í bifreiðinni hjá ákærða umrætt sinn eða hann tók þær með. Þegar ákærði var með byssur í bifreiðinni,

geymdi hann þær í farangursgeymslunni. Vitnið sá þær aldrei milli framsetanna.

Vitnið kveður ákærða hafa verið slæman í mjöðminni vegna kölkunar. Háði þetta honum í gangi, og átti hann mjög erfitt með að hlaupa.

Vitnið vissi ekki annað en ákærði hefði fengið F.Í.B. skilti frá Reykjavík. Hann hafði aðeins haft það á bifreiðinni eftir verslunarmannahelgina og talaði um, að hann hefði fengið það of seint. Vitnið eignaðist bifreiðina Z-1540 um áramótin 1981—1982. Bifreiðin var keypt að ósk ákærða, og lét vitnið bifreið, er það átti, ganga upp í kaupin.

Vitnið Sveinbjörn Garðarsson vörubifreiðastjóri, Hraunbæ 64, hefur skýrt frá því, að það hafi verið að koma frá Reykjavík á bifreiðinni R-38487 mánudaginn 16. ágúst 1982. Bifreiðin R-38487 er dráttarbifreið með tjörutank, og var vitnið á leið til Hafnar í Hornafirði með farm. Um kl. 00.30 aðfaranótt 17. ágúst kom vitnið að bifreið um það bil 3 km fyrir vestan Skeiðarárbrú. Bifreið þessi hafði verið stöðvuð skáhalt á veginum og snéri út á hægri vegarhelming. Greinileg hemlaför sáust fyrir aftan bifreiðina, en ekki man vitnið, hvað þau voru löng. Bifreiðin hálf lokaði veginum, og þurfti vitnið að aka alveg út á vegarbrún til að komast fram með henni. Bifreiðin var í gangi og ljósin kveikt. Vitnið nam staðar á móts við bifreiðina. Vitnið hafði séð bifreiðina áður og vissi, hvar ökumaður hennar átti heima og að hann annaðist viðgerðarþjónustu. Bifreið þessi var Mercedes Benz, græn að lit, en skrásetningamerki man vitnið ekki. Á þaki bifreiðarinnar var merki F.Í.B. og flögg. Við vinstri framhurð bifreiðarinnar stóð maður, sem vitnið hafði ekki séð áður. Hann var dökkhærður, nokkuð þrekinn og með yfirvaraskegg. Þega vitnið hafði stöðvað bifreiðina, skrúfaði það niður hliðarrúðu og spurði manninn, hvað hefði gerst. Vitnið kveðst hafa tekið eftir því, að manninum var greinilega brugðið. Vitnið sá ekki byssa við bifreiðina. Það telur víst, að það hefði orðið vart við, ef byssa hefði staðið upp við hana. Maðurinn var heldur ekki með byssa í höndunum. Rétt í því að vitnið hafði skúfað rúðuna niður, heyrði það angistar- og sársaukaóp í stúlku. Maðurinn sagði við vitnið, að hann hefði ekið á stúlkuna, sem hefði verið gangandi á veginum og væru hún viti sínu fjær og hrædd. Í þessu kom stúlkan í ljós fyrir aftan bifreið mannsins. Hún skreidd frá vinstri vegjaðri og studdi sig við höggvara bifreiðarinnar. Síðan færði hún sig yfir að bifreið vitnisins. Hún greip í frambretti bifreiðarinnar og spegillfestingu með annarri hendi, en í brún rúðunnar, sem vitnið hafði skrúfað niður, með hinni hendinni. Stóð stúlkan þannig í tröppum upp í bifreiðina. Stúlkan talaði ensku. Hún sagði: „Please, help me, he try kill me.“ Maðurinn hindraði stúlkuna ekki við þetta. Stúlkan var blóðug í andliti og á höndum. Maðurinn sagði vitninu að taka ekki mark

á stúlkunni. Hún væri viti sínu fjær og geðveik og réði hann ekkert við hana. Maðurinn bað vitnið að fara strax í þjónustumiðstöðina í Skaftafelli og ná í hjálp. Taldi vitnið, að hann ætlaði að bíða á staðnum. Vitnið fór aldrei út úr bifreiðinni. Það kveðst hafa haft hraðan á og beðið manninn að taka stúlkuna frá bifreiðinni. Tók maðurinn í peysu stúlkunnar og togaði hana af bifreiðinni. Fannst vitninu þetta harkalega gert, þar sem stúlkann var slösuð, en þó ef til vill nauðsynlegt. Stúlkann hrópaði á hjálp, er vitnið ók af stað, og endurtók þau hróp nokkrum sinnum. Vitnið kveður það hafa ráðið nokkru um, að það hafði ekki afskipti af stúlkunni á staðnum, að bifreið mannsins var með F.Í.B. merki og flögg. Vitnið hraðaði ferð sinni að Skaftafelli, enda hafði maðurinn beðið vitnið að flýta sér. Hugsun vitnisins var sú, að það vorkenndi manninum að þurfa að bíða á staðnum með slasaða stúlkunni í myrkri og rigningu. Þegar vitnið var komið austur undir Skeiðarárbrú, kom flutningabifreið frá Kaupfélagi Héraðsbúa á móti því. Ökumaður hennar heitir Gunnar, og kannast vitnið við hann. Vitnið stöðvaði bifreiðina og hafði tal af Gunnari. Bað það hann að aðstoða framangreindan bifreiðastjóra, þar sem stúlkann væri mjög óróleg. Vitnið ók síðan áfram. Það var komið um það bil hálf leið eftir beina vegarkaflanum frá Skeiðarárbrú að afleggjaranum að Skaftafelli, þegar það sá bifreið ekið austur Skeiðarársandi, og var hún komin nokkuð austur fyrir Skeiðarárbrú. Vitnið varð hissa á því, að þessi ökumaður skyldi ekki hafa stöðvað á slasstaðnum og aðstoðað ökumanninn. Þegar vitnið hugsaði um þetta eftir á, taldi það ekki hafa getað verið um aðra bifreið að ræða en Mercedes Benz bifreiðina á sandinum. Vitnið kveðst hafa hraðað mjög ferð sinni að Skaftafelli og ekið á allt að 100 km hraða á beina kafalanum á Skeiðarársandi. Vitnið fór að þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli og tilkynnti um atburðinn. Ólafi Sigurðssyni, lögreglumanni í Svínafelli, var gert viðvart, og kom hann að Skaftafelli. Vitnið kveðst hafa beðið hans niðri á vegamótum. Það ræddi við hann, þegar hann kom, en Ólafur taldi ekki, að þörf væri á frekari aðstoð vitnisins.

Vitnið kveðst ekki hafa heyrt byssuskot úti á Skeiðarársandi umrætt sinn.

Við samprófun við ákærða kvaðst hann ekki hreyfa athugasemdum við framburði vitnisins og telja hann réttan.

Vitnið Gunnar Auðunn Stefánsson bifreiðastjóri, Heiðarvegi 3, Reyðarfirði, hefur skýrt frá því, að það hafi verið að koma austan frá Reyðarfirði á bifreiðinni U-664, sem er Bedford vöruflutningabifreið, þann 16. ágúst 1982. Um miðnætti aðfaranótt 17. ágúst, þegar það var statt rétt vestan við Skeiðarárbrú, stöðvaði það ökumaður á dráttarbifreið með tengivagni aftan í og tók það tali. Sagði hann vitninu, að útlendingur hefði orðið fyrir F.Í.B. bifreið vestar á Skeiðarársandi. Spurði hann vitnið, hvort það væri með talstöð og bað það að ná sambandi við Hornafjörð. Vitnið sagði, að

tilgangslaust væri að reyna það og kveikti ekki á talstöðinni. Vitnið man ekki til, að ökumaðurinn bæði það um að aðstoða manninn á F.Í.B. bifreiðinni, en vill þó ekki alveg fullyrða það. Vitnið ók síðan áfram nokkra leið í vestur. Kom þá á móti því F.Í.B. bifreið á mjög mikilli ferð. Blikkaði ökumaður aðalljósum í sífellu. Vitnið hægði ferðina, vék út á vegarbrún og gaf ökumanni gott rými til að komast fram hjá. Það nam þó ekki alveg staðar. Bifreiðinni var ekið viðstöðulaust áfram til austurs með sama hraða. Vitnið fullyrðir, að ökumaðurinn hafi ekki ætlað að stöðva það. Vitnið fylgdist með ferðum bifreiðarinnar í baksýnissspegli, uns hún var að fara inn á Skeiðarárbrú. Þegar vitnið kom nokkru vestar á sandinn, sá það bremsuför eftir bifreið á veginum og sagði lögreglunni frá því. Vitnið ók fyrst að Kirkjubæjarklaustri og síðan að Vík í Mýrdal og ræddi á báðum stöðum við lögreglu.

Vitnið Marie Luce Bahuaud bókhaldari, La Foresterie 44120, Vertou, Frakklandi, fædd 20. júní 1953, kom frá Luxemborg til Íslands sem ferðamaður hinn 26. maí 1982 ásamt Yvette Marie, systur sinni. Þær systur ætluðu að dveljast hér á landi til 22. ágúst sama ár, en þá hugðust þær fara af landi brott.

Vitnið kveður þær hafa verið á hringferð um landið í ágúst 1982. Aðfaranótt 16. ágúst gistu þær á hótelinu á Djúpavogi. Fóru þær áleiðis til Hafnar í Hornafirði hinn 16. ágúst á þann hátt, að þær báðust fars hjá ökumönnum, er leið áttu um veginn. Þær fóru þó aldrei til Hafnar alla leið, en námu staðar við vegamótin þangað. Þær voru á leið í Skaftafell, en ætluðu að hafa viðkomu við Jökulsá á Breiðamerkursandi. Vitnið kveður þær systur hafa bedið við vegamótin að Höfn eftir að fá far með bifreið. Þær höfðu stöðvað 1 til 2 bifreiðar og reynt að fá far, en bifreiðarnar ætluðu aðeins 10 km vegalengd, svo þær hættu við að fara með þeim. Um kl. 17.00 kom bifreið frá Höfn í Hornafirði. Þær veifuðu bifreiðinni, og nam ökumaður staðar. Bifreið þessi var Mercedes Benz fólksbifreið, græn að lit. Vitnið man eftir tveimur loftnetsstöngum á bifreiðinni að framan, og í henni var talstöð. Vitnið sá í dóminum F.Í.B. merkin, sem voru á bifreiðinni Z-1540, og staðfesti, að þau hafi verið á bifreiðinni. Vitnið man ekki, hvort bifreiðinni var ekið með ljósum. Þær álitu, að framangreind bifreið væri lögreglubifreið. Ökumaður var einn í bifreiðinni. Vitnið telur, að hann hafi verið 40-45 ára að aldri og með kastaníubrunnt hár. Vitnið mundi ekki, hvernig ökumaður var klæddur. Í skýrslu rannsóknarlögreglu segir það hann hafa verið í rauðköflóttri skyrtu. Þær ræddu við ökumann á ensku og báðu hann um far. Hann talaði sæmilega ensku að sögn vitnisins. Þær spurðu ökumanninn, hvort hann væri á leið áleiðis að Skaftafelli, og svaraði hann því játandi. Báðu þær hann um far með bifreiðinni, og varð hann við því. Þær voru á leið að Jökulsá á Breiðamerkursandi og ætluðu að gista þar

í sæluhúsi, sem sýnt var á korti, sem þær höfðu meðferðis. Vitnið settist í framsæti bifreiðarinnar við hlið bifreiðastjórans, en systir þess í aftursæti. Farangur þeirra var settur í farangursgeymslu nema handtöskur, sem voru í aftursæti. Vitnið kveðst ekki hafa séð byssu eða byssur í bifreiðinni. Var vitnið sérstaklega spurt um riffil og haglabyssu. Það kveðst hvorki hafa séð byssur milli framsætanna né í farangursgeymslu. Vitninu voru sýndar byssurnar, sem ákærði var með, þegar hann var handtekinn. Það kvaðst ekki hafa séð byssur þessar í bifreiðinni. Vitnið og systir þess ræddu við ökumann bifreiðarinnar um starf hans, hvað þær hefðu séð á Íslandi og ætluðu að sjá. Ökumaður sagði þeim, að hann sæi um öryggi á vegum og ynni með lögreglunni. Hann aðstoðaði ferðamenn. Sagði hann þeim, að starfssvæði sitt á milli Jökulsár á Breiðamerkursandi og Skaftafells. Vitnið er ekki vissst um, hvort ökumaðurinn sýndi þeim skilríki. Hann var að tala í talstöð á leiðinni. Þær spurðu ökumanninn, hvar þær gætu gist næstu nótt. Ók hann að beiðni þeirra að sæluhúsinu á Breiðamerkursandi. Þar var athugað með gistingu, en fólk var fyrir og ekki pláss fyrir þær. Könnuðu þær þetta af eigin raun. Bifreiðastjórinn bauðst til að aka þeim til baka að skipbrotsmannaskýli að vitnið telur, sem er skammt frá áðurgreindu sæluhúsi, eða 4-5 km. Fór ökumaður, er þangað kom úr bifreiðinni, og leit inn í skýlið. Kom hann aftur og sagði, að þar væru Englendingar. Sagði hann þeim, að hann vissi um annað sæluhús, sem væri á leiðinni í átt að Skaftafelli, þar sem þær gætu hugsanlega gist.

Þessu næst var ekið að Jökulsá á Breiðamerkursandi. Var staðnæmst þar, og tók vitnið myndir af ísjökum í lóninu. Var að því búnu ekið áfram og ekki staðnæmst fyrr en við sæluhúsið á Skeiðarársandi. Vitnið kveður ökumann ekki hafa minnst á, hvar hann ætti heima, og hann hafi ekki bent á heimili sitt á leiðinni að sæluhúsinu. Ökumaðurinn nefndi aldrei, að hann ræki bifreiðaverkstæði. Hann sagðist aðstoða ökumenn við að koma bifreiðum í gang, ef þær biluðu úti á vegum. vitnið kveður aldrei hafa verið minnst á það við ökumann, að þær færu að Skaftafelli. Vitnið vissi, að þar var aðstoða til að tjalda, en ekki skýli. Þær hafi ætlað að Skaftafelli síðar til að skoða sig um, en síðan til Reykjavíkur.

Komið var að sæluhúsinu kl. 20.30. Vitnið man eftir veghefli á þjóðvegnum skammt frá sæluhúsinu. Ökumaður ók alveg að dyrum sæluhússins. Hann nam staðar beint fyrir framan dyrnar, og snéri framendi bifreiðarinnar að þeim. Þar fóru þær úr bifreiðinni og aðstoðaði ökumaðurinn þær við að koma farangrinum inn í sæluhúsið. Eitthvert hitunartæki stóð á borði í sæluhúsinu. Ökumaðurinn fór ótilkvaddur að athuga hvort hann gæti kveikt á því, en það tókst ekki. Ökumaðurinn sagði, að smalar notuðu sæluhúsið, en ferðamenn mættu gista þar. Ökumaðurinn hafði skamma viðdvöl í sæluhúsinu, en fór síðan á brott. Hann nefndi ekki, að hann myndi

koma aftur. Þær buðu öikumanni ekki greiðslu fyrir aksturinn, og var það mál aldrei rætt.

Vitnið telur, að þær hafi gengið í kringum sæluhúsið og athugað umhverfið smávegis, eftir að þær komu þangað, en það hafi verið rigning. Vitnið man ekki, hvort það skoðaði skúrinn bak við sæluhúsið. Vitnið tók ekki eftir neinu sérstöku á hurð skúrsins. Vitninu var sýnd mynd af hurðinni, en á henni eru för eftir haglaskot og brotið úr henni. Vitnið kvæðst ekkert muna eftir þessum ummerkjum á hurðinni.

Eftir að þær komu í sæluhúsið ræddu þær saman, en borðuðu síðan. Gestabók var í sæluhúsinu, og skrifaði vitnið í hana nöfn þeirra og þakkir til lögreglumannsins (sheriff), sem ók þeim. Með orðinu „sheriff“ átti vitnið við mann, sem tilheyrir lögreglu, enda þótt það teldi manninn ekki svo hátt settan. Vitnið telur, að þær hafi farið að sofa um kl. 21.30. Þær sváfu í neðri kojum. Vitnið svaf í innstu kojunni, en systir þess í þeirri næstu. Þær fóru úr utanyfirfötum, áður en þær fóru að sofa, en afklæddust ekki alveg. Þær sváfu í svefnpokum. Þær urðu ekki varar við mannaferðir við sæluhúsið, fyrr en ákærði kom aftur, eins og á eftir verður rakið.

Vitnið kveður systur sína hafa vakið sig kl. 23.30. Vitnið staðhæfir, að þessi tími sé réttur, þar sem það leit á úr sitt. Þegar vitnið vaknaði stóð ökumaðurinn, sem hafði ekið þeim að sæluhúsinu, í dýragættinni. Ekki var alveg myrkur og hægt að sjá mann í nokkurra metra fjarlægð. Maðurinn var með vasaljós í annarri hendi, sem hann lýsti með inn í húsið, en í hinni hendinni hélt hann á byssu. Vitnið man ekki fyrir víst, hvernig maðurinn hélt á byssunni, en hlaupið snéri inn í húsið. Vitnið gat ekki merkt, að maðurinn væri í æstu skapi. Hann var ekki neitt annarlegur að sjá, og ekki gat vitnið merkt á honum áfengisáhrif. Maðurinn sagði við þær, að lögreglan á Akureyri hefði hringt til sín og sagt sér, að þær reyktu hass. Hefði lögreglan beðið sig að fara með þær að Höfn í Hornafirði til lögreglu til rannsóknar á þessu. Þær hafi spurt, hvort hann gæti ekki farið með þær til lögreglunnar í Skaftafelli, en hann hafi sagt, að hann vildi það ekki. Vitnið kveður þetta hafa verið með öllu tilhæfulaust og hafi þær boðið manninum að skoða í farangur þeirra til að ganga úr skugga um þetta. Maðurinn nefndi aldrei, að hann fyndi lykt af hassi í sæluhúsinu. Vitnið heldur, að maðurinn hafi sýnt þeim eitthvert kort til að sanna þeim, að hann hefði eftirlit á vegunum. Ef svo hefir verið, þá var það í bifreiðinni fyrr um kvöldið. Var mynd af manninum í vinstra horni kortsins að ofan.

Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu sagði vitnið, að þær hafi ekki viljað fara með manninum og beðið hann að sýna þeim, hvort hann væri raunverulegur lögreglumaður. Hann hafi þá sýnt þeim gráa kortið. Þær hafi ekki getað séð, að þetta væri kort lögreglumanns og ekki viljað fara. Þegar vitnið og systir þess neituðu að fara með manninum, varð hann reiður.

Hann fór út úr sæluhúsinu og inn í bifreiðina. Vitnið kveður þær aldrei hafa sagst ætla að koma með mannum og hafi hann því ekki farið út í bifreiðina í því skyni að biða eftir þeim, svo sem hann heldur fram.

Á meðan maðurinn var burtu, klæddu þær sig og tóku saman farangur sinn. Þegar maðurinn kom aftur, var hann enn með byssuna og vasaljósið. Einnig var hann með búta af rafmagnsvír. Maðurinn skipaði þeim að koma með sér, en þær neituðu. Töldu þær maðurinn vera að segja ósatt og voru hræddar við hann. Maðurinn talaði um, að hann ætlaði að binda aðra þeirra með rafmagnsvírnun og fara með hana brott, fyrst þær vildu ekki koma með góðu. Þegar þær höfðu algjörlega neitað mannum um að fara með honum, fór hann enn út í bifreiðina. Hann var þar stutta stund, en kom svo aftur. Hann var með byssuna sem áður, vasaljósið og vírbúta og auk þess einhvern þungan hlut, sem hann hélt á í annarri hendi. Var hlutur þessi annað hvort úr málmum eða stein. Maðurinn beindi byssunni sem áður inn í húsið. Maðurinn var mjög reiður og í uppnámi. Vitnið kveður þær ekki á neinn hátt hafa reynt að hindra, að hann kæmist inn í húsið, svo sem með því að loka á hann hurðinni. Maðurinn ræddi við þær, en síðan réðst hann á vitnið rétt við dyrnar. Hann barði hana í höfuðið þrjú til fjögur högg með hlut þeim, sem hann var með. Vitnið veit ekki, hvort maðurinn barði það með byssuskeftinu.

Vitnið kveðst aldrei hafa reynt að ná taki á byssunni, á meðan maðurinn var að berja það með henni, enda hafi hann beint hlaupinu inn í húsið og að þeim. Vitnið heyrði ekki, að skot hlypi úr byssunni inni í húsinu, á meðan á átökunum stóð. Það heyrði ekki skothvell, áður en það missti meðvitund. Vitnið kveðst ekki vita, hvert maðurinn beindi byssuhlaupinu, þegar systir þess hljóp út úr húsinu, en hlaupið vísaði inn, eins og áður greinir, og maðurinn var dálítið að ógna með byssunni. Maðurinn barði einnig systur vitnisins, en það veit ekki, hvar höggið lenti. Vitnið sá, að systir þess hljóp út úr sæluhúsinu. Vitnið féll á gólfið við högginn frá mannum og missti meðvitund. Vitnið kveðst ekkert hafa getað varið sig fyrir mannum, er hann réðst á það.

Í lögregluskýrslu segir vitnið, að það hafi reynt að grípa í fætur mannsins, eftir að hann hafði slegið það fyrsta höggið, og aðeins náð taki, en misst það, er hann sló aftur.

Vitnið getur ekki sagt um, hve lengi það lá meðvitundarlaust. Þegar það kom aftur til sjálfs sín, var maðurinn farinn á brott. Þegar vitnið var komið til meðvitundar, kveðst það hafa heyrt óp í systur sinni, síðan skot, þá aftur óp og skot aftur, og liðu nokkrar sekúndur á milli skothvella. Getur það ekki sagt um, hve langt þetta var í burtu. Vitnið heyrði ekki aðra skothvelli. Skömmu eftir þetta heyrði vitnið, að bifreið var sett í gang og ekið á brott. Eftir það varð allt hljótt. Vitnið dvaldist nokkra stund

í sæluhúsinu til að jafna sig, en þegar það fann, að það var ferðafært, fór það út og gekk niður á veg. Vitnið tók svefnpoka með sér og hafði yfir öxlina. Það beið nokkra stund við veginn. Sá það bifreið koma frá Skaftafelli, en þorði ekki að gefa sig fram, þar sem það hélt, að maðurinn væri þar á ferð. Nokkru síðar kom bifreið vestan að. Vitnið veifaði og nam ökumaðurinn staðar. Þar var kominn lögreglumaður og maður og kona með honum. Var vitnið tekið upp í bifreiðina og ekið að Skaftafelli. Vitnið skýrði lögreglumanninum og fólkinu í bifreiðinni frá því, sem komið hafði fyrir.

Vitnið kveður þær systur aldrei hafa kveikt ljós í sæluhúsinu, á meðan þær dvöldust þar.

Vitnið kveðst hafa orðið vart við vörubifreið á leið eftir Þjóðveginum frá Skaftafelli í vesturátt eftir kl. 23.30.

Vitnið sá mynd (nr. 55) af gleraugum og staðfesti, að um gleraugu systur þess vær að ræða. Systir vitnisins var nærsýn og notaði gleraugu.

Vitnið kveðst algjörlega hafa náð sér af meiðslum þeim, sem það hlaut.

Árni Sigurjónsson, forstöðumaður Útlendingaeftirlitsins, hefur upplýst, að engar upplýsingar liggi fyrir um þær systur, Marie Luce og Yvette Marie Bahuaud, hjá Útlendingaeftirlitinu. Þær hefðu hvorki sótt um dvalarleyfi né atvinnuleyfi hér á landi. Einnig hafði hann kannað með dvöl þeirra hér og þær ekki dvalist á neinu hóteli eða opinberum gististað.

Ákærði Grétar Sigurður hefur skýrt frá því, að hann hafi kynnst Unni Bjarnadóttur Hofi IV í Örafum, veturinn 1980-1981. Vorið 1981 flutti ákærði að Hofi IV og tók upp sambúð við Unni á heimili foreldra hennar. Ákærði hóf rekstur viðgerðarverkstæðis á Hofi IV. Hann hafði lært bifreiðaviðgerðir um 4 ára skeið, en ekki öðlast réttindi sem bifvélavirki. Ákærði fékk bifreiðina Z-1540 til afnota, en Unnur var eigandi bifreiðarinnar. Bifreið þessi er af Mercedes Benz gerð, græn að lit. Ákærði kveðst hafa ekið bifreiðinni í þágu starfs síns. Hann hafði þó verið sviptur ökuleyfi ævilangt 3/2 1978 og ekki öðlast ökuréttindi að nýju. Ákærði kveðst hafa haft góða heilsu að öðru leyti en því, að hann hafi verið slæmur í mjöðminni vegna brjóskeyðingar. Hefur ákærði átt erfitt um gang og alls ekki getað hlaupið.

Sumarið 1982 hafði Félag íslenskra bifreiðaeigenda samband við ákærða og bað hann um að greiða fyrir umferð á leiðinni frá Vík í Mýrdal að Höfn í Hornafirði. Átti ákærði að annast viðgerðir á bifreiðum, sem biluðu á þessari leið. Í framhaldi af þessu kveðst ákærði hafa rætt við F.Í.B. í júní þetta sumar, og varð niðurstaðan af því sú, að honum var falið að annast viðgerðarþjónustu á svæðinu milli Reynivalla í Sudursveit og Kirkjubæjarklausturs. Fékk ákærði skömmu fyrir verslunarmannahelgina frá F.Í.B. flögg og skilti með áletruninni „FIB VEGAPJÓNUSTA 4“ og merki

félagsins til að setja á bifreiðina af því tilefni og einnig skilríki. Samkomulagið við ákærða var munnlegt, og kveðst hann ekkert hafa fengið greitt frá F.Í.B. Tekið var fram, að ákærði þyrfti að vera úti á vegum þrjá daga um verslunarmannahelgina, en síðan réði hann því sjálfur, hvað hann væri mikið úti á vegum. Ákærði gerði eins og um var beðið og hélt áfram eftir verslunarmannahelgina að vera úti á vegum. Nokkru áður hafði ákærði keypt talstöð fyrir eigið fé og sett í bifreiðina. Ákærði kveðst hafa tilkynnt til Umferðarráðs um verslunarmannahelgina, hvar bifreið hans var stödd á hverjum tíma og á hvaða leið. Var þessu útvarpað athugasemdaleaust.

Ákærða var bent á, að samkvæmt tilkynningum frá F.Í.B. til Ríkisútvarpsins dagana frá 31. júlí til 2. ágúst 1982 sé vegabjónustubifreið nr. 4 tilkynnt vera að Hofi í Öræfum.

Ákærða var bent á fyrri framburð hans. Hann kvaðst ekki geta skýrt það, hvornig standi á því, að þetta hafi verið lesið svona í útvarpi.

Ákærða var kynnt bréf Hafsteins Vilhelmssonar, framkvæmdastjóra Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Ákærði kveðst mótmæla því, er í bréfinu greinir, að hann hafi ekki átt að sinna viðgerðarþjónustu á umræddu svæði. Tók hann fram, að hann hefði einmitt fengið merki félagsins í þessu skyni.

Ákærði skýrir frá því, að hann hafi farið eftir hádegi mánudaginn 16. ágúst 1982 á bifreiðinni Z-1540 að Höfn í Hornafirði. Ákærði var að aka tengdamóður sinni þangað, og eins var erindið að greiða afborgun af láni.

Hann kveðst hafa verið á leiðinni til baka frá Höfn að Hofi um kl. 17.00. Þegar hann var kominn um 7 km frá Höfn, ók hann fram á tvær stúlkur, sem voru gangandi á þjóðveginum við Lónsvegamót. Stúlkurnar gáfu ákærða merki um að nema staðar, og gerði hann það. Stúlkurnar töluðu ensku. Þær spurðu ákærða, hvort hann væri á leiðinni að Skaftafelli. Ákærði sagði þeim, að hann vær á leiðinni að Hofi. Þær báðu ákærða um far, og sagði ákærði að það væri sjálfsagt. Komu þær upp í bifreiðina til hans með farangur sinn. Önnur stúlkan, sem ákærði taldi vera eldri, settist í framsæti, en hin í aftursæti. Stúlkurnar sögðu ákærða, að þær væru franskar. Stúlkurnar virtust ekki vera að fara neitt sérstakt. Þegar kom að Jökulsá á Breiðamerkursandi, báðu þær ákærða um að nema staða til að fá að taka myndir. Varð ákærði við því, og tóku þær nokkrar myndir. Ákærði kveður stúlkurnar hafa farið að ræða við sig um það, hvort hann vissi af einhverju skýli yfir nóttina. Skildist ákærða á þeim, að þær vildu vera þarna lengur til að eyða tímanum, uns þær færu úr landi, en þær áttu pantað flugfar. Ákærði kveðst hafa bent þeim á skála Jöklarannsóknafélagsins vestan við Jökulsá. Sagði hann þeim, að allt væri í lagi af sinni hálfu að vera þar, ef þær vildu gera sé það að góðu. Ók ákærði þeim þangað að ósk þeirra. Þegar að skálanum kom, var enginn þar, en mikill farangur. Kveður ákærði farangur hafa verið á öllum rúmum, og

taldi hann, að allt væri fullt í skálanum. Ákærði spurði stúlkurnar, hvort þær vildu verða eftir eða halda áfram með honum, og kusu þær síðari kostinn. Ók ákærði austur yfir Jökulsá til að athuga, hvort pláss væri í skýli Slysavarnafélagsins.

Ákærði kveðst þekkja Guðjón Ingimundarson, vörubifreiðastjóra á Hnappavöllum, og kannast við bifreiðina, sem hann ekur. Ákærði heldur að hann muni það rétt, að Guðjón hafi verið að aka vestur þjóðveginn, þegar ákærði kom að veginum á Breiðamerkursandi á leið frá skála Jökklarannsóknafélagsins. Þá heldur ákærði, að hann hafi áður verið búinn að aka fram úr honum hjá Graskögglaverka-smíðjunni í Flatey.

Í skýli Slysavarnarfélagsins var ekkert pláss heldur, og ók ákærði áfram áleiðis að Hofi. Þegar kom að vegamótunum heim að Hofi, var rigningarsúld, og fannst ákærða ekki skipta máli, þótt hann æki stúlkunum áfram að Skaftafelli. Á leiðinni þangað spurðu þær ákærða, hvort hægt væri að fá svefnpokapláss í Skaftafelli, en ákærði sagðist ekki vita til þess. Stúlkurnar fóru að tala um, að þær væru ekki með nógu góðan útbúnað til að liggja við í tjaldi, ef rigndi mikið. Spurðu þær ákærða, hvort ekki væri einhvers staðar skýli eins og á Breiðamerkursandi. Sagði ákærði þeim þá frá sæluhúsinu á Skeiðarársandi. Ákærði kveðst hafa spurt stúlkurnar hvort þær hefðu nægan mat með sér og boðið þeim að aka þeim að Skaftafelli, ef þær vildu kaupa eitthvað. Þær sögðust hafa verslað á Höfn. Ók ákærði rakleitt að sæluhúsinu á Skeiðarársandi, og var komið þangað um kl. 20.00. Ákærði kveðst hafa veitt athygli Jóhanni Þorsteinsyni veghefilsstjóra, er var að heflla þjóðveginn rétt við sæluhúsið, er ákærði kom þangað. Ákærði stöðvaði beint fyrir framan dyr sæluhússins, og snéri vinstri hlið bifreiðarinnar að dyrunum. Stúlkurnar fóru úr bifreiðinni við sæluhúsið og tóku farangur sinn með sér. Ákærði hjálpaði stúlkunum við að taka farangurinn úr bifreiðinni og bera hann inn í sæluhúsið. Í sæluhúsinu stóð prímus á borði, og spurðu stúlkurnar hvort þær gætu notað hann. Ákærði athugaði prímusinn og sá, að hann var ekki í lagi, og sagði stúlkunum það. Ákærði kvaddi síðan stúlkurnar og hélt á brott. Ákærða minnr, að stúlkurnar hafi boðið sér greiðslu fyrir aksturinn, en hann afþakkað.

Ákærði man ekki eftir því að hafa áður ekið ferðalöngum að sæluhúsinu á Skeiðarársandi. Hann kveðst ekki hafa verið bedinn um að hafa eftirlit með því, en sagði, að hann hafi stundum komið að sæluhúsinu til að líta eftir þeim og hreinsa til. Ákærði kveðst ekkert athugvert hafa séð í fari stúlkanna og allt hafi farið vel á milli hans og þeirra.

Ákærði ók frá sæluhúsinu að Skaftafelli og tók þar olíu á bifreiðina. Ákærði hitti í Skaftafelli franskan mann, sem bað hann að gera við bifreið sína. Talaði maður þessi ensku með frönskum hreim. Hann var á franski bifreið. Ákærði sagðist ekki vera búinn að borða, en sagðist koma eftir

mat og gera við bifreiðina. Þegar ákærði kom heim til sína að Hofi IV, borðaði hann kvöldverð, en gætti síðan sonar síns, á meðan sambýliskona hans fór út í fjós að mjólka. Ákærði telur, að klukkan hafi verið um 22.00, þegar hann fór aftur að heiman að Skaftafelli. Áður en ákærði fór, ók hann bifreiðinni inn í gryfju í verkstæðisbyggingunni og tók þar nokkur verkfæri. Ákærði gerði við bifreið Frakkans í Skaftafelli. Um smábílun var að ræða, og tók viðgerðin um 15-20 mínútur. Þurfti einungis að skipta um plátinur í bifreiðinni. Ákærði tók enga greiðslu fyrir viðgerðina, en kona mannsins gaf ákærða 30 kr. og sagði honum að gefa barni hans peningana. Ákærði kveðst í fyrra skiptið, sem hann kom að Skaftafelli, hafa hitt stúlku, sem afgreiddi olíu á bifreiðina, en í síðara skiptið hitti hann engan nema Frakkann. Ákærði telur, að hann hafi staðgreitt oliuna, sem hann tók, en hann man ekki, hvort hann fékk nótu. Tvær stúlkur annast afgreiðslu á oliunni, en ákærði man ekki hvor þeirra afgreiddi hann.

Ákærða voru kynntar nótur um oliukaup hans í Skaftafelli á bifreiðina Z-1540 á tímabilinu frá 2. júlí til 15. ágúst 1982, en ekki kemur fram, að hann hafi keypt olíu þar eftir 15. ágúst. Ákærði hélt því fram, þrátt fyrir þetta, að hann hefði keypt olíu á bifreiðina í Skaftafelli að kvöldi 16. ágúst 1982.

Ákærða var og kynntur framburður Guðlaugar Jakobsdóttur hjá rannsóknarlögreglu um, að hann hafi ekki tekið olíu að kvöldi 16. ágúst 1982 í Skaftafelli. Ákærði hélt engu að síður fast við framburð sinn um þetta.

Þá var vakin athygli ákærða á framburði Guðlaugar um, að hún hefði ekki orðið vör við franskan ferðamann í Skaftafelli, er þurfti á viðgerð á bifreið að halda að kvöldi 16. ágúst 1982. Ákærði hélt fast við framburð sinn um þetta efni. Hann kvað bifreið mannsins hafa verið ógangfæra á bifreiðastæði við þjónustumiðstöðina og hafi hann bent sér á hana. Bifreiðin var á sama stað, er ákærði kom þangað aftur um kl. 22.00. Hjón þau, sem voru á bifreiðinni, sátu í henni, er ákærði kom á vettvang.

Ákærði kveðst hafa ekið áleiðis frá Skaftafelli vestur á Skeiðarársand. Hann hafi oft gert þetta á kvöldin til að athuga, hvort bilaðar bifreiðar væru á veginum. Áætla ákærði, að klukkan hafi verið um 23.00, en ekki var orðið alveg dimmt að sögn hans. Þegar ákærði kom á mótis við afleggjarann að sæluhúsinu, sýndist honum dyrnar á því vera opnar og maður að ganga þar inn, en síðan lokaði maðurinn dyrunum. Nánar skýrði ákærði frá því, að hann hafi verið kominn aðeins fram hjá afleggjaranum, 100-150 metra, þegar hann veitti þessu athygli, en snúði þá við, ekið til baka og ákveðið að kanna þetta nánar.

Ákærða var af þessu tilefni kynnt skýrsla Grétars Sæmundssonar rannsóknarlögreglumanns um birtu á Skeiðarársandi á framangreindum tíma.

Kvaðst ákærði halda fast við það, er að framan greinir, þrátt fyrir skýrsluna.

Ákærði kveðst hafa talið af því, er að framan greinir, að fleiri væru komnir í sæluhúsið en stúlkurnar, og ákveðið að aka þangað til að athuga það nánar. Annað tilefni kveðst ákærði ekki hafa haft til að fara að sæluhúsinu. Ákærði nam staðar fyrir framan dyr sæluhússins. Hurð þess var lokuð og ekkert ljós þar inni. Ákærði telur, að klukkan hafi verið um 23.00, er hann kom á staðinn, en getur ekki ákvarðað tímann nánar.

Ákærði kveðst hafa farið út úr bifreiðinni og tekið með sér vasaljós en ekkert annað. Hann hafði stöðuljósín á bifreiðinni. Ákærði gekk að sæluhúsinu og opnaði dyr þess, sem voru ólæstar. Ákærði lýsti inn í sæluhúsið með vasaljósínu. Ákærði sá, að stúlkurnar lágu í rúmunum. Lágu þær í tveim innstu neðri rúmunum að sögn ákærða. Hann veit ekki, hvort þær voru sofandi, en þær risu upp. Ákærði gat ekki séð, að stúlkunum yrði hverft við komu hans. Ákærði kveður hafa verið reykt í lofti í sæluhúsinu, og telur hann sig hafa fundið lykt af hassi. Taldi ákærði, að stúlkurnar hefðu verið að reykja hass. Hann telur sig þekkja lykt af hassi og hafa fundið hana nokkrum sinnum bæði hér á landi og erlendis.

Ákærða var bent á, að við rannsókn hefði ekkert komið fram um það, að stúlkurnar hefðu verið með hass í fórum sínum. Ákærði kvaðst engu að síður halda fast við þennan framburð sinn. Ákærði tók fram, að stúlka sú, sem síðar hljóp út úr sæluhúsinu, hafi verið með snyrtitösku í höndum eða eitthvað þess háttar, og veit ákærði ekki, hvað varð um töskuna. Ákærði veit ekki, hvernig taskan var lit. Ákærða var bent á skýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins um farangur stúlkanna, þar á meðal hliðartösku Yvette Bahuaud og að taskan hafi verið rannsökuð.

Ákærði spurði stúlkurnar, hvort þær hefðu verið að reykja hass, en þær neituðu því eindregið báðar. Kvaðst hann hafa bent þeim á, að það væri lögbrot á Íslandi að reykja hass eða hafa það í fórum sínum. Ákærði spurði stúlkurnar, hvort þær vildu koma með til lögreglumanns að Svínafelli í Örafum, þar sem hann hefði ekki leyfi til að leita í farangri þeirra. Stúlkurnar sögðust vera tilbúnar að koma með ákærða, og sagði hann þeim, að hann myndi aka þeim til baka. Ákærði kveðst hafa farið út í bifreiðina og beðið eftir að stúlkurnar tækju saman dót sitt og kæmu, en ætlunin var, að þær tækju farangurinn með sér. Bið varð á, að stúlkurnar kæmu, og hann fór að lengja eftir þeim. Fór hann þá aftur inn í sæluhúsið, en þá neituðu stúlkurnar að fara með honum. Stúlkurnar spurðu ákærða, hvort hann hefði heimild til þess að handtaka þær. Ákærði kveðst hafa gefið þeim í skyn, að hver maður sem væri, gæti handtekið fólk, sem væri með í fórum sínum slík efni sem hann teldi þær vera með. Ákærði kveðst

aldrei hafa gefið stúlkunum í skyn, að hann væri lögreglumaður, og hafi þær virst sjálfar vita, hvaða tilgangi bifreiðin þjónaði. Ákærða var bent á, hvað stúlkurnar hefðu skrifað í gestabók sæluhússins, þ. e. í íslensku þýðingu: „Þakkir til sheriff fyrir að hafa flutt okkur í sæluhúsið.“ Hann kveðst enga skýringu geta gefið á þessu. Hann hafi aldrei nefnt orðið „sheriff“ við stúlkurnar eða gefið þeim í skyn, að hann tilheyrði lögreglunni. Hann hafi nefnt við stúlkurnar, að hann hefði á hendi „road-service“. Ákærði kveðst hafa bent stúlkunum á bifreiðaverkstæði sitt að Hofi, þegar ekið var þar fram hjá.

Ákærði kveður sig minna, að Marie Luce hafi spurt sig í sæluhúsinu, hvort hann gæti sýnt henni skirteini um, að hann væri það, sem hann sagðist vera. Ákærði kveðst hafa sýnt stúlkunum félagsskirteini F.Í.B. fyrir 1982, en það er gult að lit. Hann neitar að hafa sýnt þeim annað skirteini.

Ákærði reyndi að ná talstöðvarsambandi við einhvern til að aðstoða sig, á meðan hann var við sæluhúsið, en tókst ekki að ná sambandi. Hann hafi ætlað sér að reyna að koma skilaboðum til Ólafs lögreglumanns.

Þegar stúlkurnar neituðu að koma, reyndi ákærði að útskýra þetta mál fyrir þeim. Stúlkurnar brugðust þá hinar verstu við, og kveður ákærði þá grun sinn hafa styrkst um hassið. Hann fór aftur út í bifreiðina. Í bifreiðinni var ríffill og haglabysa á milli framsætanna. Sigurjón Arnar Bjarnason, Hofi IV, var eigandi ríffilsins að sögn ákærða, en maður að nafni Ingi Hilmarsson var eigandi haglabyssunnar, að ákærði telur, eða ætlaði að kaupa hana af Hannesi Guðlaugssyni á Svínafelli. Ákærði kveðst hafa notað báðar þessar byssur, sem voru geymdar á Hofi IV, án þess að athugasemdir væru gerðar við það. Sjálfur kveðst ákærði ekki hafa byssuleyfi. Ákærði hafði alltaf byssurnar í bifreiðinni, þegar hann tók stúlkurnar upp í hana. Ákærði tók fram, að hann hefði haft byssurnar í bifreiðinni til að geta skotið á minka, ef hann yrði þeirra var. Ákærða var bent á framburð Marie Luce um, að byssurnar hefðu ekki verið í bifreiðinni. Ákærði sagði, að ekki væri víst, að hún hefði tekið eftir byssunum, þar sem úlpa kynni að hafa legið ofan á þeim. Skotin í byssurnar voru í hliðarhólfi innan á vinstri framhurð.

Í síðari framburði kvaðst ákærði ekki þora að fullyrða, að byssurnar hefðu verið milli framsætanna í ferðinni til Hafnar í Hornafirði. Geti verið, að þær hafi verið í farangursgeymslunni. Ákærði er hins vegar alveg öruggur um, að byssurnar voru milli framsætanna, þegar hann kom í sæluhúsið í síðara skiptið og meiri líkur séu á að þær hafi alltaf verið þar.

Þegar stúlkurnar vildu ekki koma, tók ákærði haglabyssuna úr bifreiðinni. Hann tók og eitt skot með sér. Hann setti skotið í byssuna, þegar hann kom út úr bifreiðinni og lokaði byssunni. Ákærði sagði hljóta að vera, að hann hafi spennt byssuna upp á leiðinni að dyrunum. Ákærði

kveðst hafa gert þetta, þar sem hann hafi talið, að útlendingar væru hræddir við byssur og hann réði ekki einn við stúlkurnar, en ekki ætlað að gera þeim mein. Kveðst ákærði hafa ætlað að skjóta upp í loftið utan við húsið til að hræða stúlkurnar og fá þær til að koma. Ákærði tók og vírspotta eða rafmagnsvir með sér. Hafi hann ætlað að biðja aðra stúlkuna að binda hendur hinnar og hafa hana síðan í aftursæti bifreiðarinnar. Ætlaði ákærði með þessu að hindra, að stúlkan gæti truflað hann við aksturinn.

Stúlkurnar neituðu að koma með ákærða. Ítrekaði ákærði við þær, hvort þær ætluðu að hlýða og koma með honum, en þær neituðu sem áður. Ákærði kveðst hafa staðið í dyragættinni á sæluhúsinu eða rétt innan við dyrnar, er átökin urðu við stúlkurnar. Ákærði hélt á byssunni sem var hlaðin, í vinstri hendi og beindi hlaupinu aftur. Kveðst hann hafa haldið á byssunni eins og sýnir á myndum af sviðsetningu. Ákærði kveður allt hafa gerst í sömu andráníni, að önnur stúlkan hafi hlaupið út úr húsinu og skellt á sig hurðinni án þess að hún lokaðist. Hin stúlkan hafi stokkið á sig, eins og hún ætlaði að klóra hann í framan og ná síðan taki á hálsi hans með annarri hendinni, en með hinni hafi hún tekið í skyrtuna á brjósti hans. Við þetta hafi skot hlaupið úr byssunni. Ákærði kveðst ekki vita, hvernig þetta gerðist, en einhverra hluta vegna hafi skotið hlaupið úr byssunni út um dyrnar.

Í lögregluskýrslu segir ákærði, að stúlkan hljóti að hafa komið við gikkinn. Í síðari framburði sagði ákærði, að Marie Luce hefði fengið högg frá byssunni við bakslagið, þegar skotið hljóp úr henni, en hann viti ekki fyrir víst, hvar höggið lenti.

Í lögregluyfirheyrslu var ákærði beðinn að lýsa því, hvernig hann hefði haldið á byssunni, þegar skotið hljóp úr henni.

Ákærði sagði, að það væri það, sem hann gæti ekki gert sér grein fyrir, þar sem hann var í átökum við stúlkuna, nema hlaupið hefði snúið aftur.

Honum var bent á, að hann hefði við sviðsetningu sýnt, hvernig hann hélt á byssunni umrætt sinn. Hefði skeftið samkvæmt því snúið fram, en hlaupið aftur ofan á framrættum vinstri framhandlegg hans. Haninn snúið upp og þumalfingur hans yfir skeftið aftan við hanann, en hinir fingurnir undir skeftið aftan við gikkbjörgina. Hann var spurður, hvort rétt sé, að hann hefði haldið á þennan hátt á byssunni og hvort hann hefði jafnframt haldið á einhverju í hægri hendi.

Ákærði kvað það rétt, að hann hefði haldið þannig á byssunni, þegar hann kom inn í húsið, en það kunni að vera, að hún hafi snúið eitthvað í átökunum. Hann hafi haldið á vasaljósinu í hægri hendinni. Ákærði kveðst ekkert hafa vitað, hvar skotið lenti. Ekki getur hann heldur sagt um, hvað stúlkan, sem hljóp burt, var komin langt frá húsinu. Ákærði

kveðst ekkert geta sagt um, hvort skotið lenti í henni. Við þetta kom hik á stúlkuna, sem hann átti í átökum við. Ákærði kveðst hafa tekið báðum höndum um byssuna og barið stúlkuna í höfuðið með skeftinu. Barði hann hana með enda skeftisins, þar sem fiberplatan er fest á það. Stúlkann hljóp þá á ákærða og ætlaði að fella hann út úr dyrnum. Ákærði sló þá stúlkuna aftur í höfuðið með byssuskeftinu, og féll hún á hnén. Ákærði sló hana síðan þriðja höggid í höfuðið, og missti hún þá meðvitund. Ákærði lét stúlkuna liggja. Hann kveðst hafa farið út úr sæluhúsinu og austur fyrir það til að svipast um eftir hinni stúlkunni, en ekki orðið hennar var. Ákærði kveðst ekki hafa farið aftur í sæluhúsið. Hann hafi talið, að stúlkann hefði einungis rotast, en væri ekki alvarlega meidd. Ákærði sá ekkert blóð á stúlkunni. Ákærði kveðst að því búnu hafa farið upp í bifreiðina og ekið af stað til að svipast um eftir hinni stúlkunni.

Í framburði ákærða fyrir dómi 19. ágúst 1982 kveðst hann hins vegar hafa farið inn í sæluhúsið aftur og hafi sér virst stúlkann vera í roti.

Ákærði sá myndir af sviðsetningu (dskj. nr. 6, myndir nr. 84-93). Ákærði kveðst gera þá athugasemd við sviðsetninguna, að eldri stúlkann hafi legið í innstu koju, eins og sýnt er á mynd nr. 84, en sú yngri í neðri koju við dyrnar. Stúlkann lá á gólfinu, þegar ákærði fór á brott, eins og sýnt er á mynd nr. 93. Ákærði kannaði ekkert um meiðsli stúlkunnar. Honum var kynnt læknisvottorð um meiðsli hennar (dskj. nr. 5, bls. 18). Kveðst hann viðurkenna að hafa orðið valdur að þeim meiðslum stúlkunnar, er þar greinir.

Ákærði var spurður nánar um árásina á stúlkuna. Hann kvaðst hafa barið hana eins mikið og hann gerði, vegna þess að hann hefði verið hræddur um, að stúlkurnar gætu náð af sér byssunni.

Ákærða var kynnt skýrsla Grétars Sæmundssonar rannsóknarlögreglu-manns (á dskj. nr. 5, skjal nr. 9, bls. 3) um hættu á meiðslum, ef skotið væri af byssunni, eins og ákærði lýsir, að gerst hafi framangreint sinn. Ákærði kveðst þrátt fyrir þetta halda fast við framburð sinn um þetta atriði. Hann kveður skot það, er var í byssunni, hafa verið „Federall 3ja tomnu magnun.“ Ákærði var með vasaljós í hendi í sæluhúsinu framan-greint sinn. Það hafi fallið á gólfið í átökunum. Kveðst ákærði hafa tekið vasaljósið upp og haft það með sér á brott.

Eins og áður greinir, fór ákærði að svipast um eftir stúlkunni, sem hafði hlaupið á brott. Ákærði var spurður, hver tilgangur hans hefði verið með því. Hann kvaðst hafa ætlað að hafa samband við hana og reyna „að sansa þetta til“, eins og ákærði orðaði það, en aðrar skýringar gaf hann ekki.

Á myndum 35 og 36 á dskj. nr.6 eru sýnd skóför í suð-austur frá sæluhúsinu. Ákærði var spurður um skóför þessi, en í þeim er mynstur, sem talið er koma heim við mynstur á skóm hans. Ákærði kannaðist við, að

skóförin væru eftir sig. Hann hafi gengið í þessa átt frá sæluhúsinu í leit að stúlkunni, en ekki orðið hennar var. Ákærði var með haglabyssuna, en hún var óhlaðin, og öll skotin í hana voru í bifreiðinni. Ákærði neitaði að hafa hleypt af skoti í þessari leit að stúlkunni. Þegar hann fann ekki stúlkuna, fór hann að bifreið sinni og ók af stað til að leita hennar.

Ákærði ók niður á þjóðveg og beygði til austurs. Ók hann austur yfir litlu brúna, sem er vestan við Skeiðarárbrú. Ákærði varð ekki stúlkunnar var og snéri við. Þegar hann var kominn aftur á móts við sæluhúsið, sá hann stúlkuna á veginum í ljósgeislum bifreiðarinnar. Stúlkun veifaði bifreiðinni, en hljóp síðan út af veginum. Ákærði kveðst hafa stöðvað bifreiðina, tekið skot og sett í haglabyssuna. Hann kallaði til stúlkunnar og sagði henni að nema staðar, en hún hlýddi ekki. Hann kveðst þá hafa skotið af byssunni upp í loftið. Þegar þetta gerðist var stúlkun á hlaupum í vegjaðrinum í átt frá ákærða hægra megin frá honum séð. Ákærði kveðst nú hafa farið inn í bifreiðina í skyndi og ekið aðeins af stað á eftir stúlkunni. Í þessu hafi borið að vöruflutningabifreið, sem kom á móti. Stúlkun hafi lent inn í ljósgeisla frá henni og vírst ruglast eitthvað við það, hlaupið í hring á veginum og dottid. Ákærði ók að stúlkunni, sem hafi staðið strax upp. Hann hafi numið staðar og farið út úr bifreiðinni. Ákærði segir stúlkuna hafa hlaupi í sveig og hlaupið á afturhorn bifreiðar hans hægra megin. Hún síðan hlaupið aftur fyrir bifreið hans, út á veginn og lent á vinstri framhlið og hjóli vöruflutningabifreiðarinnar, sem hafi verið stöðvuð. Ákærði veit ekki, hvort stúlkun meiddist af því að lenda á vöruflutningabifreiðinni. Ákærði kveður byssuna annað hvort hafa legið upp við bifreið hans eða legið í framsæti bifreiðarinnar, er vöruflutningabifreiðina bar að.

Þegar ákærði kom fyrir dóm 19. ágúst sl. var hann spurður um það, hvort hann hefði verið með byssuna í höndum, þegar vöruflutningabifreiðina bar að, og kvað hann svo hafa verið. Hann hefði haldið um hlaup byssunnar, þegar hann bað bifreiðastjóran að kalla eftir aðstoð.

Ökumaður vöruflutningabifreiðarinnar spurði, hvað um væri að vera. Ákærði sagði honum, að ekið hefði verið á stúlkuna. Ökumaðurinn spurði, hver hefði gert það, en ákærði sagði, að hann vissi það ekki. Í skýrslu hjá lögreglu kveðst ákærði hafa sagt þetta til að leggja meiri áherslu á, að ökumaðurinn næði sambandi við lögregluna. Ákærði kveðst hafa beðið ökumann vöruflutningabifreiðarinnar að kalla í talstöð til að reyna að ná í lögregluna. Ákærði kveðst hafa beðið ökumann vöruflutningabifreiðarinnar að kalla í talstöð til að reyna að ná í lögreglu eða aka að Skaftafelli til að ná í Ólaf lögregluþjón. Ákærði kveðst ekki hafa heyrt stúlkuna biðja ökumann vöruflutningabifreiðarinnar um hjálp. Ákærði kveður stúlkuna hafa haldið í vöruflutningabifreiðina og nefnir tröppu í því sambandi. Ökumaðurinn hafi beðið sig að taka stúlkuna frá bifreiðinni og hafi hann

gert það. Hafi ákærði þá fundið, að stúlkan var blóðug. Vöruflutninga-bifreiðastjórinn hafi aðeins numið staðar stutta stund, en haldið síðan á brott.

Í framburði fyrir dómi 19. ágúst sl. kveðst ákærði ekki hafa verið með byssuna í höndunum þegar hann tók stúlkuna frá bifreiðinni, en skilið hana eftir við bifreiðina. Hafi byssan staðið upp á endann við hlið bifreiðarinnar ökumanns megin.

Þá skýrði ákærði og svo frá, að hann hefði fundið, að stúlkan var blóðug að aftan, þegar hann tók hana frá vöruflutningabifreiðinni. Hefði hann orðið skelfdur við þetta og gert sér grein fyrir því, að hún hlyti að hafa orðið fyrir skoti, þegar hún hljóp út um dyrnar á sæluhúsinu.

Ákærði kveður stúlkuna hafa verið blóðuga á vanga og eins hafi hann fundið, að hún var slímug á baki, þegar hann tók hana frá vörubifreiðinni.

Ákærða var kynntur framburður Sveinbjörns Garðarssonar, ökumanns dráttarbifreiðarinnar. Ákærði kvað geta verið rétt, að hann hafi sagt Sveinbirni, að hann hefði sjálfur ekið á stúlkuna. Hann kannaðist við, að stúlkan hefði sagt eitthvað við Sveinbjörn, en geti ekki greint frá, hvað hún sagði, þar sem hann hafi ekki heyrt orðaskil. Ákærði kveður stúlkuna hafa grátið. Ákærði kveðst ekki halda, að hann hafi sagt við Sveinbjörn, að stúlkan væri geðveik, heldur að hún hefði vankast við slysið. Ákærði kannast við að hafa kippt stúlkunni frá bifreiðinni enda hafi Sveinbjörn ekið af stað í þessu. Ákærði var spurður að því, af hverju hann hefði ekki leitað aðstoðar hjá vörubifreiðastjóranum til að koma stúlkunni til læknis. Hann kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir, hvað stúlkan var mikið slösuð, og haldið, að blóðið á henni stafaði af því, að hún hefði dottið.

Ákærði var spurður að því, af hverju hann hafi skýrt Sveinbirni frá því, að stúlkan hefði orðið fyrir bifreið hans. Ákærði sagði í þessu sambandi, að hann hefði verið með byssu og ekki viljað láta Sveinbjörn vita af því til að skapa honum ekki vandræði. Ákærði kveðst ekki hafa þekkt Sveinbjörn. Ákærði kveðst telja, að stúlkan hafi verið 15-20 metra fyrir framan hann, þegar hann hleypti skotinu úr haglabyssunni, og verið á hlaupum í áttina frá honum. Ákærði lýsir því svo, er hann skaut úr byssunni, að hann hafi verið búinn að stöðva bifreiðina og stíga með annan fótinn út úr henni, hann hafi haldið byssunni fyrir utan bifreiðina og skotið upp í loftið. Miðað við stefnu hlaupsins hefðu höglin átt að lenda á sandinum vinstra megin við veginn. Ákærði kveður einungis tveim skotum hafa verið skotið úr byssunni. Hann muni ekki eftir, hvað hann gerði við tómu skot-hylkin. Hann telur ekki geta verið, að höglin úr byssunni hafi hæft stúlkuna, þau hefðu átt að lenda niður á sandi vinstra megin við veginn miðað við stefnu hlaupsins.

Ákærða voru sýndar myndir af líki Yvette Bahuaud og kynnt krufningar-

skýrsla. Hann kvað ekki geta verið um annað að ræða en höglín í líki stúlkunnar séu úr byssu hans. Eina skýringin, sem ákærði kveðst geta gefið á þessu, sé sú, að stúlkan hafi orðið fyrir skoti, er hún hljóp út úr sæluhúsinu.

Ákærði kveðst hafa gert sér grein fyrir því, þegar vöruflutningabifreiðin var farin á brott, að stúlkan var illa slösuð. Hann vissi þó ekki, hvað meiðsli hennar voru mikil. Stúlkan stóð við bifreið ákærða, og kveðst hann hafa spurt hana, hvort henni liði illa, en hún ekki svarað. Ákærði kynnti sér ekki nánar, hvar áverkar voru á stúlkunni.

Í lögregluskýrslu segir ákærði, að eftir að vöruflutningabifreiðin var farin á brott, hafi hann farið að kanna, hvernig stæði á blóðinu og þreifað á bakhluta stúlkunnar. Hafi hann fundið, að þar var peysa hennar löðrandi í blóði. Hafi honum þá komið í hug, hvort verið gæti, að stúlkan hefði orðið fyrir skotinu, sem hljóp úr byssunni. Þegar honum hefði orðið þetta ljóst, hafi hann fengið hálfgerð „shock“.

Rétt eftir að vöruflutningabifreiðin var farin á brott, kveðst ákærði hafa opnað farangursgeymslu bifreiðarinnar, lagað þar til og síðan lyft stúlkunni upp og sett hana þar. Var ástæðan sú, að ákærði treysti sér ekki til að koma henni fyrir í bifreiðinni, hann hélt að fætur hans ætluðu að gefa sig. Þá taldi hann öruggara, að hún væri í farangursgeymslunni, þar sem þar væri rýmra um hana. Stúlkan var með meðvitund, þegar ákærði kom henni fyrir í farangursgeymslunni. Merkti ákærði það á augnaráði hennar. Ákærði talaði til stúlkunnar, og virtist hún skilja það, sem hann sagði.

Í lögregluskýrslu hefur ákærði lýst þessu svo, að þegar hann tók hana frá bifreiðinni, hafi hún stuðst upp við hann, en svo hafi hún sigið niður með hliðinni á honum, eins og fæturnir hefðu kiknað undan henni og hún lagst rólega á hliðina. Þá beygði ákærði sig niður og spurði hana, hvort hún gæti staðið upp. Þá virtist honum eins og hún væri að hrísta höfuðið og gefa í skyn, að hún gæti það ekki. Þá tók ákærði hana eins varlega upp af götunni eins og hann gat og setti hana í farangursgeymsluna. Ákærði reyndi að tala við hana og hughreysta hana og sagði, að hann myndi reyna að vera fljótur með hana á móti sjúkrabifreið.

Ákærði kveðst ekki hafa lokað farangursgeymslunni, en haft hana opna. Ætlun hans var að aka á móti sjúkrabifreiðinni, en ekki að bíða á staðnum, og hafi hann sagt Sveinbirni Garðarssyni það. Ákærði ók nú af stað og snéri við. Hann mætti flutningabifreið, en hún stöðvaði ekki.

Í lögregluskýrslu segir ákærði, að hann hafi ætlað að elta uppi vöruflutningabifreiðina, kallað í ökumann hennar í talstöð, en ekki náð sambandi. Vestan við Skeiðarárbrúna mætti hann flutningabifreið, em var á vesturleið. Hann hafði ætlað að stöðva hana og blikkað ljósunum, en hún ekki

stöðvað. Einnig kallaði hann í talstöðinni á þessa bifreið, en var ekki svarað. Þá kallaði ákærði aftur í hina bifreiðina, en fékk ekki heldur svar frá henni. Hann hafi ætlað að biðja um, að kallað yrði á sjúkrabifreið frá Höfn, og aka sjálfur á móti henni með stúlkuna. Hann hafi þá hugsað sér að elta uppí vöruflutningabifreiðina, sem var á austurleið.

Ákærði kveðst hafa numið staðar á Skeiðarárbrú og hugað að stúlkunni. Hann hafi tekið á slagæð á hálsi hennar og hlustað eftir hjartslætti og komist að raun um, að hún var látin. Ákærði fann og, að hún var farin að kólna. Kom það mjög á ákærða, og vissi hann ekki, hvað hann átti af sér að gera. Hætti hann þá við að aka á móti sjúkrabifreiðinni og ók inn á afleggjara upp að grjótnámi, sem þarna er. Hann kveðst hafa reynt að ná sambandi í talstöð og tilkynna, hvar bifreiðin væri, en ekki náð sambandi. Ákærði opnaði farangursgeymsluna, er hann hafði numið staðar, og hugaði nánar að stúlkunni. Hafi hann þá sannfærst um, að hún var látin.

Ákærði fór síðan á brott frá bifreiðinni og tók með sér riffilinn, haglabyssuna og skotin. Hélt hann upp á grjóttöldu við Svínafellsjökul og dvaldist þar í 3-4 klukkustundir og hugsaði málið. Kveðst hann hafa verið að hugleiða að fyrirfara sér. Hann hafi síðan gengið af stað og hugsað sér að ganga eitthvað yfir jökulinn, en hætt við það. Það varð úr, að ákærði faldi sig í skúta í Hafrafelli. Hann hlóð báðar byssurnar og hafði þær hjá sér. Ákærði neitar að hafa ætlað að nota þær gegn leitarmönnum, en getur ekki gefið nánari skýringu á þessu. Ákærði fannst í umræddum skúta að morgni 18. ágúst. Hann hafði fylgst með leitarmönnum og flugvélum, sem voru að leita hans, en ekki gert vart við sig.

Ákærða var kynntur framburður vitnisins Snorra Magnússonar um fund hans í hlíðum Hafrafells. Kvað hann framburðinn réttan.

Ákærði kannast við að hafa krotað eftirfarandi á skefti riffils þess, sem hann var með: „Þær voru með hss og þegar ég sagði þeim að koma með á stöðina þá réðust þær á mig ég veit ég gerði vitleisu þess vegna því þið hefðuð aldrei trúað mér.“

Ákærða var kynnt skýrsla Grétars Sæmundssonar um skoðun á „skotdragi og halgdreifingu“ haglabyssu þeirrar, sem ákærði notaði umrætt sinn. Kveðst ákærði ekkert geta um skýrsluna sagt.

Ákærða var kynnt ályktun um dánarorsök við krufningu á líki Yvette Marie Bahuaud. Ákærði tók fram, að farangursgeymsla bifreiðarinnar hefði aldrei verið lokuð, á meðan hann taldi, að stúlkann væri á lífi. Ákærða var kynnt athugun, sem gerð varð á þessu, en hann kvaðst halda fast við framburð sinn um þetta.

Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 18. ágúst sl. var ákærði spurður að því, hvort hann hefði gert einhvern reka að því, að stúlkunni, sem hann

sló í sæluhúsinu með byssuskeftinu, yrði komið til hjálpar. Ákærði sagði það hafa farist fyrir hjá sér að segja vörubifreiðastjóranum frá þessu. Hann hafi ætlað sér að kalla í talstöð og láta vita af stúlkunni, en ekki náð sambandi.

Ákærði hefur skýrt m. a. svo frá talstöð þeirri, em var í bifreið hans, styrk hennar og langdrægni:

„Talstöðin er af tegundinni Benco, 40 rása og bæði FM og AM, en það tákna, að um er að ræða hálfrásir sem hægt er að nota á stuttum vegalengdum, ef skvaldur er á hinum rásunum. Sendistyrkur er annað hvort 3 eða 5 wött. Skilyrði á sandinum eru mjög slæm, þannig að yfirleitt er ekki hægt að ná nema stutta vegalengd. Þó er þetta blettótt þannig, að einn staður er betri en annar.“

.....

„Þarna í Öræfunum var ekki nema um eina fasta talstöð að ræða, en hún var hjá landvörðum í Skaftafelli. Sú stöð var ekki í góðu lagi, þannig að bæði heyrðist ekki vel í henni og einnig illa frá henni. Ég var búinn að skoða þessa stöð og fann að ástæðan fyrir þessu var sú að standbylgjan á stöðinni: var yfir hættumörk. Ég hafði prófað að ná sambandi úr bíl mínum og við talstöðina í Skaftafelli. Sambandið var gott, þegar ég var staddur á Skeiðarárbrú, en versnaði mjög, þegar ég var kominn vestur fyrir brúna. Þó var að degi til hægt að ná sambandi á smáblettum og voru tveir slíkir á veginum vestan við sæluhúsið. Á kvöldin var vonlaust að ná sambandi fyrir vestan brúna vegna skvaldurs í útflöngum. Sama var að segja um morgnana, en þetta lagaðist oft eftir kl. 22.00 á kvöldin.“

.....

„Sem áður sagði var stöðin í Skaftafelli eina fasta stöðin og í bílum í sveitinni vissi ég ekki um aðra talstöð en í bílnum hjá Ólafi lögreglumanni á Svínafelli.“

.....

„Ég kallaði alltaf á rás 6, en það er kallrásin.“

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi um verslunarmannahelgina 1982 komið að ferðamönnum í skipbrotsmannaskýli á Breiðamerkursandi austan við brúna. Þar var lýður að sögn ákærða, sem var búinn að svína allt út, og einnig var verið að elta lamb. Ákærði kallaði til þeirra, sem voru að þessu, og hættu þeir þá, en síðan tilkynnti hann þetta til lögreglunnar, sem var stödd í Skaftafelli.

Ákærði sagði það rétt, að hann hefði skýrt lögreglunni frá því, að þarna hefði fólk verið að neyta fikniefna. Hann hefði talið það fullvíst. Ástæðan var sú, að hann spurði fólkið, hvort það væri að reykja hass. Þegar hann gekk eftir svári og sagði, að lyktin leyndi sér ekki, svaraði kynblendingur

honum og sagði: „Just a one pipe man“, og taldi hann þetta viðurkenningu, enda leyndi lyktin sér ekki að sögn ákærða.

Ákærði var beðinn að skýra frá kynnum sínum af fikniefnum og hvernig hann geti ályktað, að um hassreykingar hafi verið að ræða og farið þar eftir lyktarskyni.

Ákærði kvadst vera búinn að koma inn á það marga staði, þar sem fólk hefði verið að reykja hass, bæði hér á landi og einnig í Kaupmannahöfn, að hann telji sig vera fullfæran um að greina slíkt eftir lyktinni. Sjálfur hafi hann ekki neytt slíkra efna og sé það nokkuð, sem hann myndi aldrei láta inn fyrir sínar varir eða ofan í lungu.

Þá staðfesti ákærði, að hann hefði stöðvað mann sem hann þekkti ekki, fyrir of hraðan akstur og átt tal við hann. Var ákærði þá með F.Í.B. merkin á bifreið sinni.

Rétt þykir, að eftirfarandi komi fram, sem haft er eftir ákærða í geðheilbrigðisrannsókn um málsatvik:

„Grétar lýsir síðan atburðarásinni og samskiptum sínum og frönsku stúlkunnanna tveggja fram á mánudagskvöld eins og þegar hefur komið fram við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, skýrslur dags. 18.8., 1.9. og 22.9. 1982. Þá um kvöldið hafi hann síðan ákveðið að aka vestur á Skeiðarársand til að kanna, hvort þar væru nokkrir vegfarendur, sem þörfnuðust aðstoðar. Þegar hann hafði farið framhjá afleggjaranum að sæluhúsinu á Skeiðarársandi, þá hafi hann talið sig sjá til mannaferða við húsið og hafi sér þá dottið í hug að kanna þetta betur og að athuga hvort allt væri í lagi hjá stúlkunum. Þegar hann hafi hins vegar komið inn í sæluhúsið, hafi stúlkurnar verið þar einar og lagstar fyrir í kojum sínum. Hins vegar kveðst Grétar strax hafa orðið sannfærður um það að stúlkurnar hefðu verið með hass því lyktin hefði ekki leynt sér. Þetta hafi verið „eins og að verða fyrir hundsbiti“, því hann hafi talið sig veita þeim góða aðstoð þá fyrir um daginn. Hann hafi þá óskað eftir því að þær kæmu með sér til lögreglunnar á Höfn, en hann vildi fá úr því skorið hvort þær væru með hass í fórum sínum og þá jafnframt að sanna fyrir yfirvöldum smygl útlendinga á hassi inn í landið. Eftir nokkur orðaskipti skildist honum þær ætluðu að pakka saman farangri sínum og fór hann á meðan aftur úti í bíl. Hann kveðst síðan hafa beðið í bíl sínum í liðlega 5 mínútur en fór þá að leiðast biðin. Á þessum tíma var hann að velta fyrir sér hvernig stúlkurnar hefðu haft efni á því að vera hér á landi í 11 vikur eins og þær höfðu tjáð honum og datt þá í hug að e.t.v. hefðu þær flutt með sér og selt hass sér til framdráttar. Þegar hann fór inn í sæluhúsið í seinna skiptið þverneituðu þær að koma með honum og styrktist grunur hans um að þarna væri eitthvað að. Grétar segir að þá hafi „hlaupið í sig einhver þrái“ og hann farið aftur út í bíl sinn og sótt þangað haglabýssuna og bút af

rafmagnssnúru. Hann hafi gert sér ljóst að hann réði ekki einn við þær báðar og því hafi hann ætlað að ógna annarri til að binda hendur hinnar og færa síðan til Hafnar. Ég var viss um að útlendingar myndu frekar respektera byssu“. Þegar hann kom að skálanum í þriðja sinn, og þá með byssuna og vasaljós í höndunum reyndi hann enn að fá þær til að koma með sér án árangurs. Grétar segir að þær hafi síðan reynt að skella á sig hurðinni og að síðan hafi eldri systirin (Marie Luce Bahuaud) reynt að klóra sig í framan, þetta hafi komið sér algjörlega á óvart og hann slegið frá sér með byssuskeftinu. Þá segir hann þær báðar hafa hlaupið á hann og kveðst hann þá muna að hann hafi orðið mjög æstur og jafnframt hræddur um að þær næðu af sér byssunni og myndu nota hana á hann sjálfan. Í áflogunum kveðst hann hafa hrint eldri systurinni inn á gólf, sú yngri (Yvette Marie Bahuaud) hafi þá hlaupið fram hjá honum um leið og skot hljóp úr byssunni. „Við þetta var eins og eitthvað spryngi inni í mér“. Telur sig hafa veitt eldri systurinni 3 högg með byssuskeftinu, var titrandi og æstur og atburðarásin var mjög hröð. Síðan snérist hann um með vasaljósið og lýsti í kringum sig og vissi í fyrstu ekki hvað hann átti að gera. Ók niður á veg og sá þá yngri systurina hlaupandi á veginum. Grétar kveður hana hafa veifað en síðan hlaupið undan þegar hún sá bilinn. Um þetta leyti bar að ljósgeisla vörubifreiðar. Grétar kveðst hafa skotið upp í loftið og taldi að stúlkan myndi stoppa við það. Þegar vörubifreiðin nam staðar kom stúlkan hlaupandi að og Grétar gekk til hennar. Grétar kvaðst hafa sagt bifreiðastjóranum að það hefði orðið smáslys þarna á veginum og beðið hann að hringja í lögreglu, og að Grétar myndi sjálfur aka stúlkunni á móti sjúkrabifreið. Þá sá hann að stúlkan var blóðug á vanga og varð mjög skelkaður en kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir í fyrstu hvað skeð hefði. Þegar hann tók stúlkuna síðan frá vörubifreiðinni var eins og hún sigi niður í höndunum á honum og fann hann þá að hún var blóðug ofarlega á baki. Grétar kveðst þá hafa fyllst skelfilegri tilfinningu og verið gagnstekinn ofsalegum kvíða og sektarkennd. Kveðst ekki hafa vitað hvað hann ætti af sér að gera en reyndi eftir megni að halda einhverri skynsemd. „Allt skeði svo hratt að ég gat varla gert mér grein fyrir atburðarásinni.“ Ákvað að reyna að aka móti sjúkrabifreiðinni og setti stúlkuna í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Á leiðinni slóst skottlokið til og stoppaði hann því á Skeiðararbrú og varð þess þá var að stúlkan var með starandi augu, fann engan púls né hjartslátt og gerði sér grein fyrir því að hún mundi látin. Var þá eins og öll sund lokuðust honum og „best að láta sig bara hverfa.“ Lagði hann síðan bifreiðinni á hliðarvegi og kallaði um talstöðina hvar bifreiðin væri staðsett og hljóp síðan upp í fjallið með báðar byssurnar. Grétar var síðan í felum í fjallinu allan næsta dag og næstu nótt og hafði hugsað sér að fvrirfara sér með rifflinum. Hætti bó við þá ætlan sína og taldi

að e.t.v. gæti hann horfst í augu við þennan atburð og ennfremur „var nóg komið fyrir fjölskyldunni þó ég væri ekki líka að svipta mig lífi“. Hann ákvað síðan að gefa sig fram við leitarmenn.

Ákærða var sérstaklega kynnt þetta í dómi. Hann kvað þetta vera heildarmynd af atburðinum, en tók fram, að hann hefði verið búinn að sjá blóð á vanga stúlkunnar, áður en hann tók hana frá flutningabifreiðinni. Annað kvaðst ákærði ekki hafa að athuga við það, er að framan greinir í geðheilbrigðisrannsókn. Það sé rétt, að hann hafi farið þrisvar í dyragætt sæluhússins úr bifreiðinni, þegar hann kom þangað í seinna skiptið. Þegar hann kom í dyragættina í annað sinnið, hefði hann verið búinn að bíða í bifreiðinni í 5 mínútur, þar sem hann bjóst við, að stúlkurnar kæmu út.

Sampröfun fór fram milli ákærða og vitnisins Marie Luce um það, er í milli ber í framburðum þeirra.

Ákærði var kynntur framburður vitnisins um, að það hefði ekki séð byssur í bifreiðinni Z-1540. Ákærði kvaðst vísa til fyrri framburðar um þetta atriði. Hann hélt því fram, að byssurnar hefðu verið í bifreiðinni, að því er hann best man. Hann sagðist hafa sett byssurnar í bifreiðina viku áður, þegar hann var á gæsaveiðum, en tekið þær á brott, þegar hann fór til Reykjavíkur. Hann hefði farið að svipast um eftir minkum laugardaginn 14. ágúst á bifreiðinni og tekið byssurnar með sér. Ákærði kvaðst hafa sett aðalfarangur stúlkunnanna í farangursgeymslu, en einhver smáfarangur var settur í aftursætið.

Ákærði kveðst hafa sýnt stúlkunum meðlimakort F.Í.B. í sæluhúsinu, þegar hann kom þangað í síðara skiptið. Hann neitaði að hafa sýnt stúlkunum kort í bifreiðinni.

Ákærða var kynntur framburður vitnisins um, að hann hefði sýnt þeim grátt kort með mynd af sér í sæluhúsinu. Ákærði vildi ekki viðurkenna, að þetta væri rétt. Hann hefði aldrei sýnt vitninu annað en F.Í.B. kortið. Vitnið vísaði til framburðar síns um þetta, en sagði, að þetta væri sagt eftir minni.

Ákærði kveðst viðurkenna, að hann hefði sagt stúlkunum, að starfssvæði hans væri á milli Jökulsár á Breiðamerkursandi og Skaftafells. Hins vegar vildi hann ekki viðurkenna, að hann hefði sagt þeim, að hann ynni með lögreglunni. Vitninu var kynntur framburður ákærða en það hélt fast við framburð sinn.

Ákærði sagði, að hann hefði sagt stúlkunum, þegar þær spurðu, hvort hann væri á leiðinni að Skaftafelli, að hann væri á leiðinni að Hofi, en það væri í sömu átt. Að sögn vitnisins getur þetta verið rétt.

Ákærði kveðst hafa bent stúlkunum á, þegar að Hofi kom, að hann ætti þar heima. Vitnið sagði þetta ekki rétt.

Ákærði kveðst hafa notað orðið „road-service“ yfir starf sitt. Vitnið

kvað geta verið, að ákærði hefði notað þetta orð, en vísaði að öðru leyti til framburðar síns.

Ákærða var bent á, að vitnið segi, að hann hafi komið í sæluhúsið um kl. 23.30. Ákærði kveðst ekki hafa titið á klukku, en álitur, að hann hafi komið um kl. 23.00 og miðar þá við vegalengdir.

Ákærða var kynntur framburður vitnisins um, að hann hefði komið í sæluhúsið í fyrsta skiptið, þegar hann kom í síðara sinnið, með vasaljós í annarri hendi, en byssuna í hinni. Vitninu var kynntur framburður ákærða um, að hann hafi einungis verið með vasaljósið. Vitnið hélt fast við framburð sinn um, að ákærði hefði einnig verið með byssu. Samprófun var reynd um þetta, en samræmi náðist ekki, og hélt hvort fast við framburð sinn.

Ákærða var kynntur framburður vitnisins um það, að hann hefði skýrt vitninu og systur þess frá því, þegar hann kom í sæluhúsið, að lögreglan á Akureyri hefði hringt til sín og sagt sér, að þær reyktu hass, og bedið hann um að fara með þær til lögreglunnar á Höfn í Hornafirði til rannsóknar á þessu. Ákærði neitaði því að hafa nokkurn tímann nefnt Akureyrarlögregluna við vitnið eða sagt, að hann væri að sækja þær fyrir lögreglu. Hann hefði hins vegar spurt stúlkurnar, hvort þær hefðu komist í kast við lögregluna á Ísafirði og Akureyri. Ákærði var spurður um það, af hvaða tilefni hann hefði spurt um þetta. Sagði hann, að hann hefði gert það, þegar hann taldi sig finna hasslykt í sæluhúsinu.

Vitninu var kynntur framburður ákærða um, að hann hefði fundið hasslykt í sæluhúsinu. Vitnið kvaðst algjörlega mótmæla þessu. Það sé tilhæfulaust, að þær hefðu reykt hass. Tók vitnið fram, að þær hefðu ekki heldur reykt sigarettur. Ákærði sagði, að reykur hefði ekki verið í lofti í sæluhúsinu, en hins vegar hefði hann talið sig finna lykt af hassi.

Að sögn vitnisins elduðu þær ekki mat í sæluhúsinu. Gas var ekki á hitunartæki, sem þær voru með, og hitunartæki, sem var í sæluhúsi, var í ólagi.

Vitninu var kynntur framburður ákærða um, að hann hafi ætlað að flytja þær til lögreglumanns í Svínafelli. Vitnið sagði, að þetta væri ekki rétt, ákærði hefði alltaf talað um lögregluna á Höfn. Ákærði vísaði til framburðar síns um þetta. Hann hefði alltaf talað um Svínafell, en stúlkurnar ekki virst skilja það. Kvaðst ákærði hafa sagt þeim, að lögreglumaðurinn í Svínafelli tilheyrði lögreglunni á Höfn.

Ákærði kvaðst ekki muna, hvort stúlkurnar buðu honum að skoða í farangur þeirra. Vitnið hélt fast við það, að þær hefðu boðið honum þetta. Það minnir, að ákærði hafi sagt, að hann mætti ekki leita í farangrinum.

Ákærða var kynntur framburður vitnisins um, að hann hefði ætlað að binda aðra stúlkuna með rafmagnsvírnum og fara með hana á brott í bif-

reiðinni. Ákærði kveðst hafa ætlað að fara með báðar stúlkurnar á brott og hafa aðra bundna. Vitninu var kynnt þetta. Það kvaðst hafa skilið þetta þannig, að ákærði ætlaði að fara einungis með aðra þeirra.

Ákærði kveðst hafa bedið eftir stúlkunum í bifreiðinni nokkra stund, áður en hann fór í sæluhúsið í annað skiptið. Stúlkurnar höfðu fallist á að koma og voru að taka saman dót sitt. Þegar þær komu ekki, fór hann aftur í sæluhúsið. Vitninu var kynntur þessi framburður ákærða. Það sagði það rangt hjá ákærða, að þær hefðu nokkurn tímann samþykkt að fara með honum. Þær hefðu tekið saman dót sitt, þar sem þær héldu, að ef til vill þyrftu þær að fara með ákærða. Þegar ákærði kom hins vegar aftur með vörinn, hefðu þær áttað sig á því, að ákærði sagði ekki satt.

Ákærði sagði, að þegar hann fór út í bifreiðina í annað skiptið, hefði hann reynt að ná talstöðvarsambandi við lögreglumanninn í Svínafelli, en án árangurs. Ákærði kveðst hafa sagt stúlkunum, að hann ætlaði að reyna þetta, áður en hann fór út í bifreiðina.

Ákærða var kynntur framburður vitnisins um, að ákærði hefði verið með einhvern þungan hlut í hendi, þegar hann kom í sæluhúsið í þriðja skiptið. Vitnið kvaðst halda fast við framburð sinn um þetta og að ákærði hefði greitt henni fyrsta höggið með þessum hlut. Ákærði mótmælti því, að hann hefði verið með þungan hlut í hendi, svo sem vitnið heldur fram. Hann hefði einungis verið með byssuna, vasaljósið og vírana, þegar hann kom í þriðja skiptið. Að sögn ákærða er það rétt hjá vitninu, að hann hafi alls farið þrjár ferðir í sæluhúsið, þegar hann kom í síðara skiptið þangað. Í síðustu ferðinni hefði hann sótt vírana og byssuna. Vitninu var kynnt þetta, en það hélt fast við fyrri framburð sinn um, að ákærði hefði verið með byssuna, þegar hann kom í sæluhúsið í fyrsta skiptið.

Framburður vitnisins um upphaf átakanna var lesinn fyrir ákærða. Hann kvaðst mótmæla framburðinum að svo miklu leyti sem hann fari í bága við framburð sinn og vísaði til framburðar síns.

Vitnið tók fram, að hefði ákærði ekki haft byssuna með sér í fyrsta og annað skiptið, hefðu þær reynt að forða sér á brott og hlaupa niður á veg í veg fyrir vörflutningabifreið, sem fór fram hjá.

Vitnið hélt fast við það, að ákærði hefði haldið þannig á byssunni, að hlaupið vísaði inn í sæluhúsið. Ákærða var kynntur þessi framburður. Hann hélt því fram sem áður, að skeftið á byssunni hefði vísað inn í húsið, en hlaupið aftur. Vitnið sá mynd nr. 86 af sviðsetningu á þessu. Vitnið kvað það ekki rétt, að ákærði hefði haldið á byssunni eins og þar sýnir.

Framburður ákærða um átökin í sæluhúsinu var lesinn fyrir vitnið, og einnig var lesinn framburður vitnisins um átökin. Ákærði kvaðst halda sig við sinn framburð og mótmæla framburði vitnisins. Vitnið sagði framburð ákærða um átökin rangan. Ákærði hefði ráðist á það og barið það að fyrra

bragði. Það neitaði því, er ákærði sagði, að það hefði stokkið á hann og eins og ætlað að klóra hann í framan og náð síðan taki á hálsi hans með annarri hendinni, en tekið í skyrtuna á brjósti hans með hinni. Vitnið sagði, að þetta hefði að minnsta kosti ekki gerst, fyrr en ákærði hafði ráðist á það. Vitnið kvaðst ekki kannast við, að skot hefði hlaupið úr byssunni. Hefði ekki verið um neitt skot að ræða í sambandi við högg það, sem það fékk af byssunni.

Vitnið sá ljósmyndir nr. 84-93 af sviðsetningu atburðarins í sæluhúsinu. Vitnið kvað það alrangt, eins og sýnir á myndunum, að ákærði hefði haldið þannig á byssunni. Sagði vitnið, að svona væri ekki haldið á byssu, ef verið væri að ógna með henni, eins og ákærði hefði gert.

Í sambandi við framburð ákærða frá 6. júní vegna mynda nr. 35 og 36 var vakin athygli hans á framburði vitnisins um, að það hefði heyrð óp í systur sinni, þegar það kom til meðvitundar, síðan skot, þá aftur óp og skot aftur og bifreið síðan verið ekið á brott.

Ákærði kannaðst ekki við að hafa heyrð óp í stúlkunni, þegar hann var að leita hennar í nánd við sæluhúsið. Ekki kannaðist hann heldur við að hafa skotið á hana við sæluhúsið.

Vitninu var kynnt það, er ákærði segir um það, er hann veitti Yvette Marie eftirför. Vitnið hélt fast við fyrri framburð.

Vitninu var sýndur uppdráttur á dskj. nr. 20. Vitnið sagði það rétt vera, að þau hefðu ekið þrívægis yfir lónið á Jökulsá á Breiðamerkursandi í leit að gistirými í sæluhúsum, tvisvar í vestur og einu sinni í austur. Ákærði sagðist ekkert hafa við þennan framburð að athuga.

Við sampröfun ákærða og vitnisins Sveinbjörns Garðarssonar lýsti ákærði því yfir, að það gerði engar athugasemdir við framburð vitnisins og teldi hann réttan.

Ákærði tók fram, að hann hefði aldrei heyrð óp í stúlkunni og ekki greint orðaskil hjá henni, enda hefðu báðar bifreiðarnar verið í gangi.

Ákærði kvaðst hafa ekið af stað, fljótlega eftir að vitnið fór á brott. Hann hafði ekið skamman spöl, þegar hann mætti vöruflutningabifreið. Ákærði gerði tilraun til að stöðva ökumanninn, en hann sinnti ekki stöðvunarmerkjum ákærða. Ákærði kveðst bæði hafa kallað í talstöðina og blikkað ljósum, þegar það mætti bifreiðinni. Hann hafi séð til ferða bifreiðar vitnisins eftir afleggjaranum að Skaftafelli, er hann ók áfram austur úr.

Ákærða var kynntur framburður vitnisins Gunnars Auðuns Stefánssonar. Ákærði taldi sig hafa ekið á um 80 km hraða, þegar það mætti Gunnari Auðuni umætt sinn. Hann kvaðst hafa blikkað ljósunum til að fá Gunnar Auðun til að nema staðar, en það ekki tekist.

Í ódagsettu bréfi Félags íslenskra bifreiðaeigenda til rannsóknarlögreglu ríkisins segir á þessa leið:

„Vegna þess atburðar sem átti sér stað í Öræfasveit 16.-17.08. s.l. og Grétar S. Árnason er talinn hafa valdið, telur Félag íslenskra bifreiðaeigenda sér bæði rétt og skylt að koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri.

1. Meintur árárarmaður sá er handtekinn var á Svínafellsjökli sl. miðvikudag var ekki starfsmaður FÍB þegar umrætt atvik átti sér stað. Hann bauðst í gegnum Umferðarráð, til þess að hafa bifreiðaverkstæði sitt að Hofi í Öræfum opið síðustu helgina í júlí og um verslunarmannahelgina og sinna viðgerðarbeiðnum væri til hans leitað. Taldi félagið það til mikilla hagsbóta fyrir vegfarendur.

2. Vegaþjónustubifreiðar þær sem sinna áttu umræddu svæði voru FÍB 8 sem gerður var út frá Vik í Mýrdal að Skaftafelli og FÍB 7 sem gerður var út frá Höfn í Hornafirði að Skaftafelli. FÍB 4 átti hins vegar eingöngu að sinna þjónustu að Hofi, svo sem fyrr er sagt.

3. Frá sunnudeginum 8. ágúst hefur vegaðþjónusta FÍB ekki verið starfrækt.

4. Grétari Sigurði Árnasyni var því aldrei falið af FÍB að sinna umsjónarmannsstarfi á Skeiðarársandi.

5. Hann hefur aldrei fengið neinar greiðslur frá FÍB, svo sem vegaðþjónustumenn félagsins fá og aldrei ætlast til þess, að hann sinni slíkum störfum. Hann hefur því tekið þau að sér alfarið upp á eigin spýtur.“

Bréf þetta á að vera dagsett 23. ágúst 1982 að sögn vitnisins Hafsteins Vilhelmssonar, framkvæmdastjóra félagsins.

Vitnið kveður ákærða einungis hafa átt að hafa verkstæðið opið að Hofi í Öræfum síðustu helgina í júlí og um verslunarmannahelgina 1982 og sinna viðgerðarbeiðnum. Hann átti hins vegar ekki að sinna viðgerðarþjónustu úti á vegum. Ákærði fékk send flögg til að hafa á viðgerðarverkstæðinu. Vitnið kannaðist ekki við, að F.Í.B. hefði látið ákærða fá skilti á bifreiðina. Kvað það skilti, eins og ákærði var með, ekki vera á vegaðþjónustubifreiðum F.Í.B. Númer þau, sem vegaðþjónustubifreiðarnar nota, eru kallnúmer í talstöð að sögn vitnisins. Númerið F.Í.B. 4 var ávallt tilkynnt sem staðsett að Hofi í Öræfum.

Vitnið Hafsteinn Vilhelmsson kveður ákærða hafa fengið fána og önnur gögn, er í framburði greinir, frá F.Í.B., en sagði, að skiltið, sem ákærði var með á bifreiðinni, væri ekki þaðan. Vitnið kannaðist ekki við að hafa rætt við ákærða um festingu þess á bifreiðina.

Talstöð sú, sem ákærði var með, átti að sögn vitnisins ekki að notast á vegum F.Í.B. í bifreiðinni Z-1540, heldur átti að nota hana á verkstæði ákærða, en þangað átti að koma með bifreiðar til viðgerðar.

Ákærði kvaðst halda fast við fyrri framburð um þetta atriði.

Vitnið Óli Hörður Þórðarson, framkvæmdastjóri Umferðarráðs, hefur mætt í dómi. Vitnið neitaði því, að Umferðarráð hafi haft milligöngu um það, að ákærði var ráðinn til að annast viðgerðarþjónustu á vegum F.Í.B.

Vitninu var kynnt bréf F.Í.B. til rannsóknarlögreglu ríkisins. Vitnið kveður Umferðarráð hafa leitað til F.Í.B. með tilmælum um, að bifreiðaverkstæði væru sem víðast opin um verslunarmannahelgina 1982. Hins vegar hafði Umferðarráð ekki milligöngu um, að einstök verkstæði eða einstakir menn önnuðust þessa þjónustu.

Vitnið kveður ákærða hafa átt símtal við sig þriðjudaginn eftir verslunarmannahelgina 1982. Ræddi ákærði við vitnið um þá hættu, sem vegfarendum stafaði af hinum miklu vegalengdum, einkum að vetrarlagi, á hinum víðáttumiklu söndum og átti þá við Skeiðarársand. Vitninu virtist ákærði fullkomlega eðlilegur og rólegur, á meðan á þessu samtali stóð og virtist í hvívetna bera almenningsheill fyrir brjósti.

Vitnið tók fram, að því sé ekki kunnugt um samskipti ákærða við F.Í.B. og geti ekkert um þau fullyrt.

Vitnið Hafsteinn hélt því fram sem áður við sampröfun, að ákærði hefði haft samband fyrst við Umferðarráð vegna vegapjónustu og það vísað honum á F.Í.B. Vitnið Óli Hörður kvaðst ekki muna eftir þessu og ekki kannast við þetta.

Vitnið Finnbogi Rósinkrans Gunnarsson verkamaður, Álfheimum 40, kveðst hafa verið í vegapjónustu F.Í.B. tvö undanfarin sumur. Rétt fyrir verslunarmannahelgina 1982 var það beðið um að útbúa merkingu á vegapjónustubifreið á vegum F.Í.B. Stúlka á skrifstofu félagsins bað vitnið um þetta. Vitnið sá skiltið, sem var á bifreið ákærða Grétars Sigurðar með áletruninni „FIB vegapjónusta 4“ og merki F.Í.B. til hliðar. Vitnið kveðst hafa búið til umrætt skilti. Vitnið afhenti skiltið á skrifstofu F.Í.B., og tók stúlka, sem var í sendiferðum þar, við því. Hafsteinn Vilhelmsson ræddi þetta ekki við vitnið, og veit vitnið ekki um þátt hans í þessu. Vitninu var sagt í þessu sambandi, að eitt skilti vantaði á eina vegapjónustubifreið F.Í.B. Vitnið útbjó ekki festingar á skiltið. F.Í.B. greiddi vitninu fyrir útlögðum kostnaði vegna skiltisins, en vinnulaun fékk það ekki fyrir gerð þess.

Vitnið vissi ekki fyrr en síðar, er mál þetta kom til sögunnar, hver hafði fengið skiltið.

Vitnið kveðst hafa smíðað mjög svipað skilti á bifreið þess sem merkt var F.Í.B. 3 og var við vegapjónustu, eins og áður greinir.

Vitninu Hafsteini Vilhelmssyni var kynntur framburður framangreinds vitnis.

Vitnið kvaðst ekkert hafa við framburðinn að athuga og engum andmælum hreyfa við honum. Vitnið kveður margnefnt skilti, sem ákærði var

með á bifreiðinni Z-1540, hafa verið búið til án sinnar vitundar og hafa verið sent til hans. Vitnið komst ekki að þessu, fyrr en eftir að það hitti Finnþoga Rósinkrans Gunnarsson að máli miðvikudagsmorguninn 8. þ. m. og hann skýrði því frá þessu.

Í vottorði skurðeildar Borgarspítalans, dags. 24.9. 1982, undirrituðu af Bjarna Hannessyni lækni, um áverka á Marie Luce Bahuaud segir á þessa leið:

„Marie Luce Bahuaud fædd 20. júní 53 var flutt á skurðeild Bsp. þann 17.08.82 kl. rúml. 9 og kemur hún með sjúkraflugi frá Höfn í Hornafirði.

Samkv. uppl. sem fylgdu sj. þá hafði hún orðið fyrir líkamsárás þá um nóttina. Við skoðun þá er sj. með góðri meðvitund hún er frönsk en talar ágæta ensku og getur gefið allar persónulegar upplýsingar og er vel áttuð á stað og stund. Sj. var með mikla áverka á höfði og var hún með fjölmarga skurði í höfuðleðri. Mestu áverkarnir voru hæ. megin á höfði rétt hæ. megin við miðlínu og rétt aftan við mitt höfuð þar sem sj. var með mjög tættan stjörnulaga skurð ca. 10 cm langan og síðan voru smærri skurðir út frá þeim skurði. Undir þessum skurðum var mikil dæld í höfuðkúpuna og höfuðkúpan var brotin og höfðu beinbrotin ýttst inn um ca 2 cm. Þá var sj. með skurð á svipuðu svæði en vi. megin við miðlínu sá skurður var aðeins 4 cm á lengd og undir honum var sömuleiðis dæld í höfuðkúpu. Þá var sj. með skurð aftan á hnakka hæ. megin 3 cm langan og 2 cm langan skurð hægra megin á enni rétt framan við hárlínu. Við neurop. skoðun kom í ljós að sj. var með minnkaðan mátt vi. megin og var sj. með minnkaðan mátt í vi. handlegg og hönd ca  $\div 2$  af 4 mögulegum og svipað magnleysi var í vi. ganglim. Sj. var ekki með önnur áverkamerki. Rtg.myndir af höfði sýndu innkýlingu í hægri parietal svæði eins og sást við skoðun og var beinflaskið sem var ca  $10 \times 15$  cm með nokkuð mörgum brotum sem höfðu ýttst inn ca 2 cm. Vi. megin við miðlínu rétt aftan við fyrrnefnt brot var minni innkýling á beini ca  $2 \times 3$  cm. Þá sást að það var orðin mikil gliðnun á coronal suturum bilat. og einhver víkkun virtist vera á öllum hausamótum.

Sj. var þegar tekin til meðferðar og tilnefndum brotum hæ. megin á höfuðkúpu sj. var lyft og sárið var hreinsað upp og saumað saman. Það var ekki gat á dura mater.

Sj. heilsaðist vel eftir aðgerð og lömunin vi. megin minnkaði nokkuð við aðgerðina. Síðan fór sj. í tölvusneiðmynd af höfði þann 18.08. og fannst þá að sj. var með mikla blæðingu á milli dura mater höfuðkúpunnar yfir vi. frontal svæði. Sj. var þá aftur tekin til aðgerðar og þessi blæðing tæmd út.

Sj. hressist eftir þessar aðgerðir en við brottför þann 22.08.'82 þá var

sj. með fullri meðvitund og var enn með lómun í vi. hlið líkamans og var eðlil. andlega og með fullri meðvitund.

Áverkar sjúklings voru því:

1. Heilamar með magnsleysi í vi. hlið líkamans.
2. Blæðing milli heilabasts og höfuðkúpu (epidural haematoma, regio frontalis sin.)
3. Opið innkýlt höfuðkúpubrot (fract. crani regio paritalis dx.)

Sj. var síðan flutt til Frakklands þann 22.08.82 og hef ég ekki haft frekari fregnir af henni.“

Þá segir svo í vottorði frá Læknamiðstöðinni í Nantes í Frakklandi, dagsettu 18. nóvember sl., um meiðsli Marie Luce í þýðingu löggilts skjalabýðanda:

„Ég undirritaður, F. RESCHE prófessor, votta að Ungfrú Marie-Luce BAHUAUD fædd 20. júní 1953 til heimilis: 7, La Foresterie 44120 - Vertou, var lögð inn á taugaskurðlækningadeildina 22. ágúst 1982 og var þar til 10. september. Hún kom frá Borgarspítalanum í Reykjavík, en þangað kom hún eftir árásina 18. ágúst 1982.

Hún var með mörg brot á ofanverðri höfuðkúpu undir margvíslegum sárum á hörundi eftir áverka á höfuðsverði (sár, marbletti, yfirborðsmeiðsl). Gert hafði verið í skyndi að þessum sárum í Borgarspítalanum. Til viðbótar áverkum á höfuðkúpu kom til blóðpollur utan harðhimnu (extra dural), sem einnig var gert að með skurði í Borgarspítalanum.

Þegar ungfrú Bahuaud kom inn í taugadeildina, var meðvitund hennar fullkomlega eðlileg, en hún var með vinstri helftarlómun.

Hörundið hafði ekki gróið nægilega vel, og reyndist því nauðsynlegt að taka aftur upp skurðaðgerð hinn 1. september 1982 (Læknir Menegalli Boggelli).

Ungfrú Bahuaud fór úr deildinni 10. september. Hörundið var endanlega fullgróið hinn 13. september.

Ungfrú Bahuaud kom aftur til lækniSSkoðunar hinn 15. nóvember 1982. Ekki koma fram hjá henni nein starfræn óeðlileg frávik eftir áverkann. Taugarannsókn sýnir eðlilegt ástand, nema hvað endanlega eru til staðar yfirviðbrögð beinasina (hyperréflexivité ostéo-tendineuse) vinstra megin. Ekki eru neinar eftirstöðvar um skerty (svo) hreyfiafl (déficit moteur). Rannsókn á augnbotni sýnir eðlilegt ástand. Heilalínurit tekin hinn 15. nóvember sýnir óreglulega braut (tracé) án merkis um staðsetningu.

Líta má svo á, að ástand ungfrú Bahuaud sé orðið traust hinn 15. nóvember 1982. Henni er heimilt að taka aftur upp launaða atvinnu.

Einungis ber að athuga, að halda skal enn áfram meðferð með róandi

lyfjum (traitement barbiturique) í minnkandi skömmtum sex mánaða tíma, 7,5 cg í tvo mánuði 5 cg næstu tvo mánuði, 2,5 cg þar næstu mánuði, áður en allri lækni meðferð er hætt.“

Réttarkrufning fór fram á líki Yvette Marie Bahuaud hinn 18. ágúst. Í skýrslu Ólafs Bjarnasonar prófessors um krufninguna segir m.a. á þessa leið:

„Líkið kemur í Rannsóknastofuna klætt í brúna lopapeysu með mynstri, ljósbláan stuttermá nærból, smáköflóttar bómullar síðbuxur, vínrauðar ullarsokkabuxur, hvítar, stuttar nærbuxur og með græn legghá gúmmistíg-vél nr. 36 á fótum. Verulegt storkið blóð var í fötunum, einkum lopapeysu og nærból. Þá var einnig töluvert blóð í nærbuxunum. Fjöldamörg skotgöt voru á baki lopapeysunnar og nærbolsins.“

.....

„Krufningin:

„Líkið er af 160 cm háum kvenmanni, sem er í meðalholdum. Líkið er alstírt og förlauðbláleitir líkblettir dreifðir um aftanverðan líkamann. Miklir áverkar eru sýnilegir á aftanverðu líkinu. Er hér um að ræða dreifð innskotsop, sem dreifast frá hvirfli og niður á hægri rasskinn, en eru flest á ofanverðu baki og vinstri upphandlegg og verða á þessu svæði talin 39 innskotsop af svipaðri stærð, þ.e.a.s. 0.5 cm í þvm. Auk þess verða talin ein 8 innskotsop á aftanverðum hálsi allt upp í hársvörðinn neðst. 2 op eru vinstra megin í hnakka og eitt op efst aftan til í hvirflinum aðeins vinstra megin við miðlínu. Að lokum er inn- og útskotsop í vinstra gagnauga og er innskotsopið aftar en útskotsop 2 cm framar. Er svo að sjá sem kúla hafi farið þarna í gegn eða stöðvast í húðinni við útskotsopið.“

.....

„Vinstri andlitshelmingur er ataður storknuðu blóði, sem einnig dreifist út á neðanverða hægri kinn og vanga. Mikið storknað blóð er í höfuðhári, einkum vinstra megin og á aftanverðu höfðinu. Storkið blóð er á báðum höndum, einkum þeirri hægri. Innskotsop á baki eru dreifð um svæði, sem mælist 85.5 × 38.0 cm.

Önnur áverkamerki en að ofan getur sáust ekki við ytri skoðun á líkinu.“

.....

„Brjóst- og kviðarhol opnað: Kviðveggsfita mælist 2.3 cm á þykkt. Enginn vökvi er í kviðarholi. Peritoneum er slétt og gljáandi. Hægra megin í brjóstholi eru 500 ml og vinstra megin 90 ml af blóði. Við athugun á thorax innanverðum sjást skotgöt á 4 stöðum hægra megin miðsvæðis aftan til og á tveim stöðum vinstra megin aftan og ofan til. Að öðru leyti er plerua parietalis beggja vegna slétt og gljáandi.

Hjarta og æðakerfi: Í pericardium eru 50 ml af blóði. Miðsvæðis á bakfleti pericardium parietale er skotop.

Hjartað vegur 200 g. Það er ekki að sjá stækkað eða þanið. Ofantil á miðjum bakfleti vinstra afturhólfs er skotop í epicardium. Frá því liggur blæðingarrák inn í gegnum hjartavegginn og í rák þessari finnst hagl, sem liggur um 1 cm undir yfirborði bakveggjarins inni í hjartavöðvanum sjálfum. Ekkert sérstakt athugasvert er að sjá á endocardium eða lokum. Kransæðar eru sléttar og gljáandi innan og ekki merki um athercmatosis eða kalk í þeim. Hjartavöðvinn er á gegnskurði rauðbrúnleitur, stinnur átöku og homogen að undanskildri blæðingarrákinni eða skotganginum, sem að ofan er lýst í bakfleti vinstra afturhólfs.“

.....

„Öndunarfæri: Hægra lunga vegur 190 g og vinstra 200 g. Aftan á hægra lunga eru 4 skotgöt, en aftan á því vinstra 2 skotgöt og er nokkur blæðing í lungnavefinn í kring. Að öðru leyti er ekkert sérstakt á lungunum að sjá, hvorki á yfirborði eða á gegnskurði. Eitt hagl var tekið úr hægra lunga. Í berkjunum er dálítið blóðlitað slím. Að öðru leyti ekkert á berkjunum að sjá. Í barkanum er einnig nokkurt blóðlitað slím, en á barkanum sjálfum ekkert sérstakt að sjá eða barkakýlinu.“

.....

„Miðtaugakerfi: Innskotsopum í aftanverðum hvirfli og vinstra megin neðan til í hnakka hefur áður verið lýst. Innan við innskotsopið í hvirflinum fannst útflött kúla eða hagl. Annað útflatt hagl fannst innan við innskotsop í hnakka. Í galea sáust blæðingar á nokkru svæði umhverfis innskotsopin. Högl höfðu hvergi farið í gegnum eða inn í kúpuhvelfinguna og voru ekki sýnileg nein brot á kúpubeinum. Heilinn vegur 1270 g. Hann er fixeraður í heilu lagi og verður honum nánar lýst síðar.

Áður en krufning var hafin var líkið flutt á röntgendeild Landsspítalans, þar sem teknar voru röntgenmyndir af höfði, hálsi og bók. Á röntgenmyndunum töldust 51 kúla eða högl og var svo að sjá sem allar kúlurnar eða höglín væru af sömu eða svipaðri stærð.

Lýsing á heila:

Fixeraður vegur heilinn 1150 g. Dura svarandi til hvirfils fylgir og er edlileg. Leptomeninges edlil., en smáar subarachnoidal blæðingar sjást á nokkrum stöðum yfir lobi frontales. Yfirborðsbláæðar eru áberandi blóðfylltar. Basis æðar og heilataugar edlilegar.

Á gegnskurði á stóra heila, litla heila og heilastofni er ekkert óedlilegt að sjá, en vefurinn er nokkuð áberandi blóðfylltur.

Smásjárskoðun:

Sýni voru tekin frá vulva og vagina, strokin á gler og Gram og Giemsa-lit. Í þeim sjást reglulegar flögubekjufrumur og stafлага bakterier.

Sæðisfrumur sáust ekki.

Í sneiðum úr lungum sjást contusionsblæðingar á blettum.

H.d.: Hæmorrhagiæ contusiones pulmonum.

Í sneiðum úr hjarta sjást contusionsblæðingar umhverfis skotgat.

H.d.: Hæmorrhagiæ contusiones myocardil.

Í sneiðum úr hnútt í lifur sést nokkur fitukúluiferð í lifrarfrumum.

H.d.: Steatosis localisata hepatis.

Samkvæmt réttarefnafræðilegu mati (Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði), sem fylgir hér með í ljósriti, var alkohol ekki í mælanlegu magni í blóði hinnar látnu. Koloxíðmettun blóðrauða var 1%. Ekki var unnt að sýna fram á kannabisefni í blóðinu.

Ályktun:

Samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu og því sem fannst við krufninguna er ljóst að konunni hefir verið ráðinn bani með því að hún hefir verið skotin í bakið af allöngu færi með haglabyssu.

Ekki er ólíklegt að andnað vegna innilokunar í farangursgeymslu bifreiðar hafi verið meðverkandi að dauða konunnar.“

Ólafur Bjarnason prófessor hefur mætt í dómi og staðfest krufningar-skýrsluna. Vitnið hefur skýrt frá því, að höglín, sem lentu í líkama Yvette Marie, hefðu fyrr en seinna valdið dauða hennar, ef ekkert var að gert. Það sé ekki gott að segja, hvort hægt hefði verið að bjarga lífi hennar, þótt hún hefði komist með dráttarbifreiðinni á brott og fengið hjálp. Innilokun í farangursgeymslu bifreiðar ákærða hafi hins vegar útilokað þetta. Lost hafi verið ein afleiðing skotárásarinnar á Yvette Marie og ein af orsökum dauða hennar. Líkur sé á því, að Yvette Marie hafi verið meðvitundarlaus, þegar hún var látin í farangursgeymsluna, en ekki sé hægt að segja um, hvernær hún lést.

Hannes Pétursson yfirlæknir framkvæmdi gedheilbrigðisrannsókn á ákærða. Í skýrslu hans, dagsettri 8. nóvember 1982, segir m. a. á þessa leið:

„Líkamleg skoðun og rannsóknir:

Grétar er meðalmaður á hæð og samsvarar sér vel. Hann gengur eilítið haltur en yfirbragð að öðru leyti ekki veikindalegt. Við kerfisbundna skoðun kom í ljós skert hreyfigeta á vinstri ganglim en ekki komu fram önnur einkenni eða vísbending um neina vefræna sjúkdóma. Blóðrannsókn þar með talin lifrar- og nýrnapróf var gert 15.-18.10.1982 og reyndust niðurstöður að mestu innan eðlilegra marka. Niðurstöður almennrar þvag-rannsóknar 18.10.1982 voru einnig innan eðlilegra marka. Heilalínurit tekið 13.10.1982 var eðlilegt.

Sigurgíslí Skúlason, sálfræðingur, lagði eftirtalin sálfræðipróf (11.-12.10.1982) fyrir Sigurð: Wechsler-greindarpróf fyrir fullorðna og MMPI-persónuleikapróf. Niðurstöður Wechsler-prófsins voru þær að munnlegur hluti prófsins mældist 98 og verklegi hlutinn 110. Greindarvísitala allt prófsins mældist því 103 og starfhæf greind er því í meðallagi

(meðaltal: 90-109). MMPI-þrófið gaf vísbendingu um þunglyndi en það sem rýrir gildi prófsins er hækkun á gildiskvarða þess. Þetta síðarnefnda gefur yfirleitt til kynna visvitandi tilraun til þess að gefa góða mynd af sjálfum sér þ.e.a.s. sýnast betri en maður er í raun og veru með því að neita að viðurkenna gallana.

#### Geðskoðun:

Grétar Sigurður er meðalmaður á hæð, samsvarar sér vel og útlit svarar til aldurs. Fyrir utan holti er ekkert sérstakt við limaburð hans, útlit eða klæðaburð sem getur talist sérkennandi eða óeðlilegt. Hann er fremur hæg-látur og rólyndislegur í framkomu. Hann var samvinnufús í viðtölum en nokkuð dulur og á stundum erfitt að fá hann til að tjá sig um persónuleg málefni. Virtist hér vera um vissan varnarhátt að ræða. Grétari lá frekar lágt rómur, röddin blæbrigðalítill en ekki varð vart neinna málvilla hjá honum. Lengst af var hann fremur dauflegur á svip og svipbrigðalítill en þó mátti greina hjá honum eðlileg tilfinningaviðbrögð í samræmi við umræðuefni hverju sinni. Geðslag einkenndist því af mikilli rósemi og e.t.v. vissri bælingu á tilfinningalífi. Engin viðbrögð komu fram er bent gætu til meiri háttar geðveiki svo sem ofskynjanir, haldvillur, sérvískulegur hugsunarháttur eða tjáningarmáti. Ekki varð heldur vart einkenna um meiri háttar taugaveiklun, svo sem áráttuhugsanir, óeðlilegur kvíði eða hræðsla. Hins vegar voru hugmyndir Grétars um fíkniefni, neyslu þeirra og smygl til landsins öfgakenndar, en þó á engan hátt í þeim mæli að sjúklegt geti talist. Minni hans gagnvart atburðum síðustu mánaða virtist vera allgott en hinsvegar gætti nokkurrar ónákvæmni að því er varðar tímasetningu á fyrri lífsferli. Dómgreind, einbeiting og hæfileika til afstæðra hugsana virtist í engu áfátt. Hann var fyllilega áttaður á stað og stund og eigin persónu.

#### Niðurstaða:

Ég tel að Grétar Sigurður Árnason sé ekki haldinn formlegri geðveiki (psychoses) og sýni ekki einkenni um meiriháttar taugaveiklunarviðbrögð. Né heldur er Grétar haldinn greindarskortri. Ég tel hann hins vegar haldinn persónuleikatrufunum (personality disorder) og að hann hafi skapbrest, sem e.t.v. má rekja til lélegra uppeldisskilyrða í bernsku og á unglingsárum. Tilfinningalíf Grétars virðist yfirborðskennt og fremur illa þroskað, sjálfmiðað og einnig gætir nokkurra öfga í skoðunum hans. Ennfremur er ljóst að Grétar Sigurður hefur misnotað áfengi um margra ára bil þó eitthvað hafi dregið úr þeirri neyslu síðustu 1-2 árin. Persónuleikatrufana Grétars virðist helst verða vart undir áhrifum áfengis og/eða undir miklu álagi og virðast viðbrögð hans þá geta orðið heiftarleg og allt að því tilviljanakennd þó sjálfstjórn sé sæmileg þess utan. Í því sambandi er hugsanlegt að lang-

varndi þreyta og svefnleysi ásamt eftirstöðvum mikillar áfengisneyslu kunni að hafa haft áhrif á aðdragandann að því atviki sem Grétar Sigurður er kærður fyrir. Að lokum tel ég að raunveruleikamat og dómgreind Grétars Sigurðar Árnasonar sé óskert og hann teljist því fyllilega sakhæfur.“

Rétt þykir, að eftirfarandi komi fram í máli þessu:

Sunnudaginn 5. október 1975 var lögreglan á Akureyri kvödd að Eiðsvallagötu 3 þar í bæ vegna heimilisófriðar. Þegar á staðinn var komið, kom í ljós, að illindi voru milli Grétars Sigurðar Árnas. og sambýliskonu hans, Sjöfnar Aðalsteinsdóttur, er þarna búa. Voru þau bæði undir áhrifum áfengis og Grétar Sigurður mjög æstur í skapi, og að sögn sjónarvotta hafði hann bæði lagt hendur á Sjöfn og einnig ógnað henni með byssu. Var Grétar handtekinn, en hann beitti mótþróa eftir mætti, svo að setja varð hann í handjárn.

Á staðnum voru tveir menn, og skýrðu þeir svo frá, að þeir hefðu hitt Sjöfn og systur hennar uppi í miðbæ á Akureyri og hefði Sjöfn boðið þeim heim til sín í kaffi, en þau þekktust vel. Hefðu þau síðan farið að Eiðsvallagötu 3 og stúlkurnar farið á undan inn. Hefðu þeir síðan heyrt háreysti mikla, og er þeir komu í dyrnar, sáu þeir, hvar Grétar Sigurður kom þjótandi út úr herberginu. Var hann með byssu í höndunum, sem hann miðaði á Sjöfn, sem þá sat í sófa í stofunni. Þar sem þeir hefðu ekki vitað, hvort byssan var hlaðin, hefðu þeir kastað sér á Grétar Sigurð og tekist að afvopna hann. Byssa þessi, sem var riffill, reyndist óhlaðin.

Laugardaginn 25. sama mánaðar og að framan greinir, kl. 03.30, var hringt á lögreglustöðina á Akureyri og óskað eftir aðstoð lögreglu að Eiðsvallagötu 3 þar í bæ vegna ósamkomulags heimilismanna.

Þegar lögreglumenn komu á vettvang, sáu þeir, að ljós loguðu á efri hæð hússins, og hringdu dyrabjöllu nokkrum sinnum. Ekki var opnað fyrir þeim, en þeir heyrðu, að karlmaður sagði nokkuð höstuglega: „Þú opnar ekki“. Síðan heyrðu þeir eins og niðurbæld hræðsluhljóð frá kvenmanni.

Aðaldyr íbúðarinnar voru læstar, og leituðu þeir inngöngu á fleiri stöðum. Bakdyr reyndust opnar á jarðhæð. Þegar þeir gengu meðfram suðurhlíð hússins, heyrðu þeir barnsgrát og niðurbælda kveinstafi frá kvenmanni. Fóru þeir inn um ádurnefndar bakdyr og upp á efri hæð hússins. Í svefnherbergi inn af stofu lá kvenmaður á rúmi, mikið blóðug í andliti og hnakka. Lá karlmaður hálfpartinn ofan á henni og hélt um háls hennar og herðar. Maður þessi var Grétar Sigurður Árnas. Tóku þeir hann ofan af konunni. Kvað hann konu þessa, sem heitir Sjöfn Aðalsteinsdóttir, vera sambýliskonu sína og að þeim hefði sinnast.

Bæði voru þau nokkuð ölvuð, konan þó öllu meira og einnig miður sín, en maðurinn virtist vera rólegur.

Grétar Sigurður neitaði að koma á lögreglustöðina, en var fluttur þangað og settur í fangahús.

Sjöfn hafði skurð aftan á hnacka um 3 cm langan, sem hún sagði vera af völdum Grétars Sigurðar. Einnig sagði hún hann hafa gert tilraun til að kyrkja sig í rúminu, rétt áður en lögreglumennina bar að garði.

Í rúminu var nokkuð stór blóðpollur. Blóðslettur voru einnig upp um alla veggi stofunnar og anddyris. Glerbrot um allt gólf stofunnar, einnig vindlingaaska. Húsgögn voru færð úr stað. Á gólfi stofunnar lá einnig kjóll eða svunta, og var búið að rífa nokkuð af kjólnum í um 5 cm breiðar ræmur. Einnig lá þar tóm áfengisflaska.

Þriðjudaginn 3. ágúst 1982 kvaðst nafngreindur maður hafa verið á leið frá Reykjavík til Hafnar í Hornafirði á bifreið sinni. Um kl. 22.30 var hann staddur á hæð skammt austan við Hof, þaðan sem sér vel út yfir Örfæin. Þar tók hann eftir kyrrstæðri bifreið utan vegar með merki F.Í.B. Hann kveðst hafa ekið fram hjá bifreiðinni og nokkru síðar tekið eftir, að henni var ekið á eftir sér með ljósum, enda hafi verið tekið að skyggja. Hann hafi ekið nokkurn tíma en svo hægt á til að hleypa bifreiðinni fram úr. Ók hann út á vegarbrún skammt vestan við Fjallsá og hleypti bifreiðinni fram hjá. Bifreiðinni hafi verið ekið fram fyrir bifreið hans og stöðvað þar og sett á öll stefnuljós sem blikkuðu. Þetta hafi verið sama bifreiðin og hann ók fram hjá á hæðinni.

Ókumaður bifreiðarinnar steig út úr bifreiðinni og gerði hann það einnig. Erindi þessa manns hafi ekki verið annað en að ávíta hann fyrir að hafa ekið hratt. Hann hafi sagt sér, að réttast væri að taka af honum ökuskírteinið.

Ekki kvaðst hann hafa þekkt manninn. Samtal þeirra hafi endað með því, að maðurinn hafi bedið sig að aka gætilegar í framtíðinni og hafi hann játað því, enda hafi hann ekki viljað fara að stæla við manninn.

Maðurinn kvaðst daginn eftir hafa aflað sér upplýsinga um, hvaða maður þetta gæti hafa verið, og allar líkur bent til, að þarna hefði verið um að ræða Grétar Sigurð Árnason á Hofi, en þann mann hefði hann ekki séð áður, svo að hann viti til.

### *Niðurstöður.*

Svo sem nú hefur verið rakið, tók ákærði Grétar Sigurður þær systur Marie Luce og Yvette Marie upp í bifreiðina Z-1540 skammt frá Höfn í Hornafirði framangreindan dag og ók þeim að sæluhúsinu á Skeiðarársandi með viðkomu í sæluhúsum á leiðinni, án þess að greiðsla kæmi fyrir. Ákærði var sviptur ökuleyfi ævilangt, en hafði engu að síður ekið bifreiðinni þetta sumar. Hann hafði tekið að sér viðgerðarþjónustu fyrir Félag íslenskra bifreiðaeigenda í kringum verslunarmannahelgina, sett merki félagsins

á bifreiðina og var með þau umrætt sinn. Vitnið Marie Luce kveður ákærða hafa sagt þeim systrum, að hann annaðist gæslu á svæðinu frá Jökulsá á Breiðamerkursandi að Skaftafelli og væri í tengslum við lögreglu og af áritun hennar í gestabók í sæluhúsinu verður helst ráðið, að þær hafi talið, að svo væri. Ákærði segist hins vegar eingöngu hafa sagt stúlkunum, að hann annaðist vegapjónustu á þessu svæði.

Ákærði kom aftur að sæluhúsinu um eða eftir kl. 23.00, og var þá komið myrkur. Sæluhúsið er um 300 metra frá veginum, en hann segist engu að síður hafa séð þar mannaferðir, en það fær vart staðist skv. athugunum rannsóknarlögreglumanna. Fyrir liggur í málinu, að ákærði hafði aldrei verið beðinn að annast eftirlit með sæluhúsinu, og frásögn hans um tilefni komu hans þangað er tortryggileg. Þykir hann enga frambærilega skýringu hafa gefið á því, hvert var erindi hans í sæluhúsið. Ákærði kom þangað með haglabyssu og riffil í bifreiðinni. Hann var ekki eigandi byssnanna, og eru aðrir skráðir eigendur þeirra. Fram er komið, að ákærði hafði verið með byssu í bifreiðinni vegna veida. Telur hann, að hann hafi geymt þær milli framsætanna. Marie Luce kveðst ekki hafa séð byssur í bifreið ákærða á leiðinni að sæluhúsinu fyrr um kvöldið, og liggur ekki ljóst fyrir, hvort byssurnar voru fyrir í bifreið ákærða eða hann tók þær með sér um kvöldið í umrædda ferð.

Þegar ákærði kom í sæluhúsið, kveðst hann hafa fundið þar hasslykt, sem hann telur sig þekkja. Hafi hann af þeim sökum ætlað að handtaka systurnar og fara með þær til lögreglu. Þær hafi neitað þessu og ekki viljað fara og hafi þetta orðið tilefni átakanna. Marie Luce kveður ákærða hafa sagt, að lögreglan á Akureyri hefði beðið hann að handtaka þær, þar sem þær reyktu hass, en þessu neitar ákærði. Af hálfu rannsóknarlögreglunnar var sérstaklega athugað, hvort stúlkurnar hefðu haft fíkniefni eða eiturlyf í fórum sínum. Kom ekkert fram við rannsókn þessa um, að svo hefði verið. Ekkert hefur heldur komið fram við meðferð máls þessa fyrir dómi um, að þessi framburður ákærða hafi við rök að styðjast. Verður því að líta svo á, að þetta sé annað hvort hugarburður ákærða, svo sem fyrri afskipti hans af slíku máli þetta sumar gætu bent til, eða sé fyrirláttur af hans hálfu til að réttlæta árásina á systurnar.

Þegar stúlkurnar vildu ekki koma með ákærða, kveðst hann hafa farið út í bifreiðina, tekið haglabyssuna og sett skot í hana. Það hljóti að vera, að hann hafi spennt hana upp á leiðinni í sæluhúsið. Hann hafi snúið hlaupinu aftur, er hann koma í dyragætt sæluhússins. Skýring ákærða á þessu er sú, að hann hafi ætlað að skjóta úr byssunni fyrir utan húsið til að hræða systurnar til að fá þær til að koma með sér. Marie Luce kveður ákærða hins vegar hafa beint hlaupinu inn í húsið. Þá hafði ákærði og sótt rafmagnsvír út í bifreiðina. Ætlaði hann að eigin sögn að láta aðra

stúlkuna binda hendur hinnar og láta hana sitja í aftursæti bifreiðarinnar á leiðinni til lögreglunnar. Fannst virinn í sæluhúsinu. Marie Luce telur ákærða hafa komið með einhvern þungan hlut, en því neitar hann.

Ákærði kveður Marie Luce hafa ráðist að sér í sæluhúsinu, svo sem að framan er rakið, og hann barið hana með byssuskeftinu 3 högg í höfuðið, svo að hún missti meðvitund. Marie Luce kveðst ekkert viðnám hafa getað veitt og hafi ákærði barið hana með þunga hlutnum og byssuskeftinu, uns hún missti meðvitund.

Lítur dómurinn svo á, að sannað sé samkvæmt framansögðu, að ákærði hafi ráðist að Marie Luce og barið hana með byssuskeftinu án tilefnis. Hafi hann veitt henni áverka þá, er hún hlaut og nánar greinir í læknisvottorðum hér að framan. Þá kannaði ákærði ekkert meidsli Marie Luce, en skildi hana eftir bjargarlausu og lét ekki vita um hana, þótt hann ætti þess kost.

Á meðan á árásinni á Marie Luce stóð, tókst Yvette Marie að komast á brott úr sæluhúsinu. Fundust gleraugu hennar rétt við dyr sæluhússins. Ákærði kveður skot hafa hlaupið úr byssunni í átökunum við Marie Luce, er Yvette Marie fór á brott, en hann viti ekki, hvernig það gerðist. Hefur ákærði jafnvel látið liggja að því í einum framburði, að Marie Luce hafi komið við gikk byssunnar. Hann kveðst ekkert geta sagt um, hvort skotið hafi lent í Yvette Marie. Marie Luce hefur hins vegar algjörlega neitað því, að skot hafi hlaupið úr byssunni í sæluhúsinu.

Ákærði var látinn sýna við sviðsetningu, hvernig hann hefði haldið á byssunni, þegar skotið á að hafa hlaupið úr henni. Sérfróður maður um byssur athugaði þetta með rannsóknarlögreglumönnum, og töldu þeir framburð ákærða um þetta ósennilegan og vart fá staðist. Hefði skot hlaupið úr byssunni og ákærði haldið á henni, eins og hann segir, væru miklar líkur á því, að hann hefði slasast á hendi, sérstaklega fingrum, vegna höggs frá byssunni, en um það var ekki að ræða. Vegna slyshættu var ekki reynt að skjóta úr byssunni með umræddum hætti.

Samkvæmt sérstakri prófun rannsóknarlögreglu og hins sérfróða manns lenti skot það, er Yvette Marie varð fyrir í henni á 30-45 m færi, en sennilegast var hún í 36.6-40 m fjarlægð frá byssunni, er hún varð fyrir skotinu, ef miðað er við dreifingu skotgata eftir högl á aftanverðum líkama hennar, en þau voru 51 að tölu og náðu frá hvirfli alveg niður eftir baki.

Fær framburður ákærða, sem hefur verið breytilegur um þetta, vart staðist, og þykir verða að hafna honum, þegar auk þess liggur fyrir framburður vitnisins Marie Luce um, að skot hafi ekki hlaupið úr byssunni í sæluhúsinu.

Þegar Marie Luce kom til meðvitundar, kveðst hún fyrst hafa heyrt óp í systur sinni, síðan skot, þá annað óp og aftur skot. Því næst heyrði hún, að bifreið var ekið á brott frá sæluhúsinu, en eftir það varð allt hljótt.

Ákærði kveðst hafa farið á eftir Yvette Marie úr sæluhúsinu að leita hennar. Ákærði hafði byssuna meðferðis, en hún var óhlaðin að sögn hans. Fór hann fyrst í kringum sæluhúsið og síðan frá því í átt að veginum, en fann hana ekki. Far eftir skó ákærða fannst lengst í allt að 112 metra fjarlægð frá sæluhúsinu í suðvestur átt, og hefur ákærði viðurkennt, að skófarið sé eftir sig.

Þegar ákærði fann ekki Yvette Marie, fór hann að bifreiðinni og ók niður á þjóðveg til að halda áfram leitinni. Hann hefur enga viðhlítandi skýringu gefið á því, hvers vegna hann var að leita stúlkunnar. Segist hann hafa ætlað að hafa samband við hana til að „sansa þetta til.“ Ákærði kveðst hafa komið auga á Yvette Marie á þjóðveginum í ljósum bifreiðarinnar. Hún hafi fyrst veifað bifreiðinni, en síðan ætlað að hlaupa brott. Hann hafi þá numið staðar og sett skot í byssuna. Hann hafi kallað til stúlkunnar að nema staðar, en hún ekki hlýtt því. Þá hafi hann skotið úr byssunni upp í loftið og sé öruggt, að hann hafi ekki hæft stúlkuna. Hann var í 15-20 metra fjarlægð frá henni, er þetta gerðist.

Á þessum slóðum á veginum fannst tómt skothylki úr haglabyssu. Var það sams konar og þau skothylki, sem ákærði var með, og hafði því verið skotið úr byssu hans samkvæmt rannsókn hjá rannsóknarlögreglu.

Ákærði kveðst síðan hafa ekið aðeins áfram í átt að Yvette Marie. Í þessu kom Sveinbjörn Gardarsson á vettvang á dráttarbifreið með tengivagni. Sveinbjörn kveður Yvette Marie hafa verið blóðuga og hafi hann heyrt frá henni sársauka- og angistaróp. Hún hafi komið að bifreið hans, tekið í hana og beðið hann um hjálp og sagt, að ákærði ætlaði a svipta sig lífi.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa skýrt Sveinbirni ranglega frá því, að Yvette Marie hefði orðið fyrir umferðarslysi. Fyrst segist hann hafa sagt Sveinbirni, að ekið hefði verið á Yvette Marie, en við sampröfun viðurkendi hann að hafa sagt honum, að hann hefði sjálfur ekið á hana. Hann hefur ekki andmælt þeim framburði Sveinbjörns, að hann hafi sagt við Sveinbjörn, að Yvette Marie væri rugluð eftir slysið og gedveik og ekki mark takandi á orðum hennar. Það ákærði Sveinbjörn um að sækja hjálp, hann ætlaði að biða á staðnum á meðan. Tók hann síðan Yvette Marie frá bifreiðinni með valdi. Sveinbjörn tók ákærða trúanlegan, og kveður hann F.Í.B. merkin á bifreiðinni, sem voru fánar og skilti, hafa ráðið þar nokkru um. Hindraði ákærði með þessu, að Yvette Marie fengi hjálp.

Ákærði setti Yvette Marie síðan í farangursgeymslu bifreiðarinnar, að því er virðist strax og Sveinbjörn var farinn á brott. Hún var með meðvitund að sögn ákærða. Honum var ljóst, að hún var særð, en athugaði það ekki nánar. Ákærði hefur enga marktæka skýringu gefið á þessu tiltæki

sínu. Hann hraðaði ferð sinni á brott, en beið ekki eftir, að hjálp bærist eða leitaði hjálpar.

Vitnið Gunnar Auðunn Stefánsson kveðst hafa mætt F.Í.B. bifreið um miðnætti þessa nótt nokkru vestan við Skeiðarárbrú, og fer ekki milli mála, að þar var ákærði á ferð. Bifreið þessari var ekið á mjög mikilli ferð og með blikkandi ökuljósum að sögn Gunnars Auðuns. Bifreiðinni var ekið inn á Skeiðarárbrú með sama hraða og hvarf hún vitninu þar sjónum. Kemur ekki til mála að sögn Gunnars Auðuns, að ökumaður bifreiðarinnar hafi ætlað að stöðva hann svo sem ákærði heldur fram. Ákærði neitar að hafa ekið hratt umrætt sinn. Hann kveðst hafa numið staðar á Skeiðarárbrú og litið í farangursgeymsluna. Hafi hann þá komist að raun um, að Yvette Marie var látin.

Bifreiðin Z-1540 fannst morguninn eftir í nánd við Hafrafell með líki Yvette Marie í farangursgeymslunni, eins og áður greinir, og var farangursgeymslan lokuð. Ákærði hafði haldið á brott frá bifreiðinni og falið sig. Hann fannst að morgni 18. ágúst vopnaður báðum byssunum, og voru þær hlaðnar.

Dánarorsök Yvette Marie er talin samkvæmt krufningarskýrslu skot úr haglabyssu, er lentu á allöngu færi í líkama hennar aftanverðum, en þar var 51 skotgat eftir högl. Meðverkandi að dauða hennar er talin geta verið andnaud vegna innilokunar í farangursgeymslu bifreiðarinnar og lost samkvæmt framburði prófessors Ólafs Bjarnasonar í dómi.

Ákærði hefur ekki viljað viðurkenna að hafa orðið Yvette Marie að bana af ásettu ráði, en hefur látið að því liggja án þess að geta staðhæft það, að hún hafi orðið fyrir skoti úr haglabyssunni, sem hann var með, fyrir slysi í átökunum við Marie Luce, jafnvel að Marie Luce hafi tekið í gikk byssunnar. Þessum framburði ákærða er hafnað, svo sem áður greinir. Yvette Marie varð fyrir skoti í bakið úr haglabyssunni sem ákærði var með, og hefur það samkvæmt framansögðu ekki hafa getað gerst (sic), nema annað hvort á leiðinni frá sæluhúsinu að þjóðveginum eða á þjóðveginum sjálfum, er hann veitti henni eftirför.

Framburður ákærða er um margt tortryggilegur og fær vart staðist um veigamikil atríði. Ákærði er einn til frásagnar um það, er gerðist, frá því hann fór úr sæluhúsinu til að veita Yvette Marie eftirför, uns Sveinbjörn Gardarsson kom á vettvang. Hann hefur viðurkennt að hafa verið vopnaður byssunni og hafa skotið úr henni, er hann kom auga á Yvette Marie. Þegar litið er til þessa og framburðar vitnanna Marie Luce og Sveinbjörns Gardarssonar og annars, er fram hefur komið í máli þessu, telur dómurinn sannað, þótt viðurkenning ákærða á því liggi ekki fyrir, að hann hafi orðið Yvette Marie að bana með þeim hætti að skjóta hana í bakið með haglabyssunni og loka hana síðan inni í farangursgeymslu bifreiðarinnar, þar

sem hún fannst látin, og að reikna verði honum þennan verknad til ásetnings.

Með líkamsrásinni á Marie Luce og með því að skilja hana eftir bjargarlausu og láta ekkert um hana vita hefur ákærði orðið brotlegur gegn 2. mgr. 218. gr. og 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, en við 211. gr. sömu laga með því að svipta Yvette Marie lífi.

Í ákæru er brot ákærða m. a. talið varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga, en framangreind heimfærsla undir 1. mgr. sömu lagagreinar styðst við 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála, enda hefur þetta atriði verið reifað sérstaklega í málflutningi.

Þegar virt er geðrannsókn sú, sem fram fór á ákærða, telst hann sakhæfur.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga 16 ára fangelsi. Til frádráttar refsingunni þykir rétt að komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 19. ágúst 1982 til 28. þ. m.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, kr. 35.000.-, til ríkissjóðs og málsvarnarlaun, kr. 35.000.-, og réttargæsluþóknun, kr. 25.000.-, eða samtals kr. 60.000 til skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Grétar Sigurður Árnason, sæti fangelsi í 16 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald ákærða frá 19. ágúst 1982 til 28. júní 1983.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 35.000.-, og málsvarnarlaun og réttargæsluþóknun til skipaðs verjanda síns Jóns Oddssonar hrl., samtals kr. 60.000.-.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.